- **Lögmál Faradays** er hluti af Maxwells jöfnum: $\oint \mathbf{E} \cdot d\mathbf{s} = -\frac{\partial}{\partial t} \int \mathbf{B} \cdot d\mathbf{a}$
- Einfaldað form lögmálsins er: $e = N \frac{d\varphi}{dt} = \frac{d\lambda}{dt}$
- Við skilgreinum **flúx tengingar** (flux-linkage) $\lambda = N\varphi = N \cdot \Phi(t)$
- Notuð er hefðbundin skilgreining **spans**, $L = N\varphi/i$ (sem mælist í Henry)
- Þannig fæst eftirfarandi **samband milli spans og segulviðnáms**, R

$$L = \frac{\lambda}{i} = \frac{N\Phi}{i} = \frac{N^2\Phi}{Ni} = \frac{N^2 \cdot \Phi}{F}$$

$$F = R \cdot \Phi$$

$$L = \frac{N^2}{R}$$








UNIVERSITY OF ICELAND

Orka, afl og hreyfing í segulrás

- Skoðum segulrás samkvæmt mynd með **línulegum** eða **ólínulegum** kjarna eftir atvikum:
- Ef efnið er **línulegt** gildir eftirfarandi jafna: $B = \mu_r \mu_0 H$ þar sem μ_r er fasti. Þá fæst meðfylgjandi línurit um samband B og H , þ.e. sem **bein lína** í slíku línuriti. Dæmi: loftbil.
- Ef kjarninn er **ólínulegur** er samband B og H samkvæmt annarri mynd þ.e. sveigður ferill með tiltekinni **mettun**.
- Við mettun þarf meiri og meiri sviðsstyrk, H eða m.ö.o sífell meiri segulkraft, Ni , til að ná tiltekinni aukningu segulsviðs, B





B - H línurit



UNIVERSITY OF ICELAND


Orka, afl og hreyfing í segulrás (2)

- 1) Við skilgreinum λ , (flux linkage) fyrir rásina :
($\lambda = N\phi = NBA_c$)
- 2) Samband sviðsstyrks og straums er: $Hl = Ni$ en aðeins í **einsleitri** rás þ.e. td. án loftbils
- Því er unnt að umbreyta fyrri línuritum og í stað $B - H$ línurita má teikna samband λ og i
- Munurinn er sá að $\lambda - i$ línurit lýsir **ytri aðstæðum segulrásarinnar** frá rafkerfinu en $B - H$ línurit lýsir **innri aðstæðum**, þ.e. **efniseiginleikum** kjarnans
- Því getur $\lambda - i$ línurit lýst **samanlögðum ytri eiginleikum** flókinnar segulrásar með ólínulegum og línulegum hlutum, loftbilum o.sv.frv.



$$\lambda = N \cdot \Phi = N \cdot B \cdot A$$

λ - i línurit





$$i = \frac{Hl}{N}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Orka, afl og hreyfing í segulrás (3)

- Samkvæmt **lögmáli Faradays** gildir um strauma og spennur við inntak:
$$e = N \frac{d\phi}{dt} = \frac{d\lambda}{dt}$$
- **Aflið** (p) sem fer inn á segulrásina frá rafkerfinu t.v. á myndinni er
$$p = i \cdot e = i \cdot \frac{d\lambda}{dt}$$
- **Orkan** (ΔW) sem fer inn í segulrásina frá rafkerfinu t.v. á myndinni er
$$\Delta W = \int_{t=t_1}^{t=t_2} e \cdot i dt = \int_{\lambda_1}^{\lambda_2} i d\lambda$$
- Lítum á strauminn, i sem fall af flúxvafningum, λ . Þá verður orkan skyggða flatarmálið á myndinni.
- Ef segulrásin er *línuleg*, er $\lambda = Li$, þar sem L er span og er halli beinnar línu á myndinni.
- Þá er orkan einnig flatarmál skyggða þríhyrningsins, þ.e.



$$\Delta W = \frac{1}{2} \lambda i \quad \text{Orkan fæst einnig með heild: } \Delta W = \int_{\lambda_1}^{\lambda_2} i d\lambda = \int_{\lambda_1}^{\lambda_2} \frac{\lambda}{L} d\lambda = \frac{1}{2L} \lambda^2$$



Orka, afl og hreyfing í segulrás (4)

- Aðrar formúlur fyrir orkuna eru:
- ...þar sem $\lambda = Li$
- Þetta leiðir til eftirfarandi jöfnu um orku í **línulegri** segulrás með spani L og straumi i


$$W = \frac{1}{2L} \lambda^2 = \frac{1}{2} Li^2$$

$$W = \frac{1}{2} Li^2$$

- Athugum nú tilfelli ef segulrásin hefur **línulegt loftbil** en kjarninn er **ólínulegur**, sbr. meðfylgjandi mynd
- Þá fæst eftirfarandi jafna með Ampereslögmáli

$$Ni = H_c l_c + H_g g$$

$$i = \frac{1}{N} \left(\frac{B_c}{\mu(B_c)} l_c + \frac{B_g}{\mu_0} g \right)$$





Orka, afl og hreyfing í segulrás (5)


- ...þar sem μ er fall af B_c í ólínulegum kjarna.
- Nú er $\phi = A_g B_g = A_c B_c = AB$ þ.e. sama segulsvið er í loftbili og kjarna. Þannig fæst jafnan
- ...þar sem μ er líka fall af $\phi = B_c A_c$ í ólínulegum kjarna
- Þá fæst að lokum ólínulegt samband milli λ og i þegar kjarni er ólínulegur en loftbilið línulegt (þar sem μ er líka fall af $\lambda = N\phi$)
- Við fáum því λ sem fall af i og öfugt
- Það fer eftir stærð loftbilsins hvort við fáum línulega eða ólínulegan feril sbr. mynd fyrir mismunandi stór loftbil.
- Neðst á myndinni ræður línulegi hlutinn (loftbilið)
- Efst á myndinni ræður ólínulegi hlutinn (kjarninn)

$$i = \frac{1}{N} \left(\frac{B_c}{\mu(B_c)} l_c + \frac{B_g}{\mu_0} g \right)$$

$$i = \frac{\phi}{AN} \left(\frac{1}{\mu(\phi)} l_c + \frac{1}{\mu_0} g \right)$$

$$i = \lambda \left(\frac{1}{\mu(\lambda)} l_c + \frac{1}{\mu_0} g \right) \frac{1}{AN^2}$$

$$i = f(\lambda) \quad \lambda = f^{-1}(i)$$





Orka, afl og hreyfing í segulrás (6)

- Við fáum einnig breytileika ef spanið er breytilegt í tíma, þ. e. ef **segulrásin er hreyfanleg!!**
- Samkvæmt **lögmáli Faradays** gildir ef notuð er skilgreining á hugtakinu **span** fyrir **línulega** segulrás:
- Í breytilegum segulrásum (t.d. rafmagnsvélum) er spanið (L) breytilegt með tíma (t)!!
- Ef það er breytilegt í rúmi þ.e. háð einhverri stöðu, x sem hreyfist og hreyfingin er með hraðanum $v=dx/dt$ fæst:
- \Rightarrow **Við getum myndað spennu, e með því að hreyfa hluta segulrásar \Rightarrow það fæst rafmagnsvél!**

$$e = N \frac{d\varphi}{dt} = \frac{d\lambda}{dt} = \frac{d(Li)}{dt}$$

$$\lambda = Li \longrightarrow e = \frac{d(Li)}{dt} = L \frac{di}{dt} + i \frac{dL}{dt}$$

$$e = L \frac{di}{dt} + i \frac{dL}{dx} \frac{dx}{dt}$$

$$e = L \frac{di}{dt} + iv \frac{dL}{dx}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Gagnkvæmt span í segulrás (1)

- Skoðum að lokum dæmi um segulrás með **2 raforkuinntökum, þ.e. segulkröftum** og loftbili samkvæmt mynd:

- Við getum nú fundið **sjálfspan** og **gagnkvæmt span** milli inntakanna í þessari rás. Heildarsegulkraftur verður:

$$F = N_1 i_1 + N_2 i_2$$

- Ef kjarninn leiðir vel flúx, er unnt að skrifa jöfnu fyrir **flúxinn**:

$$\phi = \frac{F}{R} = (N_1 i_1 + N_2 i_2) \frac{\mu_0 A_c}{g}$$

- Jafna fyrir **flúxvafningana** verður:

$$\lambda_1 = N_1 \phi = N_1^2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right) i_1 + N_1 N_2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right) i_2$$


- Skv skilgreiningu má einnig skrifa

$$\lambda_1 = L_{11} i_1 + L_{12} i_2$$

- Það leiðir til að eftirfarandi jöfnur gilda um **sjálfspan** og **gagnkvæmt span** í ofangreindri segulrás

$$L_{11} = N_1^2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right)$$

$$L_{12} = N_1 N_2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right)$$





Gagnkvæmt span í segulrás (2)

- Síðustu jöfnur er unnt að umskrifa með tilliti segulviðnáms. Fyrri jafna er þekkt.
- Seinni jafnan tengir saman hugtökin:
- **Gagnkvæmt span** (L_{12}) og
- **Gagnkvæmt segulviðnám** (R_{12})

$$L_{11} = N_1^2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right) \quad L_{12} = N_1 N_2 \left(\frac{\mu_0 A_c}{g} \right)$$

$$L_{11} = \frac{N_1^2}{R_1}$$

$$L_{12} = \frac{N_1 N_2}{R_{12}}$$

$$R_1 = R_{12} = \frac{g}{\mu_0 A_c}$$



Samantekt

UNIVERSITY OF ICELAND

- Höfum skoðað orku og afl í einfaldri kyrrstæðri segulrás (með einu raforkuinntaki)
- Unnt að útvíkka með því að athuga hvað gerist ef hluti rásarinnar er hreyfanlegur
- Unnt að útvíkka ef á rásinni eru mörg inntök fyrir raforku (og e.t.v. líka fleiri en einn hreyfanlegur hluti)
- Skoðum þessi atriði í næsta kafla um kraftverkun í segulrásum



Seguleiginleikar járnsegulmagnaðra efna


Magnetic properties of ferromagnetic materials.



UNIVERSITY OF ICELAND

Seguleiginleikar járn- segulmagnaðra efna

- Halli B-H ferilsins markast af segulleiðni μ
- Hátt μ þýðir lágt R
- Segulferillinn ($B - H$) skiptist í svæði með lágu og háu segulviðnámi R
- Við hátt R kemur fram mettun efnisins



Hátt μ en lágt R


Mettun við lágt μ en hátt R



UNIVERSITY OF ICELAND

Seguleiginleikar járn- segulmagnaðra efna

- Mettunarferillinn er ekki afturvirkur!
- Það myndast tiltekinn munur þar sem minnkandi áreiti (segulkraftur, H) gefur ekki sama segulsvið og vaxandi segulkraftur, H
- Það myndast s.k. **Segulheldniferill** (Hysteresu-ferill) efnisins, sem er hringferill í B-H línuriti
- Myndin sýnir um $\frac{1}{4}$ hluta slíks ferils, 1 fjórðung B-H línurits






UNIVERSITY OF ICELAND

Segulleifar og afseglunarsvið

- **Segulleifar** (remanence) skilgreinist sem það segulsvið, sem eftir situr þegar segulkraftur hefur verið fjarlægður af segulrásinni
- **Afseglunarsvið** (coercivity) skilgreinist sem sá segulkraftur (í “öfuga” stefnu) sem þarf til að minnka segulsviðið aftur niður í núll






UNIVERSITY OF ICELAND

Segulheldniferill (Hysteresu lykkja)


- Myndin t.h. sýnir segulheldni (hysteresu) feril tiltekings efnis við riðstraumsáreiti (t.v.)
- Tiltekin orkutöp verða í hvert skipti sem farið er í gegnum segulheldniferilinn (hysteresu-hringferilinn)
- Þessi orkutöp eru í hlutfalli við flatarmál innan hysteresu-hringferilsins á B-H línuriti, (eins og farið verður yfir á næstu skyggnum)





Segulheldni (Hysteresis)

- Áhrif hvirfilstrauma á segulheldniferil
- Hvirfilstraumarnir myndast við hraðar hreyfingar og valda stækkun segulheldniferilsins (Dynamic loop)
- Hvirfilstraumarnir reyna að vinna á móti flúxinum (skv Lenz lögmáli) sem varð til án þeirra. Þess vegna þarf meiri straum (og H vektor) og punktur a færist í a'







UNIVERSITY OF ICELAND

Orkutöp vegna Hysteresuferla

- Efri myndin sýnir hysteresuferil tiltekens efnis
- Eins og áður segir, verða tiltekin orkutöp í hvert skipti sem farið er í gegnum Hysteresu-hringferilinn
- Þessi orkutöp eru í hlutfalli við flatarmál innan hysteresu-hringferilsins á $B-H$ línuriti.
- Þessi orkutöp eru einnig háð því hvert mesta segulsviðið er sem áreitið (segulkrafturinn) veldur í efninu sbr neðri myndina.







UNIVERSITY OF ICELAND

Orka í Hysteresuferli

- Skoðum einfalda einsleita segulrás á mynd. Tiltekið afl ($e \cdot i$) og orka streymir inn í segulkerfið frá vinstri.
- Tiltekin orkutöp verða í hvert skipti sem farið er í gegnum Hysteresu-hringferilinn



$$p = e(t) \cdot i(t)$$

$$W = \int_{t=t_1}^{t=t_2} e(t) \cdot i(t) dt \quad e = N \frac{d\Phi}{dt}$$

$$W = \int_{t=t_1}^{t=t_2} N \frac{d\Phi}{dt} i dt = \int_{\Phi_1}^{\Phi_2} N i d\Phi$$

- Nú er $\Phi = BA$ og $iN = Hl$ og því fæst:
- $lA = V_{kjarni}$ er rúmmál kjarnans, $P_h =$ afltöp, W_h er orka í hverri sveiflu

$$W = \int_{B_1}^{B_2} N \frac{Hl}{N} A \cdot dB = lA \int_{B_1}^{B_2} H \cdot dB$$


$$P_h = V_{kjarni} \cdot W_h \cdot f$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Orkutöp í segulkjarna

- Segulheldnitöp (hysteresis P_h losses)
- Hvirfilstraumatöp (eddy current losses)
- Minni kjarnatöp með P_e
 - Samsettum kjarna úr plötum (laminations með einangrandi efni á milli platna)
 - Háu viðnámi með viðbættum kísli (Si)



Hvirfilstraumar í (a) heilum kjarna og (b) kjarna með segulplötum (laminations)

$$P_{kjarni} = P_h + P_e$$

$$P_e = K_e B_{\max}^2 \cdot f^2$$

$$P_h = V_{kjarni} \cdot W_h \cdot f$$



Áreiti á segulkerfi með riðstraumi


AC excitation


(Byggt á kafla 1.4 í kennslubók)



UNIVERSITY OF ICELAND

Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

- Við skoðum segulrás með lengd ferils innan kjarna l_c og þverskurðarflatarmáli, A_c samkvæmt mynd:
- Við gerum ráð fyrir að segulflæðið, ϕ , breytist með tíma samkvæmt sínuslöguðu tímafalli
- Úr Faradays-lögmáli fæst síðan næsta jafna:
- Hér fæst eftirfarandi jafna fyrir E_{\max} 



$$\phi(t) = \phi_{\max} \sin \omega t = A_c B_{\max} \sin(2\pi ft)$$

$$e(t) = \omega N \phi_{\max} \cos(\omega t) = E_{\max} \cos(2\pi ft)$$

$$E_{\max} = \omega N \phi_{\max} = 2\pi f N A_c B_{\max}$$



Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

- Við höfum hins vegar mestan áhuga á RMS gildum af þessum stærðum í stað max eða toppgilda, eins og í jöfnunni til hliðar:

$$E_{\max} = \omega N \phi_{\max} = 2\pi f N A_c B_{\max}$$

- RMS gildi tiltekinnar breytu, F , eins og er alþekkt, er skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$F_{RMS} = \sqrt{\left(\frac{1}{T} \int_0^T f^2(t) dt \right)}$$

- Ef breytan er sínuslöguð sveifla, er unnt að sýna fram á að RMS gildið er jafnt toppgildinu deilt með $\sqrt{2}$. Þá fæst jafnan:


$$E_{RMS} = \frac{2\pi}{\sqrt{2}} f N A_c B_{\max} = \sqrt{2} \pi f N A_c B_{\max}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

- Til að búa til segulflæðið (flúx) þarf einhvern *segulmögnunarstraum* í vafningana á myndinni að framan.
- Myndin hér til hliðar sýnir þennan straum og 2 punkta á ferlinum sem myndar strauminn.
- Segulheldniferillinn (hysteresis) til hægri á myndinni gerir það að verkum að straumurinn verður bjagaður með verulegum yfirtönnum og fær topp eins og myndin sýnir.
- Segulheldniferillinn er verulega ólínulegur og er teiknaður hér með stærðunum *flúx* og *straumur* í stað B og H sviðs
- RMS gildi straumsins tengist RMS gildi H með jöfnunni:



$$\longrightarrow I_{\phi, RMS} = \frac{l_c H_{c, RMS}}{N}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

- Segulmögnun tiltekins járnsegulmagnaðs efnis í kjarna er lýst með RMS gildi á sýndaraflinu (VoltAmper, VA) í stað sviðsins B eða H.
- Úr 2 fyrri jöfnum (sjá efst) fæst eftirfarandi jafna
- Með einföldun fæst...
-þar sem síðasti sviginn tákna rúmmál kjarnans.
- RMS segulmögnunin, P_a , á hverja massaeiningu verður þá:

$$I_{\phi, RMS} = \frac{l_c H_{c, RMS}}{N}$$

$$E_{RMS} = \sqrt{2\pi f N A_c B_{max}}$$

$$I_{\phi, RMS} \cdot E_{RMS} = \frac{l_c H_{c, RMS}}{N} \cdot \sqrt{2\pi f N A_c B_{max}}$$

$$I_{\phi, RMS} \cdot E_{RMS} = \sqrt{2\pi f} \cdot B_{max} H_{c, RMS} (A_c l_c)$$

$$P_a = \frac{I_{\phi, RMS} \cdot E_{RMS}}{\text{massi}} = \frac{\sqrt{2\pi f} \cdot B_{max} H_{c, RMS}}{\rho_c}$$



Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

- Við sjáum að P_a er einungis háð efnisföstum, þ.e. eðlisþyngdinni og H_{rms} og B_{max} .
- Hluti að sýndaraflinu eyðist sem raunaflstöp í kjarnanum en mestur hlut sveiflast fram og aftur (launafl).
- Töpin eru:
 - Hvirfilstraumatöp
 - Segulheldnitöp
- Myndin á næstu skyggnu sýnir dæmi um segulmögnunarþörf í VA/kg miðað við tiltekið segulsvið, B_{max}


$$P_a = \frac{I_{\phi,RMS} \cdot E_{RMS}}{\text{massi}} = \frac{\sqrt{2}\pi f \cdot B_{max} H_{c,RMS}}{\rho_c}$$



Exciting rms voltamperes per kilogram at 60 Hz for M-5 grain-oriented electrical steel 0.012 in thick. (*Armco Inc.*)

UNIVERSITY OF ICELAND

Figure 1.12






Síseglar

Permanent magnets.

Síseglar er “klumpar” af
járnsegulmögnuðu efni með
segulleifum!






UNIVERSITY OF ICELAND

Magnetization curves for common permanent-magnet materials. Figure 1.19

Afseglunarsvið
(Coercitivity) en
ekki **segulleif**
(Remanence)
ræður mestu um
hegðun sísegla
með loftbili





Magnetization curves for common permanent-magnet materials.

UNIVERSITY OF ICELAND

Figure 1.19

Alnico 5 og 8


eru málmblöndur úr járni Nickel, Áli og Cobalt, í notkun frá 1931

Ferrite efni eru úr járnnoxíði með baríum, strontíum ofl. Dæmi:

Ceramic 7

Samaríum Cobalt er nýrra frá um 1960

Nýjasta efnið er Neodymium-járnboron







UNIVERSITY OF ICELAND

Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls

- E.t.v. er einnig **segulkraftur** eða áreiti frá vafningum/spólu (Ekki sýnt á mynd)
- Bæði **segulleifar** (remanence) og **afseglunarsvið** (coercivity) eru í, **síseglinum** þ.e. efninu á krossstrikaða svæðinu. Hann hefur **segulheldniferil** (hysteresu) eins og sést hér að neðan






UNIVERSITY OF ICELAND

Sísegull og B-H ferill

- “**Mjúka**” járnsegulmagnaða efni kjarnans afsegulmagnast við hverja sveiflu á straumnum í spólunni, (Ni, H)
- “**Harða**” járníð, þ.e. **sísegullinn** heldur sínum segulleifum, B_r , eftir að áreitið, H , hefur verið fjarlægt. (sbr. neðri mynd)
- Við áreiti í öfuga stefnu, þ.e. $H = -H_1$ er harða efnið í punktinum b á mynd.
- Við getum einnig skoðað í leiðinni hvað gerist við minni segulheldniferla (hringferla) eins og sést á ferli $b-c$ á myndinni. Vinnuferlið við endurtekið áreiti frá núlli til, $-H_1$ verður lokaði ferillinn milli $b-c$ á myndinni







UNIVERSITY OF ICELAND

Sísegull og B-H ferill(2)

- Nú er áreitið H frá spólunni fjarlægt og einnig sett inn í segulrásina **loftbil** með breidd, g
- Þá kemur í ljós að það myndast **skurðlína (vinnulína)** í B-H línuriti (**shear line, load line**) þ.e. lína 0-b á neðri myndinni. (Þetta er sýnt betur á næstu skyggnu) Hún er í 2. fjórðungi B-H línurits eins og sést á myndinni.
- Vinnupunktur sísegulsins með loftbilinu er bundinn við þessa línu og skurðpunktinn við ferilinn
- Við getum nú leitt út jöfnu sem lýsir þessari vinnulínu (Sbr næstu skyggnu)**





UNIVERSITY OF ICELAND

Hvaða stærðir ráða vinnulínu síseguls

- Stillum upp Ampers-lögmáli fyrir hringferil innan kjarnans
- Enginn segulkraftur verkar á segulrásina, þar sem engin spóla með rafstraumi er nú til staðar
- Gerum ráð fyrir að segulleiðnin sé $\mu \rightarrow \infty$ nema í loftbili og járnsegulmagnaða hlutanum (síseglinum)
- Þá fæst:

$$F = 0 = H_g \cdot g + H_m \cdot l_m \quad \Rightarrow \quad H_g = -\frac{l_m}{g} \cdot H_m$$

- Við gerum ráð fyrir að segulflæðið sé alls staðar eins

$$\Phi = A_g B_g = A_m B_m \quad \Rightarrow \quad B_g = \frac{A_m}{A_g} \cdot B_m$$


- Hér er stillt upp jöfnunni :

$$B_g = \mu_0 \cdot H_g$$

- ...og sett inn í hana...

$$\frac{A_m}{A_g} \cdot B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot H_m \quad \Rightarrow$$

$$B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot \frac{A_g}{A_m} \cdot H_m$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Dæmi úr FKU: Efnisval járnsegulmagnaðra efna í sísegla

$$B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot \frac{A_g}{A_m} \cdot H_m$$

- Ofangreind jafna táknar þessa vinnulínu. Míkus merkið sýnir að hún liggur í 2. (og 4.) fjórðungi B-H línurits. (Brotin lína á mynd)
- Í ljós kemur að **afseglunarsvið** (Coercitivity) en ekki **segulleif** (Remanence) ræður oft mestu um hegðun sísegla með loftbili
- Alnico 5 og M-5 stál (sjá myndir) eru dæmi um efni með sömu **segulleif** (remanence) en mjög mismunandi **afseglunarsvið** (coercitivity) sbr myndir t.h.
- Munurinn á afseglunarsviði er tíuþúsundfalldur á myndum!



Second quadrant of hysteresis loop for Alnico 5

Second quadrant of hysteresis loop for M-5 electrical steel



Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls

UNIVERSITY OF ICELAND



- Athugum dæmi 1.9 bls 32 í FKU
- Gerum ráð fyrir sama flatarmáli, þ.e. $A_m = A_g$
- Gerum t.d. ráð fyrir að sísegullinn sé 5 fallt breiðari en loftbilið, þ.e.

$$\frac{l_m}{g} = 5$$

- Þá fæst:
$$B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot \frac{A_g}{A_m} \cdot H_m$$

$$= -4\pi \cdot 10^{-7} \cdot 5 H_m = -6.28 \cdot 10^{-6} H_m$$

- Þetta er jafna fyrir brotnu vinnulínuna samkvæmt myndinni hér að neðan.
- Skurðpunkturinn milli hennar og heildregnu línunnar sýnir að segulsviðið í vinnupunkti er u.þ.b. $B_g = B_m = 0,3 \text{ T}$.
- Við getum nú hannað sísegul þannig að hann gefi tiltekið segulsvið í loftbilinu með lágmarks rúmmáli efnis. (sbr. næstu skyggnu)**





Hönnun síseguls

- Við hönnum sísegul með tilteknu segulsviði í loftbilinu, B_g með jöfnu þar sem við þurfum tiltekið rúmmál segulsins, V_m , til að ná tilteknu sviði, B_g . Við byrjum með jöfnuna:

$$B_g = \mu_0 \cdot H_g$$

- Jafnan $H_g = -\frac{l_m}{g} \cdot H_m$ gefur:

$$B_g = -\mu_0 \cdot \frac{l_m}{g} \cdot H_m$$

- Þar sem $B_g = \frac{A_m}{A_g} \cdot B_m$ fæst með því að skrifa B^2

$$B_g^2 = \left(\frac{A_m}{A_g} B_m \right) \cdot \left(-\frac{\mu_0 H_m l_m}{g} \right)$$

- $V_g = g A_g$ er rúmmál loftbilsins
- $V_m = l_m a_m$ er rúmmál sísegulsins.

$$B_g^2 = \mu_0 \cdot \frac{l_m A_m}{g \cdot A_g} \cdot (-H_m B_m)$$

- $H_m B_m$ er kallað **orkumargfeldi sísegulsins** og við fáum að lokum innrömmuðu jöfnuna t.h. Þar kemur orkumargfeldið fyrir í nefnara. Hún sýnir að með gefnu segulsviði í loftbili og föstu rúmmáli þess, V_g fæst lágmarksrúmmál síseguls, V_m , með **hæsta orkumargfeldinu**. Jafngildisferlar orkumargfeldisins eru sýndir á mynd á næstu skyggnu hér á eftir

$$B_g^2 = \mu_0 \frac{V_m}{V_g} \cdot (-H_m B_m)$$


$$V_m = \frac{V_g B_g^2}{\mu_0 (-H_m B_m)}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Hönnun síseguls (2)

- **Jafngildisferlar** orkumargfeldisins eru sýndir á mynd t.h. Við sjáum að við fáum hæsta orkumargfeldið í punkti sem er snertill milli B-H ferilsins og jafngildisferlanna. (“point of maximum energy product”)
- Að lokum er hér á eftir sýnd skyggna um öra þróun segulefna undanfarna áratugi





Heimildir - tilvísanir

- “Electric Machinery”; eftir Fitzgerald, Kingsley & Umans; 6. útgáfa: McGraw-Hill, 2003.
- “Principles of Electric Machines and Power Electronics”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “Electric Machines“ 2nd ed, M.S. Sarma, West Publishing Co. 1994



RAF601G - Rafmagnsvélar 1, segulrásir nr. 3

Egill Benedikt Hreinsson
University of Iceland/Háskóli Íslands
Deptm. of Electrical and Computer Engineering
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið

18. janúar 2011

Efnisyfirlit

1	Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu	1
2	Síseglar(Permanent magnets)	7
2.1	Líkan og vinnulína síseguls	10
2.2	Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls?	15

Home Page

Title Page

Contents



Page 1 of 29

Go Back

Full Screen

Close

Quit



2.3 Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls?	17
2.4 Hönnun síseguls	25

3 Heimildir **29**

1. Áreiti í formi segulflæðis, straums og spennu

Við skoðum segulrás með lengd ferils innan kjarnans l_c og þverskurðarflatarmáli, A_c samkvæmt mynd 1 á skyggnu 2

Við gerum ráð fyrir að segulflæðið, ϕ , breytist með tíma samkvæmt sínuslöguðu tímafalli:

$$\phi(t) = \phi_{\max} \sin \omega t = A_c B_{\max} \sin(2\pi f t)$$

Úr Faradays-lögmáli fæst síðan næsta jafna:

$$e(t) = \omega N \phi_{\max} \cos(\omega t) = E_{\max} \cos(2\pi f t)$$

Hér fæst eftirfarandi jafna fyrir E_{\max}

$$E_{\max} = \omega N \phi_{\max} = 2\pi f N A_c B_{\max}$$

Home Page

Title Page

Contents

◀ ▶

◀ ▶


Page 2 of 29

Go Back

Full Screen

Close

Quit



Mynd 1: Segulkjarni



Við höfum hins vegar mestan áhuga á RMS gildum af þessum stærðum í stað „max“ eða toppgilda, eins og í jöfnunni:

$$E_{\max} = \omega N \phi_{\max} = 2\pi f N A_c B_{\max}$$

RMS gildi tiltekinnar breytu, F , sem hefur tímafallið $f(t)$ eins og er alþekkt, er skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$F_{RMS} = \sqrt{\left(\frac{1}{T} \int_0^T f^2(t) dt\right)}$$

Ef breytan er sínuslöguð sveifla, er unnt að sýna fram á að RMS gildið er jafnt toppgildinu deilt með $\sqrt{2}$. Þá fæst eftirfarandi jafna:

$$E_{RMS} = \frac{2\pi}{\sqrt{2}} f N A_c B_{\max} = \sqrt{2}\pi f N A_c B_{\max}$$

Til að búa til segulflæðið (flúx) þarf einhvern *segulmögnunarstraum* í vafningana á mynd 1.

Mynd 2 á skyggnu 5 sýnir þennan straum og 2 punkta á ferlinum sem myndar strauminn.

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)

◀ ▶

◀ ▶


Page 4 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 2: Sveiflur í segulkjarna



Segulheldniferillinn (hysteresis) til hægri á mynd 2 gerir það að verkum að straumurinn verður bjagaður með verulegum yfirtónum og fær topp eins og myndin sýnir.

Segulheldniferillinn er verulega ólínulegur og er teiknaður hér með stærðunum *flúx* og *straumur* í stað *B* og *H* sviðs.

RMS gildi straumsins tengist RMS gildi *H* með jöfnu (1):

$$I_{\phi,RMS} = \frac{l_c H_{c,RMS}}{N} \quad (1)$$

Segulmögnun tiltekins járnsegulmagnaðs efnis í kjarna er lýst með RMS gildi á sýndaraflinu (VoltAmper, VA) í stað sviðsins *B* eða *H*.

$$I_{\phi,RMS} = \frac{l_c H_{c,RMS}}{N}$$

$$E_{RMS} = \sqrt{2\pi f N A_c B_{\max}}$$

Þessar 2 jöfnur gefa:

$$I_{\phi,RMS} \cdot E_{RMS} = \frac{l_c H_{c,RMS}}{N} \cdot \sqrt{2\pi f N A_c B_{\max}}$$

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)



Page 6 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)

[Home Page](#)[Title Page](#)[Contents](#)[Page 7 of 29](#)[Go Back](#)[Full Screen](#)[Close](#)[Quit](#)

Með einföldun fæst...

$$I_{\phi,RMS} \cdot E_{RMS} = \sqrt{2}\pi f \cdot B_{\max} H_{c,RMS}(A_c l_c)$$

.....þar sem síðasti sviginn táknar rúmmál kjarnans.

RMS segulmögnunin, P_a , á hverja massaeiningu verður þá:

$$P_a = \frac{I_{\phi,RMS} \cdot E_{RMS}}{\text{massi}} = \frac{\sqrt{2}\pi f \cdot B_{\max} H_{c,RMS}}{\rho_c}$$


Við sjáum að P_a er einungis háð efnisföstum, þ.e. eðlisþyngdinni og H_{rms} og B_{max} .

Hluti að sýndaraflinu eyðist sem raunafstöp í kjarnanum en mestur hlut sveiflast fram og aftur (launafli).

$$P_a = \frac{I_{\phi,RMS} \cdot E_{RMS}}{\text{massi}} = \frac{\sqrt{2}\pi f \cdot B_{\max} H_{c,RMS}}{\rho_c}$$

Töpin eru: (a) Hvirfilstraumatöp og (b) Segulheldnitöp

Mynd 3 á skyggnu 8 sýnir dæmi um segulmögnunarþörf í VA/kg miðað við tiltekið segulsvið, B_{max}



Mynd 3: Exciting rms voltamperes per kilogram at 60 Hz for M-5 grain-oriented electrical steel 0.012 in thick. (Armco Inc.) **Afseglunarsvið** (Coercitivity) en ekki **segulleif** (Remanence) ræður mestu um hegðun sísegla með loftbili

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)



Page 8 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



2. Síseglar (Permanent magnets)

Síseglar er „klumpar“ af járnsegulmögnum efni með segulleifum! Afseglunarsvið en ekki segulleif (Remanence) ræður mestu um hegðun sísegla með loftbili. Mynd 4 sýnir afseglunarsvið og segulleifar.

- Alnico 5 og 8 eru málmblöndur úr járni Nickel, Áli og Cobalt, í notkun frá 1931. (Mynd 4)
- Ferrite efni eru úr járnoxíði með baríum, strontíum ofl. Dæmi: Ceramic 7. (Mynd 4)
- Samaríum Cobalt er nýrra frá um 1960. (Mynd 4)
- Nýjasta efnið er Neodymium-járn-boron. (Mynd 4)

2.1. Líkan og vinnulína síseguls

- Segulheldniferillinn, með 4 fjórðungum, (hysteresis) er sýndur á mynd 6
- Við getum skrifað vinnulínu sísegulsins með línulegu nálguninni í 2. fjórðungi
- Athugum að H er neikæð stærð í jöfnunni, þar sem vinnusvæðið er í 2. fjórðungi ($B \geq 0$)

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)

◀ ▶

◀ ▶


Page 9 of 29

[Go Back](#)


[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 4: Magnetization curves for common permanent-magnet materials




Mynd 5: A symbol for a permanent magnet

- Jafnan er u.þ.b. línuleg í 2. fjórðungi sbr. fyrri skyggjur.
- B_r er nefnd **segulleifar** „remanence”

Við getum skrifað vinnulínu sísegulsins með línulegu nálguninni í 2. fjórðungi með jöfnu (2)

$$B = B_r + \mu_r \mu_0 H \quad (2)$$



Mynd 6: Líkan og vinnulína síseguls

[Home Page](#)[Title Page](#)[Contents](#)[Page 13 of 29](#)[Go Back](#)[Full Screen](#)[Close](#)[Quit](#)

Við margföldum fyrri jöfnu með flatarmáli sísegulsins, A_m og þá fæst:

$$B = B_r + \mu_r \mu_0 H \quad (3)$$

$$\phi = BA_m = B_r A_m + \mu_r \mu_0 A_m H \quad (4)$$

$$\phi = \phi_r + P_m F_m \quad (5)$$

Hér er P_m segulleiðni (permeance) fyrir sísegulinn ϕ_r er föst flæðislind:

$$\phi_r = B_r A_m \quad (6)$$

$$P_m = \frac{\mu_r \mu_0 A_m}{l_m} \quad (7)$$

Við fáum eftirfarandi segulrásarlíkan fyrir sísegulinn:

$$\phi = \phi_r + P_m F_m \quad (8)$$

Þessi jafna leiðir af sér mynd [7](#)



[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)

[◀](#) [▶](#)

[◀](#) [▶](#)


Page 14 of 29

[Go Back](#)


[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 7: Segulr sarlikan fyrir s segul




Mynd 8: Segulrásarlíkan fyrir sísegul

2.2. Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls?


Við setjum nú sísegulinn inn í segulrás með járnsegulmögnum leiðara fyrir flúx og með loftbili, sbr. mynd 8

E.t.v. er einnig **segulkraftur** eða **áreiti** frá vafningum/spólu



Mynd 9: Stærðir fyrir sísegul

Bæði **segulleifar** (remanence) og **afseglunarsvið** (coercivity) eru í, **síseglinum** þ.e. efninu á krossstrikaða sæðinu. Hann hefur **segulheldniferil** (hysteresu) eins og sést á mynd 9:




Mynd 10: Mjúkt og hart efni í kjarna

2.3. Hvaða stærðir ráða hegðun síseguls?

„Mjúka” járnsegulmagnaða efni kjarnans á mynd 10 afsegulmagnast við hverja sveiflu á straumnum í spólunni, (Ni , H).

„Harða” járníð, þ.e. sísegullinn heldur sínum segulleifum, B_r , eftir að áreitið, H ,




Mynd 11: Segulheldniferill

hefur verið fjarlæggt. Sbr mynd

Við áreiti í öfuga stefnu, þ.e. $H = H_1$ er harða efnið í punktinum b á mynd 11.

Við getum einnig skoðað í leiðinni hvað gerist við minni segulheldniferla (hringferla) eins og sést á ferli b-c á myndinni. Vinnuferlið við endurtekið áreiti frá núlli til H_1 verður lokaði ferillinn milli b-c á myndinni.



Mynd 12: Vinnulína

Nú er áreitið H frá spólunni fjarlæggt og einnig sett inn í segulrásina **loftbil** með breidd, g

Þá kemur í ljós að það myndast skurðlína í B-H línuriti (**shear line, load line**) þ.e. lína 0-b á neðri mynd. (Þetta er sýnt betur á næstu skyggnu) Hún er í 2. fjórðungi B-H línurits eins og sést á myndinni.



Vinnupunktur sísegulsins með loftbilinu er bundinn við þessa línu og skurðpunktinn við ferilinn.

Við getum nú leitt út jöfnu sem lýsir þessari vinnulínu (Sbr næstu skyggnu)

Stillum upp Amperes-lögmáli fyrir hringferil innan kjarnans Enginn segulkraftur verkar á segulrásina, þar sem engin spóla með rafstraumi er til staðar.

Gerum ráð fyrir að segulleiðnin sé $\mu \rightarrow \infty$ nema í loftbili og járnsegulmagnaða hlutanum.

Þá fæst:

$$F = 0 = H_g \cdot g + H_m \cdot l_m \quad (9)$$

sem leiðir til

$$H_g = -\frac{l_m}{g} \cdot H_m \quad (10)$$

Við gerum ráð fyrir að segulflæðið sé alls staðar eins, þ.e.

$$\Phi = A_g B_g = A_m B_m \quad (11)$$

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)



Page 20 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



$$B_g = \frac{A_m}{A_g} \cdot B_m \quad (12)$$

Hér er stillt upp jöfnunni :

$$B_g = \mu_0 \cdot H_g \quad (13)$$

...og sett inn í hana...

$$\frac{A_m}{A_g} \cdot B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot H_m \quad (14)$$

$$B_m = -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot \frac{A_g}{A_m} \cdot H_m \quad (15)$$

Ofangreind jafna táknar þessa vinnulínu. Mínus merkið sýnir að hún liggur í 2. fjórðungi B-H línurits. (Brotin lína á mynd 13)

• ljós kemur að **afseglunarsvið** (Coercitivity) en ekki **segulleif** (Remanence) ræður mestu um hegðun sísegla með loftbili.

Alnico 5 og M-5 stál (sjá myndir 13 og 14) eru dæmi um efni með sömu segulleif (remanence) en mjög mismunandi afseglunarsvið.

Munurinn á afseglunarsviði er þúsundfalldur á myndum!

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)




Page 21 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 13: Second quadrant of hysteresis loop for Alnico 5

Home Page

Title Page

Contents



Page 22 of 29

Go Back

Full Screen

Close

Quit



[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)

[◀](#) [▶](#)

[◀](#) [▶](#)


Page 23 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 14: Second quadrant of hysteresis loop for M-5 electrical steel

[Home Page](#)[Title Page](#)[Contents](#)[Page 24 of 29](#)[Go Back](#)[Full Screen](#)[Close](#)[Quit](#)

Athugum dæmi 1.9 bls 32 í FKU.

Gerum ráð fyrir sama flatarmáli, þ.e. $A_m = A_g$.

Gerum t.d. ráð fyrir að sísegullinn sé 5 fallt breiðari en loftbilið, þ.e.

$$\frac{l_m}{g} = 5$$

Þá fæst:

$$\begin{aligned} B_m &= -\mu_0 \frac{l_m}{g} \cdot \frac{A_g}{A_m} \cdot H_m \\ &= -4\pi \cdot 10^{-7} \cdot 5H_m = -6.28 \cdot 10^{-6} H_m \end{aligned}$$

Þetta er jafna fyrir brotnu vinnulínuna samkæmt mynd [13](#).

Skurðpunkturinn milli hennar og heildregnu línunnar sýnir að segulsviðið í vinnupunkti er u.þ.b. $B_g = B_m = 0.3 \text{ T}$.

Við getum nú hannað sísegul þannig að hann gefi tiltekið segulsvið í loftbilinu með lágmarks rúmmáli efnis. (sbr. næsta kafla)



2.4. Hönnun síseguls

Við hönnum sísegul með tilteknu segulsviði í loftbilinu, B_g með jöfnu þar sem við þurfum tiltekið rúmmál segulsins, V_m , til að ná tilteknu sviði, B_g . Við byrjum með jöfnuna:

$$B_g = \mu_0 \cdot H_g$$

Jafnan $H_g = -\frac{l_m}{g} \cdot H_m$ gefur:

$$B_g = -\mu_0 \cdot \frac{l_m}{g} \cdot H_m$$

Þar sem

$$B_g = \frac{A_m}{A_g} \cdot B_m$$

fæst með því að skrifa B^2

$$B_g^2 = \left(\frac{A_m}{A_g} B_m \right) \cdot \left(-\frac{\mu_0 H_m l_m}{g} \right)$$

$V_g = gA_g$ er rúmmál loftbilsins og $V_m = l_m a_m$ er rúmmál sísegulsins.

[Home Page](#)[Title Page](#)[Contents](#)[◀](#) [▶](#)[◀](#) [▶](#)[Page 25 of 29](#)[Go Back](#)[Full Screen](#)[Close](#)[Quit](#)



$$B_g^2 = \mu_0 \cdot \frac{l_m A_m}{g \cdot A_g} \cdot (-H_m B_m)$$

$$B_g^2 = \mu_0 \frac{V_m}{V_g} \cdot (-H_m B_m)$$


$H_m B_m$ er kallað **orkumargfeldi sísegulsins** og við fáum að lokum innrömmuðu jöfnuna t.h. þar kemur orkumargfeldið fyrir í nefnara. Hún sýnir að með gefnu segulsviði í loftbili og föstu rúmmáli þess, V_g fæst lágmarksrúmmál síseguls, V_m , með **hæsta orkumargfeldinu**. Jafngildisferlar orkumargfeldisins eru sýndir á mynd **13**.

$$V_m = \frac{V_g B_g^2}{\mu_0 (-H_m B_m)}$$

Jafngildisferlar orkumargfeldisins eru sýndir á mynd **13**. Við sjáum að við fáum hæsta orkumargfeldið í punkti sem er snertill milli B-H ferilsins og jafngildisferlanna. („point of maximum energy product”)

Mynd **16** sýnir hvernig efni í sísegla hafa þróast undanfarna áratugi og lýsir hinni hröðu þróun sísegla s.l. 20-30 ár! Orkumargfeldið í kJ/m³ Afseglunarsvið (Coercivity) (kOe=kílóÖrsted)

[Home Page](#)[Title Page](#)[Contents](#)[Page 26 of 29](#)[Go Back](#)[Full Screen](#)[Close](#)[Quit](#)



Mynd 15: Dæmi úr FKU

[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)




Page 27 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Mynd 16: Þróun segulefna

3. Heimildir

- *Electric Machinery*; eftir Fitzgerald, Kingsley and Umans; 6. útgáfa: McGraw-Hill, 2003.
- *Principles of Electric Machines and Power Electronics*; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley and Sons, 1997.
- *Electric Machines* 2nd ed, M.S. Sarma, West Publishing Co. 1994



[Home Page](#)

[Title Page](#)

[Contents](#)



Page 29 of 29

[Go Back](#)

[Full Screen](#)

[Close](#)

[Quit](#)



Orkuumbreyting milli raforku og hreyfiorku


Electromechanical energy conversion principles




UNIVERSITY OF ICELAND

Umbreyting milli raforku og hreyfiorku

- Umbreytingin getur almennt gengið í hvora áttina sem er:
- Umbreyting úr hreyfimerki með línulegri hreyfingu í rafrænt merki á sér stað t.d. í mælibleytum (transducers).
- Dæmi er hátalarar, míkrofónar, skynjarar
- Línuleg umbreyting úr rafrænu merki í hreyfimerki á sér stað í liðum og rafseglum
- Rafalar og mótórar er dæmi um samfellda umbreytingu oftast með snúningshreyfingu



- Rafalar:
 - Umbreyta hreyfiorku í raforku
- Hreyflar (mótórar):
 - Umbreyta raforku í hreyfiorku





UNIVERSITY OF ICELAND

Orkuumbreyting – kraftur er verkar á hleðslu er hreyfist í segulsviði

Skoðum nú **grundvöll kraftáhrifa:**

- Lorenz kraftur \mathbf{F} á hleðslu hegðar sér samkvæmt jöfnu, þar sem hleðslan q fer með hraða \mathbf{v} í sviði \mathbf{B} og \mathbf{E} .
- \mathbf{F} mælist í Newton, \mathbf{B} í Tesla, q í coulomb og \mathbf{E} í volt/m
- **Höfum mestan áhuga á hreinu segulsviði hér: \mathbf{F} er alltaf hornréttur á planið sem vektorarnir \mathbf{v} og \mathbf{B} mynda.**
- Stærðin á \mathbf{F} ræðst af horninu α á milli \mathbf{v} og \mathbf{B} , þ.e.


$$|\mathbf{F}| = q|\mathbf{v}||\mathbf{B}|\sin\alpha$$

-í planinu sem vektorarnir \mathbf{v} og \mathbf{B} mynda

$$\mathbf{F} = q(\mathbf{E} + \mathbf{v} \times \mathbf{B})$$

í hreinu rafsviði: $\mathbf{F} = q\mathbf{E}$

í hreinu segulsviði: $\mathbf{F} = q(\mathbf{v} \times \mathbf{B})$





UNIVERSITY OF ICELAND

Orkuumbreyting og krafverkun

- Við getum einnig skilgreint **hleðslupéttleika**, ρ , þ.e. hleðslu á rúmmálseiningu (C/m^3) og fæst þá kraftur á rúmmálseiningu \mathbf{F}_v (N/m^3).

$$\mathbf{F}_v = \rho(\mathbf{E} + \mathbf{v} \times \mathbf{B})$$

- Unnt er að skilgreina **straumpéttleika** ($C/(s \cdot m^2)$) = A/m^2) á flatarseiningu sem margfeldi hleðslupéttleika (C/m^3) og hraða (m/s) og er krafturinn áfram á rúmmálseiningu, \mathbf{F}_v (N/m^3).

$$\mathbf{J} = \rho \mathbf{v}$$

- Kraftur** á lengdareiningu á leiðara er leiðir rafstraum (\mathbf{F}_l) (N/m) fæst með því að margfalda með þverskurðarflatarmáli leiðarans, A (m^2)

$$\mathbf{F}_v = \mathbf{J} \times \mathbf{B}$$

$$\mathbf{F}_l = \mathbf{I} \times \mathbf{B}$$

$$\left. \begin{array}{l} \mathbf{I} = \mathbf{J}A \\ \mathbf{F}_l = \mathbf{F}_v \cdot A \end{array} \right\}$$


$$\mathbf{F} = l \cdot \mathbf{F}_l = l \cdot \mathbf{I} \times \mathbf{B}$$

$$|\mathbf{F}| = l |\mathbf{I}| |\mathbf{B}| \sin \alpha$$

- Heildarkraftur (N) fæst með því að margfalda með lengd leiðarans, l (m)

- Stærð** kraftsins miðast við hornið, α , á milli vektoranna \mathbf{I} og \mathbf{B}

- Þessar jöfnur má nota í einfaldri rafmagnsvél (mótor) sem einingu þar sem **rafafli** fer inn öðru megin ($e \cdot i$) og **hreyfiafli** kemur út hinum megin ($f_{fld} \cdot x$) sbr næstu mynd





Sýnidæmi 3.1 kennslubók, bls 114

UNIVERSITY OF ICELAND

$$\mathbf{F}_v = \mathbf{J} \times \mathbf{B} \longrightarrow \mathbf{F} = I \mathbf{l} \times \mathbf{B}$$

- Gefið er B -svið, $B=0,02$ T, $I=10$ A
- Gefið $R=0,05$ m, $l=0,3$ m
- Finnið vægið á “rafmagnsvélina” sem fall af α . Munum að vægi er sama sem “kraftur” sinnum “armur”


$$\longrightarrow \text{Kraftur} = -IB_0 l \quad \text{Armur} = R \sin \alpha$$

$$\longrightarrow T_1 = -IB_0 l R \sin \alpha \quad T_2 = -IB_0 l R \sin \alpha$$

$$T = \text{heildarvægi} = -2FR \sin \alpha = -2IB_0 R l \sin \alpha$$

$$T = -2IB_0 R l \sin \alpha = -2(10)(0,02)(0,05)(0,3) \sin \alpha$$

$$T = -0,006 \sin \alpha$$



Ath. að hornið milli \mathbf{I} og \mathbf{B} vektoranna er 90 gráður og sínus af því er 1 (ekki sama og $\sin \alpha$ í þessu dæmi)




UNIVERSITY OF ICELAND

Rafafl og hreyfiafl í segulrás

- Lögmálið um viðhald orkunnar (aflsins):
- **Orka frá rafkerfi = Aukning í sviðsorku + hreyfiorka út eða**
- **Afl frá rafkerfi = Aukning í sviðsorku á tímaeiningu + hreyfiafl út**

Einfalt rafsegulkerfi með hreyfingu:



Orkujafnvægi fyrir eitthvert rafsegulkerfi sem umbreytir raforku í hreyfiorku er þá þannig:

$$\text{Rafsegulorka inn} = \text{Hreyfiorka út} + \text{Aukin orka í segulsviði} + \text{Orkutöp}$$



Kraftáhrif segulsviðs

Skoðum orkujafnvægi fyrir eitthvert rafsegulkerfi sem umbreytir raforku í hreyfiorku:

$$\begin{array}{ccccccc} \boxed{\begin{array}{c} \text{Rafsegul-} \\ \text{orka} \\ \text{inn} \end{array}} & = & \boxed{\begin{array}{c} \text{Hreyfi-} \\ \text{orka út} \end{array}} & + & \boxed{\begin{array}{c} \text{Aukin} \\ \text{orka} \\ \text{í segul-} \\ \text{sviði} \end{array}} & + & \boxed{\begin{array}{c} \text{Orkutöp} \end{array}} \end{array}$$

$$dW_e = dW_m + dW_f + dW_{töp}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Tapalaust rafsegulkerfi

Orkujafnvægi fyrir rafsegulkerfi sem umbreytir raforku í hreyfiorku án orkutapa:

Orkuinnihaldið í sviðinu í loftbili milli hins hreyfanlega hluta vélar og fasts hluta er n.k. **orkumiðill** er flytur orku á milli og geymir í skamman tíma..

$$dW_e = dW_m + dW_f$$

Raforka inn í rafsegulkerfið

Aukið orkuinnihald í segulsviði kerfisins

Hreyfiorka út úr kerfinu



UNIVERSITY OF ICELAND

Rafafl og hreyfiafl í segulrás

Ef engin töp eru fæst:

Rafsegul-
orka
inn

=

Hreyfi-
orka út

+

Aukin
orka
í segul-
sviði


$$dW_e = dW_m + dW_{fld}$$

•Lítum því á segulrás sem getur verið **hreyfanleg**, þ.e. **breytileg í rúmi** samkvæmt mynd og háð t.d. breytunni x

- **Aflið** dW_e/dt sem fer inn í segulrásina frá rafkerfinu t.v. á myndinni er ei
- **Aukning á sviðsorku** á tímaeiningu er dW_{fld}
- **Hreyfiafl út** er $\frac{dW_m}{dt} = f_{fld} \frac{dx}{dt}$
- Ef engin töp eru fæst:

$$dW_e = dW_m + dW_{fld}$$

$$ei = f_{fld} \frac{dx}{dt} + \frac{dW_{fld}}{dt}$$




$$\frac{dW_{fld}}{dt} = ei - f_{fld} \frac{dx}{dt}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Raforkuflæði inn í kerfið



$$dW_e = P_e \cdot dt = i(t) \cdot e(t) dt = i(t) d\lambda$$

$$e = \frac{d\lambda}{dt}$$



$$dW_{fld} = id\lambda - f_{fld} dx$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Orka í breytilegri línulegri segulrás

- Lítum aftur á segulrás sem getur verið **hreyfanleg**, þ.e. **breytileg í rúmi** samkvæmt mynd og háð t.d. breytunni x
- Almennt er **orka** í segulrás aðallega geymd í **loftbilinu** og að einhverju (litlu) leyti í kjarnanum.
- Orkubéttleiki er **margfaldur í loftbilinu** á við kjarnann, þar sem μ_r er margfalt stærra í kjarna og eftirfarandi jafna gildir $w = \frac{1}{2} \cdot \frac{1}{\mu_r \mu_0} B^2$
- Ef rásin er **línuleg** má skrifa flúxvafningana sem fall af x og i , samkvæmt jöfnunni. $\lambda = L(x) \cdot i$
Fallið er línulegt í straumnum, i , og við fáum beinar línur í λ - i línuriti **eina línu fyrir hvert gildi á x**






UNIVERSITY OF ICELAND

Orka í breytilegri línulegri segulrás (2)

- Nú má líta á λ og x sem nokkurs konar **ástandsbreitur** sem ákvarða einhliða gildið á orku sem geymd er í segulrásinni, $W_{fld}(\lambda, x)$
- Ekki skiptir máli hvaða leið** er farin í λ, x línuriti (t.d. nr 1 eða 2 á mynd) þar sem niðurstaðan er sú sama, orkan er fall af λ og x
- Á leið 2a á mynd er $\lambda = 0$ og $d\lambda = 0$ og þar með $f_{fld} = 0$ þar sem enginn kraftur er þar sem ekkert segulsvið λ er.
- Þess vegna dugar að heilda jöfnuna efst fyrir leið 2b og fæst þá:

- Fyrir línulegt kerfi þar sem $\lambda = L(x) \cdot i$ fæst:
- Í ólínulegu kerfi verður heildin aðeins annars eðlis og lítið eitt flóknari (sjá síðar)

$$dW_{fld} = i d\lambda - f_{fld} dx$$



$$W_{fld}(\lambda_0, x_0) = \int_0^{\lambda_0} i(\lambda, x_0) d\lambda$$

$$W_{fld}(\lambda, x) = \int_0^{\lambda} \frac{\lambda'}{L(x)} d\lambda' = \frac{1}{2} \frac{\lambda^2}{L(x)} = \frac{1}{2} L(x) i^2$$



Orka í breytilegri línulegri segulrás (3)

- Auk jöfnunnar hér til hliðar er vert að hafa til samanburðar aðrar jöfnur sem lýsa orkuinnhaldi tiltekins rúmtaks út frá orkuþéttleika. Þá fæst eftirfarandi jafna úr rafsegulfræði

$$W_{fld}(\lambda_0, x_0) = \int_0^{\lambda_0} i(\lambda, x_0) d\lambda$$

$$W_{fld} = \int_V \left(\int_0^B \mathbf{H} \cdot d\mathbf{B} \right) dV$$
- Þar sem $\mathbf{B} = \mu \cdot \mathbf{H}$

$$W_{fld} = \int_V \left(\frac{B^2}{2\mu} \right) dV$$


fæst einnig eftirfarandi jafna




UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.2 bls 121

- Reikna skal orku í þessu kerfi sem fall af x , $0 < x < d$
- $h \gg g$, $N=1000$ snún., $g=2$ mm, $d=0,15$ m, $l=0,1$ m, $i=10$ A



(a)



(b)



UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.2 bls 121 (2)



- Reikna skal orku í þessu kerfi sem fall af x , $0 < x < d$
- $h \gg g$, $N=1000$ snún., $g=2$ mm, $d=0,15$ m, $l=0,1$ m, $i=10$ A

$$W_{fld}(\lambda, x) = \frac{1}{2} L(x) i^2 \rightarrow L = N^2 \left(\frac{\mu_0 A_{gap}}{2g} \right)$$

$$A_{gap} = l(d - x) = ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)$$

$$L(x) = N^2 \left(\frac{\mu_0 ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2g} \right) \rightarrow W_{fld} = \frac{1}{2} N^2 \left(\frac{\mu_0 ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2g} \right) i^2$$

$$\rightarrow W_{fld} = \frac{1}{2} 1000^2 \left(\frac{4\pi \cdot 10^{-7} (0,1)(0,15) \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2(0,002)} \right) 10^2 = 236 \left(1 - \frac{x}{d} \right)$$





Orka í breytilegri línulegri segulrás (4)

- Eins og áður er rakið, gildir jafna um **orkujafnvægi** $\rightarrow dW_{fld} = id\lambda - f_{fld} dx$
tapalausrar segulrásar er tengir breytingu á orkuinnhaldi við tilfærslu dx einhvers hluta rásarinnar og breytt segulflæði $d\lambda$

- Þar sem orkan í sviðinu er fall af λ og x , má einnig $\rightarrow dW_{fld} = \frac{\partial W_{fld}}{\partial \lambda} d\lambda + \frac{\partial W_{fld}}{\partial x} dx$
 skrifa hliðstæða almenna jöfnu

- Á samanburði á þessum jöfnum sjást eftirfarandi tengsl:

$$i = \left. \frac{\partial W_{fld}}{\partial \lambda} \right|_x$$

$$f_{fld} = - \left. \frac{\partial W_{fld}}{\partial x} \right|_\lambda$$

- þar sem $W_{fld}(\lambda, x)$
 þ.e. fall af x og λ . Táknin þýða, að við verðum að halda x og λ föstu meðan hlutdiffrunin er tekin
- Unnt er að reikna út krafta í stillanlegri segulrás með notkun á ofangreindum jöfnum**



Orka í breytilegri línulegri segulrás (5)

- Í línulegri segulrás með línulegri hreyfingu, x gildir $\lambda = L(x) \cdot i$ \longrightarrow

$$W_{fld}(\lambda, x) = \int_0^\lambda \frac{\lambda'}{L(x)} d\lambda' = \frac{1}{2} \frac{\lambda^2}{L(x)}$$

- Með notkun á fyrri jöfnu, fæst eftirfarandi niðurstaða um segulrás með breytilegu spani \longrightarrow

$$f_{fld} = -\frac{\partial W_{fld}}{\partial x} = \frac{1}{2} \frac{\lambda^2}{(L(x))^2} \cdot \frac{dL(x)}{dx}$$

- Einnig er unnt að tákna kraftinn sem fall af spani, L og straumi, i með notkun $\lambda = L(x) \cdot i$ \longrightarrow

$$f_{fld} = \frac{i^2}{2} \cdot \frac{dL(x)}{dx}$$

- Hér að framan var miðað við línulega hreyfingu, x . Unnt er í staðinn að miða við snúningshreyfingu θ . Þá fást niðurstöðurnar á næstu skyggnu



Orka í línulegri segulrás með snúningshreyfingu

- Í línulegri segulrás með **snúningshreyfingu**, θ gildir eftirfarandi samband um litlar breytingar

$$dW_{fld}(\lambda, \theta) = id\lambda - T_{fld}d\theta$$

- Einnig gildir

$$dW_{fld} = \frac{\partial W_{fld}}{\partial \lambda} d\lambda + \frac{\partial W_{fld}}{\partial \theta} d\theta$$

- Því fæst eftirfarandi jafna um **vægi** í rás með snúningshreyfingu

$$T_{fld} = - \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda, \theta)}{\partial \theta} \right|_{\lambda}$$

- Fyrir línuleg kerfi með snúningshreyfingu gildir jafna ef um snúningshreyfinguna gildir sambandið: $\lambda = L(\theta) \cdot i$

$$T_{fld} = - \frac{\partial W_{fld}}{\partial \theta} = \frac{1}{2} \frac{\lambda^2}{(L(\theta))^2} \cdot \frac{dL(\theta)}{d\theta}$$

- Einnig er unnt að tákna vægið sem fall af spani, L og straumi, i með notkun $\lambda = L(\theta) \cdot i$

$$T_{fld} = \frac{i^2}{2} \cdot \frac{dL(\theta)}{d\theta}$$



Dæmi 1.5 FKU

UNIVERSITY OF ICELAND


- Gefin er rásin á meðfylgjandi mynd
- Gefin er jafna fyrir segullekt, μ sem fall af B_m .
- Teikna skal með Matlab upp B_m sem fall af H_m á bilinu $0 \leq B_m \leq 2.2$ Tesla
- Þá fæst eftirfarandi Matlab forrit:

$$\mu = \mu_0 \left(1 + \frac{3499}{\sqrt{1 + 0.047 (B_m)^{7.8}}} \right)$$

$$A_c = 1.8 \times 10^{-3} \text{ m}^2$$

$$l_c = 0.6 \text{ m}$$

$$g = 2.3 \times 10^{-3} \text{ m}$$



```

bm=0:0.1:2.2;
mu0=4e-7*pi;
mu=mu0.*(1+3499./sqrt(1+0.047.*bm.^(7.8)));
hm=bm./mu;
plot(hm,bm)
grid on
title(' Dæmi 1.5a FKU ')
xlabel('H_m')
ylabel('B_m')
print -deps daemil_5a.eps

```

```

N=83;
g=2.3e-3;
lc=0.6;
Ac=1.8e-3;
lambda=N*Ac*bm;
i=(lc*bm./(N*mu))+(bm*g/(N*mu0))
plot(i,lambda)
grid on
title(' Dæmi 1.5c FKU ')
xlabel('Current (A)')
ylabel('Flux Linkage, Lambda')
print -deps daemil_5c.eps

```



Dæmi 1.5 FKU (2)

UNIVERSITY OF ICELAND



- Einnig skal teikna upp flúxvafninga, λ sem fall af straumi, i fyrir rásina. Við fáum eftirfarandi jöfnur: _____
- Þá fæst seinni hluti Matlab forrits og myndir

$$Ni = H_c l_c + H_g g = \frac{B_m}{\mu(B_m)} l_c + \frac{B_m}{\mu_0} g$$

$$i = \frac{B_m l_c}{N \mu(B_m)} + \frac{B_m}{N \mu_0} g$$

$$\text{Nú er } \phi_m = AB_m \text{ og } \lambda = N\phi_m$$

$$\text{eða } \lambda(B_m) = NAB_m$$





Orkuumbreyting milli raforku og hreyfiorku

2. hluti



UNIVERSITY OF ICELAND

Samorka - skilgreining


- Skilgreint er nýtt hugtak, **samorka** (coenergy) sem er hentugt til að reikna beint út kraftinn sem fall af straumi
- **Samorkan** er skilgreind samkvæmt jöfnu og línuriti. Við getum nú skoðað hvað gerist ef við diffrum jöfnuna sem skilgreinir samorkuna. Þá fæst:

$$dW'_{fld}(i, x) = d(i\lambda) - dW_{fld}(\lambda, x)$$

- þá fæst: $d(i\lambda) = i d\lambda + \lambda di$
- Við höfum einnig fyrri niðurstöður

$$dW_{fld} = i d\lambda - f_{fld} dx$$

- Að lokum fæst: $dW'_{fld}(i, x) = \lambda di + f_{fld} dx$





UNIVERSITY OF ICELAND

Samorka - skilgreining

- Unnt er eins og áður að bera saman 2 jöfnur

$$dW'_{fld}(i, x) = \lambda di + f_{fld} dx$$

$$dW'_{fld}(i, x) = \left. \frac{\partial W'_{fld}}{\partial i} \right|_x di + \left. \frac{\partial W'_{fld}}{\partial x} \right|_i dx$$

- Samanburður gefur eftirfarandi jöfnur fyrir **samorku** og **orku**:
- Berum saman við fyrri jöfnur út frá orku
- **Báðar innrömmuðu jöfnurnar í rauðu** gefa sömu niðurstöðu, en önnur er tekin með því að halda stærðinni i fastri en hin með því að halda stærðinni λ fastri.

Sam-
orka

$$\lambda = \left. \frac{\partial W'_{fld}}{\partial i} \right|_x$$

$$f_{fld} = \left. \frac{\partial W'_{fld}(i, x)}{\partial x} \right|_i$$

Orka

$$i = \left. \frac{\partial W_{fld}}{\partial \lambda} \right|_x$$





$$f_{fld} = - \left. \frac{\partial W_{fld}}{\partial x} \right|_\lambda$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Samanburður: samorka - orka

- Summa af samorku og orku er ferhyrningslaga svæðið á myndinni $W'_{fld} + W_{fld} = \lambda_0 i_0$
- Kraftur fundinn með **orku** er skyggða svæðið á vinstri mynd (a)
- Kraftur fundinn með **samorku** er skyggða svæðið á hægri mynd
- Þegar $\Delta x \rightarrow 0$ verður sama niðurstaða



(a)


(b)



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulsvið umhverfis rás með loftbili

- Segulsvið umhverfis rásina á fyrri skyggnu er sýnt til hliðar
- Það er reiknað með “finite element” aðferðum og Maxwells jöfnum
- Flestra segullínur eru í kjarnanum en sumar leka út fyrir kjarnann
- Segullínurnar bólgna í loftbilinu (flux fringing)





Samorka – skilgreining (2)

- Út frá eftirfarandi jöfnu ef x er fasti (rásin kyrrstæð) þá fæst $dW'_{fld}(i, x) = \lambda di + f_{fld} dx$
- Í línulegri segulrás $\lambda = L(x)i$, fæst fyrir samorkuna hið sama og fyrir orkuna: $W'_{fld}(i, x) = \int_0^i \lambda(i', x) di'$
- ...og krafturinn sem verkar á slíka rás er: $W'_{fld}(\lambda, x) = \frac{1}{2} L(x) i^2$
- ÞETTA ER EINS OG FYRRI NIÐURST. $f_{fld} = \frac{i^2}{2} \cdot \frac{dL(x)}{dx}$
- Á svipaðan hátt fyrir hringhreyfingu með mælikvarða, θ fæst: $W'_{fld}(i, \theta) = \int_0^i \lambda(i', \theta) di'$
- Ef rásin er línuleg fæst $W'_{fld}(\lambda, \theta) = \frac{1}{2} L(\theta) i^2$
- ...og vægið sem verkar á rásina er $T_{fld} = \frac{i^2}{2} \cdot \frac{dL(\theta)}{d\theta}$
- ÞETTA ER EINS OG FYRRI NIÐURSTÖÐUR



Orka í breytilegri línulegri segulrás (3)

- Vert er að skoða samanburð á jöfnum fyrir **orku** og **samorku** sem lýsa orkuinnihaldi tiltekins rúmtaks út frá sviði og orkupéttleika. Þá fæst:

Ef $\mathbf{B} = 0$ þegar $\mathbf{H} = 0$ fæst:

Orka

$$W_{fld} = \int_V \left(\int_0^B \mathbf{H} \cdot d\mathbf{B} \right) dV$$

Samorka

$$W'_{fld} = \int_V \left(\int_0^H \mathbf{B} \cdot d\mathbf{H} \right) dV$$

Ef $\mathbf{B} = \mu \cdot \mathbf{H}$

$$W_{fld} = \int_V \left(\frac{B^2}{2\mu} \right) dV$$


$$W'_{fld} = \int_V \left(\frac{\mu H^2}{2} \right) dV$$




UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.2 bls 121

- Reikna skal orku í þessu kerfi sem fall af x , $0 < x < d$
- $h \gg g$, $N=1000$ snún., $g=2$ mm, $d=0,15$ m, $l=0,1$ m, $i=10$ A



(a)



(b)



UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.2 bls 121 (2)



- Reikna skal orku í þessu kerfi sem fall af x , $0 < x < d$
- $h \gg g$, $N=1000$ snún., $g=2$ mm, $d=0,15$ m, $l=0,1$ m, $i=10$ A

$$W_{fld}(\lambda, x) = \frac{1}{2} L(x) i^2 \rightarrow L = N^2 \left(\frac{\mu_0 A_{gap}}{2g} \right)$$

$$A_{gap} = l(d - x) = ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)$$

$$L(x) = N^2 \left(\frac{\mu_0 ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2g} \right) \rightarrow W_{fld} = \frac{1}{2} N^2 \left(\frac{\mu_0 ld \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2g} \right) i^2$$

$$\rightarrow W_{fld} = \frac{1}{2} 1000^2 \left(\frac{4\pi \cdot 10^{-7} (0,1)(0,15) \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2(0,002)} \right) 10^2 = 236 \left(1 - \frac{x}{d} \right)$$





UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.5 bls 132 (3)

- Finna skal kraft sem verkar á bulluna sem fall af x , $0 < x < d$, ef straumlindinni er stýrt:

$$i(x) = I_0 \left(\frac{x}{d} \right)$$

- $h \gg g$, $N=1000$ snún., $g=2$ mm, $d=0,15$ m, $l=0,1$ m, $I_0=10$ A

- Við fáum fyrri niðurstöðu



$$L(x) = N^2 \left(\frac{\mu_0 l d (1 - \frac{x}{d})}{2g} \right)$$

- ...og notum jöfnu:

$$f_{fld} = \frac{i^2}{2} \cdot \frac{dL(x)}{dx} = -\frac{i^2}{2} \left(\frac{\mu_0 N^2 l}{2g} \right)$$

- Setjum $i(x)$ inn í

$$f_{fld} = -\left(\frac{I_0^2 \mu_0 N^2 l}{4g} \right) \left(\frac{x}{d} \right)^2$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.5 bls 132 (4)

- Við getum reiknað út samorkuna

$$W'_{fld} = \frac{i^2}{2} L(x) = \frac{i^2}{2} \left(\frac{\mu_0 N^2 l d \left(1 - \frac{x}{d} \right)}{2g} \right)$$



(a)


- Við getum reiknað út kraftinn með

$$f_{fld} = \left. \frac{\partial W'_{fld}(i, x)}{\partial x} \right|_i$$

- þá fæst

$$f_{fld} = -\frac{i^2}{2} \left(\frac{\mu_0 N^2 l}{2g} \right)$$

- ...sem er sama niðurstaða og áður



(b)



UNIVERSITY OF ICELAND

Sýnidæmi 3.5 bls 132 (5)

- Samorkan er eins og áður segir

$$W'_{fld} = \frac{i^2}{2} L(x) = \frac{i^2}{2} \left(\frac{\mu_0 N^2 l d \left(1 - \frac{x}{d}\right)}{2g} \right)$$


- Með því að stinga inn jöfnunni fyrir strauminn

$$i(x) = I_0 \left(\frac{x}{d} \right)$$


fæst

$$W'_{fld} = \left(\frac{I_0^2 \mu_0 N^2 l d \left(1 - \frac{x}{d}\right)}{4g} \right) \left(\frac{x}{d} \right)^2$$

- Ath að ekki er unnt að reikna kraftinn með því að diffra síðustu jöfnuna



(a)



(b)



Tilvísanir/heimildir

- HANDBOOK OF SMALL ELECTRIC MOTORS William H. Yeadon, Alan W. Yeadon, P.E. (ed), McGraw-Hill, 2001




Segulrás með snúningi og 2 rafinntökum sem um fer almennur riðstraumur



UNIVERSITY OF ICELAND

Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum

- Nálgumst rafmagnsvélar með greiningu eftirfarandi segulrásar
- Rásin hefur rafmagnsinntak nr. 1, með spennu e_1 og straumi i_1
- Rafmagnsinntak nr. 2 er með spennu e_2 og straumi i_2
- Athugum hvaða kraftar og vægi verka ef kerfið er kyrrstætt (eða snýst með jöfnum hraða) og hornið θ lýsir stöðunni á rótor
- Kerfið hefur breytilegt segulviðnám og span sem háð er horninu θ



- Því er $L_{11}(\theta)$ og $R(\theta)$ háð hornstöðunni, θ almennt nema kjarninn í loftbilinu (rótor) sé sívalur



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (2)

- Athugum kyrrstætt kerfi, eða þar sem kerfið hvorki herðir né hægir á sér (Hröðun=0). Þá er breyting í orkuinnihaldi sviðsins eingöngu vegna aðstreymis raforku inn á báða innganga. (Engin hreyfiorka)
- Við gerum ráð fyrir línulegu segulkerfi og þar með gildir fyrir sjálfspan og gagnkvæmt span
- Gagnkvæmt span er alltaf hið sama í báðar áttir


$$dW_{fld} = e_1 i_1 dt + e_2 i_2 dt = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2$$

þar sem $e_1 = \frac{d\lambda_1}{dt}$ og $e_2 = \frac{d\lambda_2}{dt}$

$$\lambda_1 = L_{11}i_1 + L_{12}i_2$$

$$\lambda_2 = L_{21}i_1 + L_{22}i_2$$


$$L_{12} = L_{21}$$





Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (3)

- Við sameinum ofangreindar jöfnur..... $\longrightarrow dW_{fld} = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2$
-og þá fæst: $dW_{fld} = i_1 d(L_{11}i_1 + L_{12}i_2) + i_2 d(L_{21}i_1 + L_{22}i_2)$
- Unnt er nú að endurraða liðum...: $\longrightarrow dW_{fld} = L_{11}i_1 di_1 + L_{22}i_2 di_2 + L_{12}i_1 di_2 + L_{21}i_2 di_1$
- Nú er $\longrightarrow d(xy) = xdy + ydx$
- ...þannig að $\longrightarrow dW_{fld} = L_{11}i_1 di_1 + L_{22}i_2 di_2 + L_{12}d(i_1 i_2)$



- Með heildun fæst því.....

$$W_{fld} = \frac{1}{2} L_{11} i_1^2 + \frac{1}{2} L_{22} i_2^2 + L_{12} i_1 i_2$$



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (4)

- Við höfum því fengið eftirfarandi jöfnu $W_{fld}(\theta) = \frac{1}{2}L_{11}(\theta)i_1^2 + \frac{1}{2}L_{22}(\theta)i_2^2 + L_{12}(\theta)i_1i_2$ fyrir segulorku kerfisins sem fall af hornstöðu kjarnans í loftbilinu, θ
- Unnt er að finna vægið sem verkar á **snúð** (“rótor”) með diffrun:

$$T_{fld} = \frac{dW_{fld}}{d\theta} = \frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2 + \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$

$\underbrace{\hspace{15em}}_{\text{segulviðnámsvægi } T_{fld(\text{reluctance})}}$
- Vægi verður fall af stöðuhorni snúðsins í loftbilinu!!
- Fyrstu 2 liðirnir í væginu sem verkar á snúðinn heita **segulviðnámsvægi** (“reluctance torque”). Þeir eru aðeins háðir sjálfspani hvorrar rásarinnar fyrir sig en ekki gagnkvæmu spani milli vafninga. Fyrir sívalan snúð er sjálfspanið fasti þ.e. óháð horninu og...


$$T_{fld(\text{reluctance})} = \frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2$$

$T_{fld(\text{reluctance, sívalur snúður})} \square 0$



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (5)

- Við skoðum nú “vél” sem hefur **sívalan snúð**
- Þá er sjálfspanið L_{11} og L_{22} óháð θ og segulviðnámsvægið verður $= 0$
- Vægi verður aðeins fall af báðum straumum og gagnkvæmu spani
- Nú er gert ráð fyrir að **almennur riðstraumur** fari inn á bæði inntök og gagnkvæma spanið sé háð hvernig spóla á snúðnum snýst
- Tiltækin fasahorn, α og δ , eru milli þessara 3 óháðu snúningshreyfinga:
 - Rafinntak 1
 - Rafinntak 2
 - Staða snúðs



$$T = \frac{dW_{fld}}{d\theta} = \underbrace{\frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2}_{\text{segulviðnámsvægi}} + \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$

$$T = \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$

$$i_1(t) = I_1 \cos \omega_1 t$$

$$i_2(t) = I_2 \cos(\omega_2 t + \alpha)$$

$$L_{12}(t) = M \cos \theta$$

$$\theta = \omega_m t + \delta$$



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (6)

$$L_{12}(t) = M \cos(\omega_m t + \delta)$$



- Við stingum nú þessum jöfnum um riðstraumana og hreyfinguna inn í jöfnu fyrir vægið og þá fæst

$$T(t) = \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2 = -I_1 I_2 \cos \omega_1 t \cos(\omega_2 t + \alpha) M \sin(\omega_m t + \delta)$$

$$\left\{ \begin{array}{l} \cos x \cdot \cos y = \frac{1}{2} (\cos(x+y) + \cos(x-y)) \\ \sin x \cdot \cos y = \frac{1}{2} (\sin(x+y) + \sin(x-y)) \end{array} \right.$$

- Nú er unnt að nota hornafræðijöfnurnar

- Þá fæst eftirfarandi jafna fyrir vægið:

$$\begin{aligned} T(t) = & -\frac{MI_1 I_2}{4} \left\{ \sin([\omega_m + (\omega_1 + \omega_2)]t + \alpha + \delta) \right. \\ & + \sin([\omega_m - (\omega_1 + \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ & + \sin([\omega_m + (\omega_1 - \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ & \left. + \sin([\omega_m - (\omega_1 - \omega_2)]t + \alpha + \delta) \right\} \end{aligned}$$



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (7)

- Skoðað er **meðalvægið** sem t.d. segir hvort “vélin” fer að snúast úr kyrrstöðu.
- Ef stuðullinn við t er $= 0$ er meðalvægið ekki $= 0$. Þetta gildir þegar
- Því er eðlilegt að athuga a.m.k 2 tilfelli:

$$T(t) = -\frac{MI_1I_2}{4} \left\{ \begin{aligned} &\sin([\omega_m + (\omega_1 + \omega_2)]t + \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m - (\omega_1 + \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m + (\omega_1 - \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m - (\omega_1 - \omega_2)]t + \alpha + \delta) \end{aligned} \right\}$$

$$\omega_m = \pm(\omega_1 \pm \omega_2)$$

- Straumur á snúð er jafnstraumur og vélin snýst samfasa við statorstraum, þ.e.

$$\omega_2 = 0 \quad \omega_1 = \omega_m \quad \alpha = 0$$

- Þá fást 2 liðir (úr 4 liðum):

$$T = -\frac{MI_1I_2}{2} [\sin(2\omega_1 t + \delta) + \sin \delta]$$

$$T_{medal} = -\frac{MI_1I_2}{2} \sin \delta$$

- Meðalvægið er ekki $= 0$ og vélin fer að snúast. Þetta er s.k. **samfasavél!**



Skoðum segulrás með snúningi og 2 inntökum (8)

$$T(t) = -\frac{MI_1I_2}{4} \left\{ \begin{aligned} &\sin([\omega_m + (\omega_1 + \omega_2)]t + \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m - (\omega_1 + \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m + (\omega_1 - \omega_2)]t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin([\omega_m - (\omega_1 - \omega_2)]t + \alpha + \delta) \end{aligned} \right\}$$

- Athuga næst tilfellið sem felst í að snúningshraði snúðs er mismunur hornhraða straums á stator og snúð, þ.e:

$$\omega_m = \omega_1 - \omega_2$$

- Við þessar aðstæður myndast einnig vægi sem herðir eða hægir á vélinni eftir aðstæðum, sem nánar verða athugaðar síðar.

- Þetta er s.k. spanvél sem gefur meðalvægið

$$T(t) = -\frac{MI_1I_2}{4} \left\{ \begin{aligned} &\sin(2\omega_1 t + \alpha + \delta) \\ &+ \sin(-2\omega_2 t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin(2\omega_1 t - 2\omega_2 t - \alpha + \delta) \\ &+ \sin(\alpha + \delta) \end{aligned} \right\}$$

$$T_{medal} = -\frac{MI_1I_2}{4} \sin(\alpha + \delta)$$



Samantekt

UNIVERSITY OF ICELAND

- Höfum greint einfalda segulrás eða “rafmagnsvél” með 2 rafinntökum, þ.e. 1 á **stator** og 1 á **rótor**
- Höfum skoðað **sívalan rótor** þar sem sjálfspanið beggja rafinntaka er fasti
 - **1 fasa spanvél (induction machine)**
 - **1 fasa samfasavél (synchronous machine)**
- Sjáum að vægið á **einfasa rótor er alltaf skrykkjótt, þ.e sveiflast með tíðni riðstraumsins og veldur titringi!!**
- Skoðum næst rásir með mörgum rafinntökum
- Skoðum næst vélar með **útstandandi póla** (salient poles)
 - Með útstandandi pólum er átt við það þegar snúningur rötors hefur áhrif á sjálfspan rásarinnar



Fræðileg sýn á almennt segulkerfi með mörgum segulmögnunarrásum

4. hluti


(Multiply Exited Magnetic Field
Systems - Theoretical Aspects)



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulrás með mörgum inn- og úttökum

- Segulkerfi hefur orku fóligna í segulsviði sínu. Það fær hana frá rafkerfinu í formi straums er veldur segulflæði. Það gefur jafnframt frá sér hreyfifræðilega orku í formi krafts (eða vægis) og tilfærslu (eða snúnings)



- **Almennt segulkerfi** getur haft marga (N) inn/útganga frá rafkerfinu og marga (K) hreyfifræðilega inn/útganga. (“inn/út” víxlar hlutverki ef mótör verður rafali)

- Hreyfifræðilegu útgangarnir geta verið **línulegar hreyfingar** (dx) eða **snúningshreyfingar** ($d\theta$)

$$dW_{fld} = \sum_{j=1}^N i_j d\lambda_j - \sum_{m=1}^K k_{(m)} dx_m$$

$$dW_{fld} = \sum_{i=1}^N i_j d\lambda_j - \sum_{m=1}^K T_{fld(m)} d\theta_m$$

- Í **litlu kerfi** með tveim raf-inngöngum ($N = 2$) og einum hreyfi-útgangi ($K=1$) með snúningi lítur jafnan þannig út:


$$dW_{fld} = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2 - T_{fld} d\theta$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulrás með mörgum inn/úttökum (2)

- Skoðum nánar hið **litla kerfi** ef 2 **inngangar** eru frá rafkerfi og 1 **útgangur** t.d. með snúningshreyfingu
- Skoðum orkujafnvægi með litla breytingu (dW_{fld}) á (1) innri orku sem er mismunur (2) orku á inngöngum og (3) orku á útgangi.
- Með hliðsjón af báðum jöfnunum til hægri er unnt að skilgreina tiltekna stærðir sem hlutafleiður.
- Neðri jafnan er almenn jafna úr diffurfræðum



$$dW_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta) = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2 - T_{fld} d\theta$$

$$\lambda_1 = L_{11}i_1 + L_{12}i_2$$

$$\lambda_2 = L_{21}i_1 + L_{22}i_2$$

$$dW_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta) = d\lambda_1 \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \lambda_1} \right|_{\lambda_2, \theta} + d\lambda_2 \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \lambda_2} \right|_{\lambda_1, \theta} + d\theta \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \theta} \right|_{\lambda_1, \lambda_2}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulrás með mörgum inn/úttökum (3)

- Af þessu leiðir að tiltekna stærðir eru skilgreindar sem hlutafleiður, eins og sýnt er til hliðar:
- Auðvitað þarf í hverju tilfalli að líta á vissar stærðir sem fasta þegar hlutafleiður eru teknar

$$i_1 = \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \lambda_1} \right|_{\lambda_2, \theta}$$

$$i_2 = \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \lambda_2} \right|_{\lambda_1, \theta}$$

$$T_{fld} = - \left. \frac{\partial W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta)}{\partial \theta} \right|_{\lambda_1, \lambda_2}$$




Segulrás með mörgum inn/úttökum (4)

- Endurtökum fyrri jöfnu hér til hliðar. Orkan er fall af ástandsbreytum kerfisins og hægt að finna hana með heild eftir hvaða ferli sem er
- Ef $T_{fld} = 0$ eða $d\theta = 0$ þ.e. engin orka flæðir um hreyfifræðilega kerfið fæst segulorka kerfisins sem fall af segulmögnuninni með heildun
- Orkuna er sem sagt unnt að finna með því að heilda ofangreinda jöfnu yfir feril þar sem heildað er yfir eina breytu í einu. Unnt er að heilda fyrir hvaða feril sem er fyrir fall af mörgum breytum

$$dW_{fld} = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2 - T_{fld} d\theta$$

$$W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0) = \int_0^{\lambda_{1(0)}} i_1 d\lambda_1 + \int_0^{\lambda_{2(0)}} i_2 d\lambda_2$$





Segulrás með mörgum inn/úttökum (5)

UNIVERSITY OF ICELAND

- Við gerum nú ráð fyrir *línulegri* segulrás þ.e. línulegu jöfnuhneppi fyrir **flæðistengingar** (flux linkage), λ_k sem fall af **straumi** (i_k) í gegnum stærðirnar **span** (L_{kk}) og **gagnkvæmt span** (L_{kj}):

$$\begin{aligned}\lambda_1 &= L_{11}i_1 + L_{12}i_2 \\ \lambda_2 &= L_{21}i_1 + L_{22}i_2\end{aligned}$$

- Þessar 2 jöfnur með 2 óþekktum er unnt að leysa auðveldlega og þá fæst:

$$i_1 = \frac{L_{22}\lambda_1 - L_{12}\lambda_2}{D}$$

- Þessum jöfnum verður stungið inn í heildina hér að ofan

$$i_2 = \frac{-L_{21}\lambda_1 + L_{11}\lambda_2}{D}$$

- Gagnkvæmt span er alltaf eins í báðar áttir

$$L_{21} = L_{12}$$

- Við sjáum að D er *ákveða* (determinant) 2x2 línulegs jöfnuhneppis

$$D = L_{11}L_{22} - L_{12}L_{21}$$



Segulrás frh

UNIVERSITY OF ICELAND

- Við stingum nú straumum sem falli af λ inn í heildina
- Þá fæst eftirfarandi jafna. Hún er útreikningur á **orku** kerfis með 2 raf-inn/útgöngum:

$$i_1 = \frac{L_{22}\lambda_1 - L_{12}\lambda_2}{D}$$

$$i_2 = \frac{-L_{21}\lambda_1 + L_{11}\lambda_2}{D}$$

$$W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0) = \int_0^{\lambda_{1(0)}} i_1 d\lambda_1 + \int_0^{\lambda_{2(0)}} i_2 d\lambda_2$$

$$W_{fld}(\lambda_{1(0)}, \lambda_{2(0)}, \theta_0) = \int_0^{\lambda_{1(0)}} \frac{L_{22}(\theta_0)\lambda_1 - L_{12}(\theta_0)\lambda_{2(0)}}{D(\theta_0)} d\lambda_1 + \int_0^{\lambda_{2(0)}} \frac{L_{11}(\theta_0)\lambda_2 - L_{21}(\theta_0)\lambda_1}{D(\theta_0)} d\lambda_2$$

$$W_{fld}(\lambda_{1(0)}, \lambda_{2(0)}, \theta_0) = \frac{L_{22}(\theta_0)}{2D(\theta_0)} (\lambda_{1(0)})^2 + \frac{L_{11}(\theta_0)}{2D(\theta_0)} (\lambda_{2(0)})^2 - \frac{L_{12}(\theta_0)}{D(\theta_0)} \lambda_{1(0)} \lambda_{2(0)}$$

Hér hefur orkan verið táknuð sem 2. gráðu fall af flæðisvafningum, λ með stuðlum sem eru fall af **spanfylkinu og andhverfu þess**. En **hvernig fall er þetta í almennu tilfalli með marga innganga?**



Segulrás frh

UNIVERSITY OF ICELAND

- Farið er nú aftur í **almennt** segulkerfi með mörgum (N) inngöngum og 1 hreyfifræðilegum útgangi þá fæst ef vægið er núll:
- Við fáum einnig eftirfarandi **jöfnuhneppi** um samband flæðisvafninga og straums fyrir almennt kerfi með mörgum inngöngum
- Þetta er samsvarandi meðfylgjandi **fylkjajöfnum** sem almennt er unnt að finna andhverfu á

$$dW_{fld} = \sum_{i=1}^N i_i d\lambda_i - T_{fld} d\theta$$

$$W_{fld}(\lambda_{1(0)}, \lambda_{2(0)}, \dots, \lambda_{N(0)}, \theta_0) = \sum_{j=1}^N \int_0^{\lambda_{j(0)}} i_j d\lambda_j$$

$$\lambda_1 = L_{11}i_1 + L_{12}i_2 + \dots + L_{1N}i_N$$

$$\lambda_2 = L_{21}i_1 + L_{22}i_2 + \dots + L_{2N}i_N$$

$$\vdots$$

$$\lambda_N = L_{N1}i_1 + L_{N2}i_2 + \dots + L_{NN}i_N$$

$$\boldsymbol{\lambda} = \mathbf{L}\mathbf{i}$$

$$\mathbf{i} = \mathbf{M}\boldsymbol{\lambda}$$

$$\mathbf{M} = \mathbf{L}^{-1}$$



Segulrás frh

UNIVERSITY OF ICELAND

$$\mathbf{i} = \mathbf{M}\boldsymbol{\lambda}$$

- Við getum nú skrifað eftirfarandi fylkjajöfnu og notað stökin M_{ij} í andhverfu spanfylkisins, \mathbf{L}
- Þá fæst ef við heildum eftirfarandi jöfnu og vægið er núll:
- Þessa jöfnu má skrifa út
- Síðan má stinga inn í hana jöfnuhneppinu,

$$i_1 = M_{11}\lambda_1 + M_{12}\lambda_2 + \dots + M_{1N}\lambda_N$$

$$i_2 = M_{21}\lambda_1 + M_{22}\lambda_2 + \dots + M_{2N}\lambda_N$$

$$\vdots$$

$$i_N = M_{N1}\lambda_1 + M_{N2}\lambda_2 + \dots + M_{NN}\lambda_N$$

$$W_{fld} = \sum_{j=1}^N \int_0^{\lambda_{j(0)}} i_j d\lambda_j$$

$$W_{fld} = \sum_{j=1}^N \int_0^{\lambda_{j(0)}} i_j d\lambda_j = \int_0^{\lambda_{1(0)}} i_1 d\lambda_1 + \int_0^{\lambda_{2(0)}} i_2 d\lambda_2 + \dots + \int_0^{\lambda_{N(0)}} i_N d\lambda_N$$



Segulrás með mörgum inn/úttökum (7)

UNIVERSITY OF ICELAND

- Eftir að stungið hefur verið inn jöfnuhneppinu fæst
- Ef við heildum jöfnuna fæst þegar heildaður er liður með “sömu af λ -breytu” :

$$\int_0^{\lambda_k} M_{kk} \lambda'_k d\lambda'_k = \frac{1}{2} M_{kk} \lambda_k^2$$

- Þegar heildaður er liður með “mismunandi λ -breytum” þá eru neðangreindar 2 heildir jafngildar:

$$\int_0^{\lambda_k} M_{jk} \lambda'_j d\lambda'_k + \int_0^{\lambda_j} M_{kj} \lambda'_k d\lambda'_j \quad \text{og}$$

$$\int_0^{\lambda_j \lambda_k} M_{kj} d(\lambda'_j \lambda'_k) \quad \text{sem gefur} \quad M_{kj} \lambda_k \lambda_j$$

...þar sem $d(xy) = xdy + ydx$

$$\begin{aligned} W_{fld} &= \int_0^{\lambda_{1(0)}} (M_{11}\lambda_1 + M_{12}\lambda_2 + \dots + M_{1N}\lambda_N) d\lambda_1 \\ &+ \int_0^{\lambda_{2(0)}} (M_{21}\lambda_1 + M_{22}\lambda_2 + \dots + M_{2N}\lambda_N) d\lambda_2 \\ &+ \dots + \int_0^{\lambda_{N(0)}} (M_{N1}\lambda_1 + M_{N2}\lambda_2 + \dots + M_{NN}\lambda_N) d\lambda_N \end{aligned}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulrás með mörgum inn/úttökum (8)

- Sameinaðir hafa verið hér að framan 2 liðir í einn af taginu...
- ..með aðgerðinni.....
- Við kljúfum þá upp aftur og myndum summu þar sem breytur k og j hlaupa yfir öll gildi. Stuðullinn $\frac{1}{2}$ kemur því inn í:
- Jafnan er “kvaðratískt form” yfir breytur, λ með stuðlum úr fylkinu \mathbf{M}
- **Unnt er nú að skrifa almenna jöfnu fyrir vægið eða kraftinn:**
- Í samantekt: \mathbf{M} er andhverfa spanfylkisins \mathbf{L} og orkan er táknuð sem 2. gráðu fall af flæðistengingum, λ með stuðlum úr $\mathbf{M}=\mathbf{L}^{-1}$

$$M_{kj} \lambda_k \lambda_j$$

$$d(xy) = xdy + ydx$$

$$W_{fld} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} \lambda_k M_{kj} \lambda_j$$

$$T_{fld} = -\frac{\partial W_{fld}}{\partial \theta} = -\sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} \lambda_k \frac{\partial M_{kj}}{\partial \theta} \lambda_j$$

$$k_{fld} = -\frac{\partial W_{fld}}{\partial x} = -\sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} \lambda_k \frac{\partial M_{kj}}{\partial x} \lambda_j$$



Segulrás með mörgum inn/úttökum (9)

- Skoðað er aftur lítið kerfi með 2 raf-inntökum

$$W'_{fld}(i_1, i_2, \theta_0) = \lambda_1 i_1 + \lambda_2 i_2 - W_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0)$$

- Unnt er að leiða út hliðstæðar jöfnur með notkun á hugtakinu **samorka**.

$$dW'_{fld}(i_1, i_2, \theta_0) = d(\lambda_1 i_1 + \lambda_2 i_2) - dW_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0)$$

$$dW'_{fld}(i_1, i_2, \theta_0) = (i_1 d\lambda_1 + \lambda_1 di_1 + \lambda_2 di_2 + i_2 d\lambda_2) - dW_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0)$$

- Með diffrun á þessari jöfnu fæst

$$dW_{fld} = i_1 d\lambda_1 + i_2 d\lambda_2 - T_{fld} d\theta$$

- Unnt er nú að nota fyrri jöfnu um útreikningi á **orkujafnvægi** kerfisins

$$dW'_{fld}(i_1, i_2, \theta_0) = \lambda_1 di_1 + \lambda_2 di_2 + T_{fld} d\theta$$

- Þessi jafna gefur eftirfarandi jöfnu



Segulrás með mörgum inn/úttökum (10)

- Unnt er nú að skilgreina hlutafleiður út frá hugtakinu **samorka**:
- Auðvitað þarf einnig hér í hverju tilfalli að líta á vissar stærðir sem fasta þegar tekinn er hlutdiffurkvótinn

$$dW'_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0) = \lambda_1 di_1 + \lambda_2 di_2 + T_{fld} d\theta$$

$$\lambda_1 = \left. \frac{\partial W'_{fld}(i_1, i_2, \theta)}{\partial i_1} \right|_{i_2, \theta}$$

$$\lambda_2 = \left. \frac{\partial W'_{fld}(i_1, i_2, \theta)}{\partial i_2} \right|_{i_1, \theta}$$

$$T_{fld} = \left. \frac{\partial W'_{fld}(i_1, i_2, \theta)}{\partial \theta} \right|_{i_1, i_2}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulrás með 2 inntökum

- Með föstu afli t.d. $d\theta = 0$ er nú unnt að heilda og finna stærðina **samorka**:

$$W'_{fld}(i_{1(0)}, i_{2(0)}, \theta_0) = \int_0^{i_{1(0)}} \lambda_1 di_1 + \int_0^{i_{2(0)}} \lambda_2 di_2$$

- Stungið er inn fyrrgreindu 2x2 jöfnuhneppi

$$\begin{aligned} \lambda_1 &= L_{11}i_1 + L_{12}i_2 \\ \lambda_2 &= L_{21}i_1 + L_{22}i_2 \end{aligned} \quad L_{12} = L_{21}$$

- Þá fæst eftirfarandi heild og auðvelt er að reikna út **heildarsamorkuna** í kerfinu

$$W'_{fld} = \int_0^{i_{1(0)}} (L_{11}i_1 + L_{12}i_2) di_1 + \int_0^{i_{2(0)}} (L_{21}i_1 + L_{22}i_2) di_2$$

- Í framhaldi er unnt að finna vægið sem verkar á segulkerfið og sama nðurstaða fæst og áður

$$W'_{fld}(\lambda_{1(0)}, \lambda_{2(0)}, \theta_0) = \frac{1}{2} L_{11}(\theta) i_1^2 + \frac{1}{2} L_{22}(\theta) i_2^2 + L_{12}(\theta) i_1 i_2$$

$$T_{fld} = \frac{\partial W'_{fld}(\lambda_{1(0)}, \lambda_{2(0)}, \theta_0)}{\partial \theta} = \frac{i_1^2}{2} \frac{dL_{11}(\theta)}{d\theta} + \frac{i_2^2}{2} \frac{dL_{22}(\theta)}{d\theta} + i_1 i_2 \frac{dL_{12}(\theta)}{d\theta}$$



Segulrás frh

UNIVERSITY OF ICELAND

- Skoðað er aftur almennt kerfi með N raf-inntökum
- Almenna jafnan verður um **samorku**:
- Með vægi(afli)=0
- Stungið er inn fyrrgreindu $N \times N$ jöfnuhneppi
- Þá fæst með hliðstæðum hætti svipuð jafna og í tilfellinu orka

$$dW'_{fld}(\lambda_1, \lambda_2, \theta_0) = \sum_{j=1}^N \lambda_j di_j + T_{fld} d\theta$$

$$dW'_{fld} = \lambda_1 di_1 + \lambda_2 di_2 + \dots + \lambda_N di_N$$

$$\lambda_1 = L_{11}i_1 + L_{12}i_2 + \dots + L_{1N}i_N$$

$$\lambda_2 = L_{21}i_1 + L_{22}i_2 + \dots + L_{2N}i_N$$

$$\vdots$$

$$\lambda_N = L_{N1}i_1 + L_{N2}i_2 + \dots + L_{NN}i_N$$

$$W'_{fld} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} i_k L_{kj} i_j$$



Segulrás frh

UNIVERSITY OF ICELAND

- Þessa jöfnu er unnt að diffra til að finna vægið (kraftinn sem verkar á segulkerfið:

$$W'_{fld} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} i_k L_{kj} i_j$$

vægi



$$T_{fld} = \frac{\partial W'_{fld}}{\partial \theta} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} i_k \frac{\partial L_{kj}}{\partial \theta} i_j$$

eða

kraftur



$$k_{fld} = \frac{\partial W'_{fld}}{\partial x} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} i_k \frac{\partial L_{kj}}{\partial x} i_j$$



Einföld einfasa rafmagnsvél


1. Einfasa rafmagnsvél með rótor með útstandandi póla og breytilegt sjálfspan bæði á stator og rótor.
2. Einfasa rafmagnsvél með rótor með útstandandi póla og breytilegt sjálfspan á stator en fast sjálfspan á rótor.
3. Einfasa rafmagnsvél með sívalan rótor og fast sjálfspan bæði á rótor og stator



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld einfasa “rafmagnsvél”

- Förum nú til baka í einföldu **einfasa** “rafmagnsvélina” úr fyrirlestri nr 7 (sjá mynd hér til hliðar)
- Áður út leidd jafna fyrir vægi sem verkar á snúð er endurtekin hér til hliðar:
- Getum einnig litið á vél með sívalan snúð þ.e. L_{11} =fasti og L_{22} =fasti. Þá fékkst jafnan fyrir vægið
- Við getum tvítekið síðasta liðinn
- Jöfnurnar hér til hliðar eru í raun sértilfelli á fyrri jöfnu (Innrömmuð jafna), þar sem endurtaka má síðasta liðinn
- Hér er því $N=2$ og eins höfum við í huga að þegar L_{11} og L_{22} eru fastar verður vægið:



$$T = \frac{dW_{fld}}{d\theta} = \frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2 + \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$

$$T = \frac{dW_{fld}}{d\theta} = \frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{21}}{d\theta} i_2 i_1$$

$$T = T_{fld} = \sum_{k=1}^N \sum_{j=1}^N \frac{1}{2} i_k \frac{\partial L_{kj}}{\partial \theta} i_j$$


$$T = \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld einfasa “rafmagnsvél”

- Hins vegar verður nú skoðuð vél þegar sjálfspanið, L_{11} og L_{22} er ekki fasti heldur breytist með snúningi rótors, þ.e. Það er fall af θ , eins og meðfylgjandi jöfnur sýna
- Lítum því á vél með rótor með **útstandandi pólum**. Hér er sjálfspanið **fyrir báða hluta vélarinnar** háð hornstöðu rötors með “mjúkri sínussveiflu”, þar sem sjálfspanið sveiflast milli lægsta og hæsta gildis eftir stöðu rötors og gangkvæma spanið skiptir um formerki eins og áður er vikið að.
- Með því að stinga innrömmuðu jöfnunum inn í efstu jöfnuna fást niðurstöður á næstu skyggnu....



$$L_{11}(\theta) = L_1 + \Delta L_1 \cos 2\theta$$

$$L_1 = \frac{1}{2}(L_{1,\max} + L_{1,\min})$$

$$\Delta L_1 = \frac{1}{2}(L_{1,\max} - L_{1,\min})$$

$$L_{22}(\theta) = L_2 + \Delta L_2 \cos 2\theta$$

$$L_2 = \frac{1}{2}(L_{2,\max} + L_{2,\min})$$

$$\Delta L_2 = \frac{1}{2}(L_{2,\max} - L_{2,\min})$$

$$L_{12} = M \cos \theta$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld einfasa “rafmagnsvél”(2)

- Jafnan hér til hliðar gildir fyrir vægið og við stingum inn í hana breytilega spaninu, og þá fæst....

$$T = \frac{dW_{fld}}{d\theta} = \frac{1}{2} \frac{dL_{11}}{d\theta} i_1^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{22}}{d\theta} i_2^2 + \frac{dL_{12}}{d\theta} i_1 i_2$$



$$T = -\Delta L_1 \cdot \sin 2\theta \cdot i_1^2 - \Delta L_2 \cdot \sin 2\theta \cdot i_2^2 + M \sin \theta \cdot i_1 i_2$$

- Við getum nú skilgreint eftirfarandi vægisstuðla ...

$$T_R = i_1^2 \Delta L_1 + i_2^2 \Delta L_2$$

$$T_M = M i_1 i_2$$

- ...og þá fást eftirfarandi einfaldar jöfnur fyrir vél með rótor er hefur **útstandandi póla**.

$$T = -(T_M \sin \theta + T_R \sin 2\theta)$$

- Til samanburðar sést að fyrri vél með rótor sem hefur **sívalan snúð** fær tilsvareandi einfalda jöfnu


$$T = -T_M \sin \theta$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld einfasa “rafmagnsvél”(3)

- Fyrri vél var ekki “sívöl vél”, þ.e. sjálfspan rótors var háð hornstöðunni
- Skoðum nú einfalda **sívala** 1-fasa rafmagnsvél með rótor er hefur útstandandi póla og hefur þverskurð eins og sýndur er á mynd til hliðar. Hún hefur enn, eins og áður 2 rafmagnsinntök nú einkennd með “s” (stator) og “r” (rótor)
- Við gerum ráð fyrir (eins og áður) að segulviðnám og sjálfspan rásar “s” (stator) sé háð hornstöðunni θ . **Þetta gildir hins vegar ekki lengur ekki fyrir rótor (“r”), þ.e. sjálfspanið L_r sé fasti. Þetta sést glögg á myndinni.** Þá fást eftirfarandi jöfnur:
- Að lokum fæst jafna fyrir vægið:



$$\lambda_s = L_{ss} i_s + L_{sr} i_r$$

$$\lambda_r = L_{rs} i_s + L_{rr} i_r$$

$$\lambda_s = (L_s + \Delta L_s \cos 2\theta) i_s + (M_0 \cos \theta) i_r$$

$$\lambda_r = (M_0 \cos \theta) i_s + L_r i_r$$

$$T = \frac{1}{2} \frac{dL_{ss}}{d\theta} i_s^2 + \frac{1}{2} \frac{dL_{rr}}{d\theta} i_r^2 + \frac{dL_{sr}}{d\theta} i_s i_r$$

$$T = -i_s i_r M_0 \sin \theta - i_s^2 \Delta L_s \sin 2\theta$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld einfasa “rafmagnsvél”(4)

- Við skilgreinum nú eftirfarandi þætti
 - Aðalvægi (primary torque), T_1 (sama og áður)
 - Segulviðnámsvægið (reluctance torque), T_2

$$T_1 = -i_s(t)i_r(t)M_0 \sin \theta$$

$$T_2 = -i_s^2(t)\Delta L_s \sin 2\theta$$

$$T = T_1 + T_2$$

$$i_s(t) = I_s \sin \omega_s t$$

$$i_r(t) = I_r \sin \omega_r t$$

$$\theta(t) = \omega_m t + \theta_0$$

- Heildarvægi er summa beggja þátta:

- Setjum nú enn og aftur inn riðstrauma á inngangana....

$$T_1 = -(I_s \sin \omega_s t)(I_r \sin \omega_r t)(M_0 \sin(\omega_m t + \theta_0))$$

- ...og gerum ráð fyrir að rótor snúist....

$$T_1 = -\frac{I_s I_r M_0}{4} ((\sin(\omega_m + \omega_s - \omega_r)t + \theta_0) + (\sin(\omega_m - \omega_s + \omega_r)t + \theta_0))$$

- Og þá fæst fyrir vægið

$$-(\sin(\omega_m + \omega_s + \omega_r)t + \theta_0) - (\sin(\omega_m - \omega_s - \omega_r)t + \theta_0))$$



Trigonometric formulas

Síðasta jafnan fæst með því að margfalda saman 3 sínusa.
Þá fást 4 liðir með öllum mögulegum formerkjum á x og y ef z er ávallt jákvæð stærð. (ath að $\sin(u)=-\sin(-u)$)

$$\sin x \sin y = \frac{1}{2}(\cos(x - y) - \cos(x + y))$$

$$\sin x \cdot \cos y = \frac{1}{2}(\sin(x + y) + \sin(x - y))$$

$$\sin x \sin y \sin z = \frac{1}{2}(\sin z \cos(x - y) - \sin z \cos(x + y))$$

$$\sin x \sin y \sin z = \frac{1}{4}(\sin(z + x - y) - \sin(z - x + y) + \sin(z + x + y) - \sin(z - x - y))$$



Einföld einfasa “rafmagnsvél”(5)

- Meðalvægið verður frábrugðið 0 ef...

$$\omega_m = \pm\omega_s \pm \omega_r$$

- Dæmi: gerum ráð fyrir...

$$\omega_m = -\omega_s + \omega_r$$

- Þá fæst meðalvægið

$$T_{1(\text{average})} = -\frac{I_s I_r M_0}{4} \sin \theta_0$$

- ...ef

$$\omega_m = \omega_s + \omega_s$$

- ...fæst einnig...

$$T_{1(\text{average})} = -\frac{I_s I_r M_0}{4} \sin \theta_0$$

- Segulviðnámsvægið verður:

$$T_2 = -\frac{I_s^2 \Delta L_s}{4} (2 \sin(2\omega_m t + 2\theta_0) - \sin(2(\omega_m + \omega_s)t + 2\theta_0) - \sin(2(\omega_m - \omega_s)t + 2\theta_0))$$



Einföld einfasa “rafmagnsvél”(6)

- Ef eftirfarandi skilyrði gildir um hornhraðana:
- ... fæst þessi jafna fyrir meðalvægið (en augnabliksvægið er enn mjög skrykkjótt og vélin titrar...)

$$\omega_m = \pm \omega_s$$

$$T_{2(\text{average})} = -\frac{I_s^2 \Delta L_r}{4} \sin 2\theta_0$$



Samantekt

- Við höfum verið að skoða 1 fasa vélar og almenn segulkerfi. **Vélarnar hafa skrykkjótt vægi og titra sem er verulegur ókostur.**
- Skoðum þessu næst og útvíkkum í **2 fasa vél** þ.e. vél með 2 rafinngögnum á stator og 2 á rótor, þ.e. samtals **4 inngangar** fyrir raforku.
- Þetta er áfangi í átt til 3 fasa véla....



Einföld 2-fasa rafmagnsvél



1. 2 vafningar á hvorum hluta vélarinnar.
2. Samtals 4 vafningar (Segulkerfi með 4 “rafmagnsinntökum”)
3. Vafningar eru “hornréttir” hvor á annan á rótor og stator. Þetta gildir bæði í tíma og rúmi..!!
Gagnkvæma spanið á milli þeirra er því núll



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld 2 fasa “rafmagnsvél”(1)

- Skoðum nú **2-fasa rafmagnsvél** með 2 inntökum á stator og 2 inntökum á rótor. Hún hefur þverskurð eins og sýndur er á mynd til hliðar. Rafmagnsinntök einkennd með “s” (stator) og “r” (rótor) og síðan á a-ás og b-ás.
- Við höfum því bætt við aukavafningum mektum “b” á báðum hlutum vélarinnar miðað við einfasa vélinu
- Á neðri myndinni er afstaða þessara ása sýnd svipað og afstaða spennuvísa yfir viðkomandi vafninga. Þannig er a-ás **hornréttur í rúmi** á b-ás.
- Við setjum inn strauma sem eru “hornréttir í tíma” (cos, sin)
- Við gerum ráð fyrir að loftbilið sé jafnt og óháð stöðuhorninu θ , þ.e. **rótorinn** sé **sívalur**.





UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld 2 fasa “rafmagnsvél”(2)

- Við setjum upp fylkjajöfnu til að tákna spantengsl vélarinnar.
- Gert ráð fyrir að eftirfarandi “hornréttir” straumar fari inn á vafninga vélarinnar. Með því er átt við að **90 gráður sé milli straumanna í tíma...!!**
- Einnig gildir að snúningur rótors er:


$$i_{as}(t) = I_s \cos \omega_s t$$

$$i_{bs}(t) = I_s \sin \omega_s t$$

$$i_{ar}(t) = I_r \cos \omega_r t$$

$$i_{br}(t) = I_r \sin \omega_r t$$

$$\theta(t) = \omega_m t + \theta_0$$



$$\begin{bmatrix} \lambda_{as} \\ \lambda_{ar} \\ \lambda_{bs} \\ \lambda_{br} \end{bmatrix} = \begin{bmatrix} L_s & M_0 \cos \theta & 0 & M_0 \cos \theta \\ M_0 \cos \theta & L_r & -M_0 \cos \theta & 0 \\ 0 & M_0 \cos \theta & L_s & M_0 \cos \theta \\ -M_0 \cos \theta & 0 & M_0 \cos \theta & L_r \end{bmatrix} \begin{bmatrix} i_{as} \\ i_{ar} \\ i_{bs} \\ i_{br} \end{bmatrix}$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld 2 fasa “rafmagnsvél”(3)

- Við fáum eftirfarandi jöfnur fyrir augnabliksvægi, T_{fld} á rótor.

$$T(t) = M_0((i_{ar}i_{bs} - i_{br}i_{as}) \cos \theta - (i_{ar}i_{as} - i_{br}i_{bs}) \sin \theta)$$


$$T(t) = M_0 I_s I_r \sin((\omega_m - \omega_s - \omega_r)t + \theta_0)$$

- Skilyrði fyrir því að augnabliksvægið sé **fasti** er

$$\omega_m = \omega_s - \omega_r$$

- Þetta gerir vélinna að 2 fasa SPANVÉL og er augnabliksvægið **fasti** þótt segulmögnunarstraumar séu sínuslagaðir!!!

$$T_{average} = M_0 I_s I_r \sin \theta_0$$





Samantekt

UNIVERSITY OF ICELAND

- 1-fasa vélar gefa **augnabliksvægi** sem sveiflast verulegar með tíðni riðstraumsins sem er settur inn á stator og rótor vélanna. Þær fara því að titra vegna hreyfifræðilegrar áraunar á öxla o.sv frv.
- 2-fasa vélar með “hornréttum” riðstraumum gefa **fast augnabliksvægi** og aflflutningur þeirra verður því mun jafnari og þægilegri (án titrings)
- 3-fasa vélar. Hvað með þær?



Heimildir/tilvísanir

- *Electric Machinery*; Höf.: Fitzgerald, Kingsley & Umans; 6. útgáfa: McGraw-Hill, 2003
- *Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*, 2nd Edition Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, 2002
Wiley/IEEE Press.
- *Electrical Energy Systems*; Höf: M. E. El-Hawary, CRC Press, 2000



Inngangur og yfirlit yfir rafmagnsvélar

Introduction to rotating machines




Grunnhugtök og meginþættir

- Klassískar gerðir véla
 - Riðstraumsvélar
 - Samfasavél (synchronous machine)
 - Spanvél (induction machine)
 - Jafnstramsvél (DC-machine)
- Stator – rotor – loftbil
- Rafali – mótor
- Sívalur snúður – snúður með útstandandi póla
- Sviðsvafningar – akkerisvafningar
- Fjöldi póla




Flokkun riðstraumsvéla






Flokkun jafnstraumsvéla





Sátur (stator) – snúður (rotor)

- Höfum áður skilgreint þessa meginhluta rafmagnsvélar:
 - Sátur (Stator), þ.e. fastur hluti vélarinnar oft tengdur beint við raforkukerfið (3 fasar)
 - Snúður (Rotor), er hreyfanlegur hluti vélarinnar og tengdur með öxli við túrbínu.






UNIVERSITY OF ICELAND

Rafali (Generator) – Hreyfill (Mótor)

- **RAFALI:** Breytingar í flæðistengingum í gegnum spólu miðað við tíma valda því að spenna spanast upp í spólunni. Þetta er lögmál Faradays!!
- **MÓTOR:** Kraftur sem verkar á leiðara í segulsviði er flytur straum veldur hreyfingu leiðarans


$$e = \frac{d\lambda}{dt}$$





Mismunandi snúðar

- Sívalur snúður (round rotor):
1800-3600 rpm (2-4 pólur)
 - Gastúrbínur
 - Gufutúrbínur
- Snúður með útstandandi póla
(salient pole rotor): 100-300 rpm
 - Vatnsaflsrafalar





Samfasavélar (synchronous machines)


- Samfasavél dregur nafn sitt af því að hún gengur í takt við tíðni raforkukerfisins
- Stator samfasavélar er samsettur úr járnsegulmögnum plötum (laminated iron-core) með raufum (slots) þar sem 3 fasa vafningum er komið fyrir.
- Snúður hefur annað hvort útstandandi póla eða er sívalur
 - Snúðurinn er segulmagnaður með jafnstraumi. (DC current excitation)
 - Jafnstraumurinn kemur frá ytri spennugjafa í gegnum sleytuhringi (slip-rings) og burstu.



Samfasavélar Snúður með útstandandi póla

Construction


- Low speed, large hydro-generators may have more than one hundred poles.
- These generators are frequently mounted vertically.
- The picture shows a large, horizontally arranged machine.





UNIVERSITY OF ICELAND

Vatnsaflsvirkjun-rotor





UNIVERSITY OF ICELAND

Rótor í Laxárvirkjun

Salient pole rotor construction


The poles are bolted to the shaft. Each pole has a DC winding. The DC winding is connected to the slip-rings (not shown). A DC source supplies the winding with DC through brushes pressed into the slip ring. A fan is installed on the shaft to assure air circulation and effective cooling.





UNIVERSITY OF ICELAND

Stator í Láxárvirkjun





UNIVERSITY OF ICELAND

Stator á samfasavél

Stator á 3 fasa
500 MVA
rafala, 200 r/mín
með 9.25 m
þvermáli




Figure 16.2a


Stator of a 3-phase, 500 MVA, 0.95 power factor, 15 kV, 60 Hz, 200 r/min generator. Internal diameter: 9250 mm; effective axial length of iron stacking: 2350 mm; 378 slots.

(Courtesy of Marine Industrie)



UNIVERSITY OF ICELAND

Statorvafningar í Láxárvirkjun





UNIVERSITY OF ICELAND

Vatnsaflsvirkjun-stator






UNIVERSITY OF ICELAND

Samfasavélar

Housing ,cooling ducts






Samfasavélar

Stator

- Laminated iron core with slots
- Steel Housing

The RIGI-FLEX On-site Stator Rewind Program






Samfasavélar

Stator details

- Coils are placed in slots
- Coil end windings are bent to form the armature winding.






Samfasavélar

- **Round rotor**
- The round rotor is used for large high speed (3600rpm) machines.
- A forged iron core (not laminated,DC) is installed on the shaft.
- Slots are milled in the iron and insulated copper bars are placed in the slots.
- The slots are closed by wedges and re-enforced with steel rings.


Round rotor





Samfasavélar með einsleitu loftbili (sívölum snúð)

- **Round rotor**






UNIVERSITY OF ICELAND

Samfasavélar


Rotor Details





Samfasavélar

Round rotor






UNIVERSITY OF ICELAND

Sviðsvafningar - akkerisvafningar

- **Sviðsvafningar** (field windings) búa til segulsvið og segulflæði í vélinni
- Myndin sýnir einfasa samfasavél.
- **Á samfasavélum eins og vélinni á myndinni eru sviðsvafningarnir á rótor**






Akkerisvafningar

UNIVERSITY OF ICELAND

- **Akkerisvafningar** (armature windings) eru þeir vafningar þar sem spanast upp spennu og straumur vegna hreyfingar vafninganna í sviði
- **Á samfasavélinni á myndinni eru akkerisvafningarnir á stator**



Í "WEBSTER'S THIRD NEW INTERNATIONAL DICTIONARY" er armature skilgreint þannig:

"The part of a dynamoelectric machine carrying the conductors whose relative movement through the magnetic field between the pole pieces causes an electric current to be induced in the conductors (as in dynamo) or which by having a current passed through them are caused by electromagnetic induction to move through this field (as in the motor)."




UNIVERSITY OF ICELAND


Vélar með mismunandi fjölda póla

- Lágmarksfjöldi póla er 2. Vélar hafa heilt margfeldi af 2 sem fjölda póla
- Fyrir samfasavélar og miðað við t.d. 50 Hz fasta tíðni lækkar snúningshraðinn í réttu hlutfalli við fjölda póla
- Við getum haft, 2,4,6.... sem fjölda póla
- Við gerum greinarmun á “rafmagnsgráðum” og “hreyfigráðum”


2 póla vél



4 póla vél



6 póla vél






UNIVERSITY OF ICELAND

Segulflæði

- Segulflæði í samfasavél með 4 pólum og sívöllum rótor





Klassískar gerðir véla fyrir mismunandi fjölda fasa

- Riðstraumsvélar
 - Samfasavélar (Synchronous machines)
 - 1 fasa
 - 3 fasa
 - Spanvélar (induction Machines)
 - 1 fasa
 - 3 fasa
- Jafnstraumsvélar (Direct Current Machines)



UNIVERSITY OF ICELAND

Snúningshraði og fjöldi póla

$$f_e = \frac{p}{2} \cdot f_m = \frac{p}{2} \cdot \frac{n}{60} = \frac{p \cdot n}{120}$$

$$\longleftrightarrow f_e = 50 \text{ Hz}$$

$$6000 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{6000}{p}$$

$$\longleftrightarrow f_e = 60 \text{ Hz}$$

$$7800 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{7800}{p}$$

Tákn:

ω_e = “rafmagns- radíanar”


ω_m = “mekanískir radíanar”

f_e = tíðni riðspennu frá samfasavél (50 eða 60 Hz)

f_m = snúningshraði rotors á sek

p = fjöldi póla (2,4,6...)

n = snúningshraði á mínútu (rpm)



$$\omega_m = \frac{2}{p} \omega_e$$

Dæmi um fjölda póla:


p	n ($f = 50 \text{ Hz}$)
2	3000
4	1500
10	600
20	300
26	230.8



UNIVERSITY OF ICELAND

Nokkur hugtök – Samantekt- Almennar rafmagnsvélar

- Vélar hafa **sátor** (stator) og **snúð** (rotor). (áður skilgreint)
- Vélar hafa **sviðsvafninga** (field windings) og **akkerisvafninga** (armature windings)
- Vélar hafa 2 póla eða 4 póla eða 8..., þ.e. **heild margfeldi af 2 sem fjölda póla**
- Vélar hafa **sívalan snúð** (round rotor) eða **útstandandi póla á snúð** (salient pole rotor)
- Vélar byggja á **jafnstraumi** eða **riðstraumi** (spanvélar, samfasavélar)






UNIVERSITY OF ICELAND

Rafmagnsvél með sívölum snúð

- Í rafmagnsvél með sívölum snúð er loftbilið jafnt óháð snúningi vélarinnar
- Segulviðnámið í rásinni breytist lítið eða ekki við snúning rótorsins
- Þessar vélar eru algengar ef **snúningshraði er mikill og fjöldi póla lítill**
- Rótorvafningunum er komið fyrir í raufum á á ytra borði snúðsins.
- Statorvafningunum er einnig komið fyrir í raufum á innra borði statorsins (ekki sýnt á myndinni)
- Stator og rótor eru gerðir úr járnkjarna sem er venjulega settur saman úr plötum (laminations)







UNIVERSITY OF ICELAND

3 fasa rafmagnsvélar


- Þegar rafmagnsvél er 3 fasa þarf að dreifa vafningum allra fasanna á hringferilinn bæði á rótor og stator
- Skipta þarf hringferlinum upp í svæði þar sem slaufur í hverjum fasa taka við hver af annarri í tiltekinni fasaröð, þ.e. abcabcabc.....
- Þegar pólum er fjölgað t.d. úr 2 í 4 í 3 fasa rafmagnsvélum er fjöldi svæða tvöfaldaður.



(a)



(b)




(c)



UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnstraumsvélar

- Notum hægrihandarreglu til að sjá kraftáhrifinn, F á leiðara með straumi, I í segulsviði B
- **Straumskiptir** sér um að straumstefna verður alltaf sú sama á þeim leiðara sem er við sama segulpólinn, jafnvel þótt spólan snúist





Samantekt -- yfirlit

- Rafmagnsvélar eru flókin fyrirbrigði og það þarf ítarleg stærðfræðileg líkön til að lýsa þeim með nákvæmni.
- Þó má segja að þær séu einfaldar ef aðeins eru skoðuð meginatriði í hegðun og virkni þeirra.



Samfasavélar - yfirlit

(Synchronous machines)




Samfasavélar - nokkur einkenni

- Sviðsvafningar á snúð, akkerisvafningar á sátur
- Tvöföld segulmögnun (sátur og snúður)
- Segulmögnun á snúð með jafnstraumi
- Fastur snúningshraði
 - Segulsvið í loftbili snýst á sama hraða og snúður
- Eyðir eða framleiðir launafl í raforkukerfi
- Notkunarvið:
 - Í raforkukerfi sem rafali
 - Í iðnaði þar sem þarf fastan snúningshraða



3 fasa samfasavélar



- Skoðum 3 fasa samfasavél eins og sýnd er á mynd
- Gerum ráð fyrir að straumar á stator séu samhverfir 3 fasa sínus-lagaðar straumsveiflur með sömu sveifluhæð og 120 gráðu fasamun
- Við sjáum tímamynd af þessum straumum. Þeir mynda jafnt snúningssvið sem snýst í loftbilinu í takt við tíðni þessara strauma
- Rótorinn er eins og segulnál í þessu sviði





Snúningssvið


- Myndin sýnir stefnu sviðsins á 3 mismunandi augnablikum á 50 hz sveiflunni.
- Við sjáum að áhrif fasanna 3 leggjast saman og mynda jafnan snúning sviðsins eins og vektorar á neðri myndinni sýna
- Kosturinn við 3 fasa vél er að styrkur sviðsins er jafn í loftbilinu miðað við viðmiðun sem snýst með jöfnum 50 Hz “hraða”, þótt hann sveiflist með tíma á hverjum stað





Snúningsvektorar

- Myndin sýnir vektorsamlagningu 3 vektora.
 - **1. vektorinn (rauð ör)** er segulkraftur eftir segulás a fasa og er örin hornrétt á línu í gegnum miðju vafninga a -fasans.
 - **2. vektorinn (græn ör)** er segulkraftur eftir segulás b fasa og er örin hornrétt á línu í gegnum miðju vafninga b -fasans.
 - **3. vektorinn er (blá ör)** segulkraftur eftir segulás c fasa og er örin hornrétt á línu í gegnum miðju vafninga c -fasans.
- Vektorsamlagningin sýnir segulkraft (svört ör) sem lýsir snúningssegulsviði sem snýst með stöðugum hraða og styrk






UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifing segulkraftsins eftir hringferli í loftbili vélarinnar

- Myndin sýnir dreifingu segulkrafts í loftbili vélarinnar.
- Í hverjum fasa er segulkrafturinn kyrrstæður en sveiflast í tíma með mismunandi styrk efri því hvar á hringferli loftbilisins er. Þetta sést á lituðu sveiflunum (**rauður**, **blár** **grænn**)
- Niðurstaðan af samlagningu á **3 sveiflum** (1 sveifla í hverjum fasa) verður segulbylgja sem breiðir sig út með föstum hraða og föstum styrk og sveifluhæð (í tíma). Þetta sést á svörtu bylgjunni.






UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifing segulkraftsins þegar vafningar eru dreifðir nálægt loftbili vélarinnar

- Um vafninga sem eru sínusdreifðir eftir hringferlinum nálægt loftbili vélarinnar fer sínuslagaður straumur. Afleiðingin er svið sem sveiflast í tíma og sést línurit um það nálægt hringferlinum í loftbilinu. Loftbilið er sýnt stækkað til að draga það fram. Rúmvektorinn (space vector) er sýndur sem ör er vísar í þá stefnu þar sem sviðið nær hámarki í þósitíva stefnu og lengd örvarinnar er í hlutfalli við hámarksstyrk sviðsins.

SINUSOIDALLY DISTRIBUTED WINDING




MAGNETIC FIELD DISTRIBUTIONS




MMF DISTRIBUTIONS

The sinusoidal space distributions of mmf created by balanced 3-phase sinusoidal currents are shown on the left for the three phases and for their algebraic sum. On the right, the corresponding space vector representations of the effects of each phase are shown together with their vector addition producing the resulting rotating space vector.

WAVE SPACE DISTRIBUTION



SPACE VECTORS




Phase A
Phase B
Phase C
Resultant



3 fasa segulmögnun

- **A rotating sinusoidally distributed winding is excited with a constant current. The resulting rotating flux density field distribution is shown plotted along a circular path in the middle of the air gap (which is greatly enlarged for visual purposes). The axis of this sinusoidal field is also rotating as indicated**





Samfasavélar - lögun snúðs

- Sívalur snúður
 - Jafnt loftbil - dreifðir vafningar
 - Segulviðnám í sáurrás óháð stöðu snúðs
 - Mikill snúningshraði
 - Notkun sem rafali tengdur gas- eða gufutúrbínu
- Snúður með útstandandi pólum
 - Ójafnt loftbil - samþjappaðir vafningar á pól
 - Segulviðnám í sáurrás háð stöðu snúðs
 - Lítil snúningshraði
 - Notkun sem rafali tengdur vatnsaflstúrbínu



UNIVERSITY OF ICELAND

Snúningshraði og fjöldi póla

$$f_e = \frac{p}{2} \cdot f_m = \frac{p}{2} \cdot \frac{n}{60} = \frac{p \cdot n}{120}$$

$$f_e = 50 \text{ Hz}$$

$$6000 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{6000}{p}$$

$$f_e = 60 \text{ Hz}$$

$$7800 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{7800}{p}$$

Tákn:

ω_e = “rafmagns- radíanar”


ω_m = “mekanískir radíanar”

f_e = tíðni riðspennu frá samfasavél (50 eða 60 Hz)

f_m = snúningshraði rotors á sek

p = fjöldi póla (2,4,6...)

n = snúningshraði á mínútu (rpm)



$$\omega_m = \frac{2}{p} \omega_e$$

Dæmi um fjölda póla:

p	n ($f = 50 \text{ Hz}$)
2	3000
4	1500
10	600
20	300
26	230.8



Jafngildisrásamynd rafala

Tiltekinn flúx frá
jafnstraumsrás
rótorvafninga umlykur
hvern fasa statorvafninga

$$\Phi_{fa} = N\phi_{\max} \cos \omega t$$

Hreyfum nú rótor með
hornhraða ω . Gerum ráð
fyrir að flúxinn sé
sínuslagaður. Þá fæst með
notkun lögmáls Faradays:

$$V = E = -\frac{d\Phi_{res}}{dt} = \omega N\phi_{\max} \sin \omega t$$

$$E = E_{\max} \sin \omega t$$

$$E_{\max} = 2\pi fN\phi_{\max}$$



Jafngildisrásamynd rafala (2)

Með skilgreiningu
vafningastuðuls, K_w
verður virkt gildi
spennunnar á klemmum
statorvafninga: →

$$E_{\max} = 2\pi fN\phi_{\max}$$

$$E_{rms} = \frac{2\pi fN\phi_{\max}}{\sqrt{2}} = 4.44 fN\phi_{\max}$$

$$E_{rms} = 4.44 K_w fN\phi_{\max}$$

RMS gildi spennunnar er í beinu hlutfalli við hraða rótors!




UNIVERSITY OF ICELAND

Vísamynd fyrir tómgangsspennu á statorvafningum samfasavélar

Sívalur rótor

1

Flúx sem umvefur fasa "a" á statorvafningum vegna snúningssviðsins sem myndast vegna straums í rótorvafningum



2

$$E = -\frac{d\Phi_{fa}}{dt}$$


3

Spenna sem spanast upp í statorvafningum fasa "a" og er 90 gráðum á eftir flúxinum



Vísamynd fyrir tómgangsspennu á statorvafningum samfasavélar

Sívalur rótor



6

$$\Phi_{res} = \Phi_{fa} + \Phi_{aa}$$

5

$$\Phi_{aa} = L_{aa} I_a$$

4

Gerum ráð fyrir straumi á statorvafningi með einhverju fasahorni β miðað við spennuna

7

$$E_{res} = -\frac{d\Phi_{res}}{dt}$$




Vísamynd samfasavélar með sívalan snúð

8

Spenna sem spanast upp í statorvafningum og er innri spennulind vélarinnar

Sívalur rótor



10

Spenna á tengiklemmum rafalans:

$$V = E_{res} = -\frac{d\Phi_{res}}{dt}$$

9

Straumur á statorvafningi með einhverju fasahorni β miðað við spennuna



Innra spennufall



UNIVERSITY OF ICELAND

Jafngildislíkön rafala

- Rafalinn sem spennulind bak við spanviðnám
- Rafalinn sem aflind.



$$E = V + jIX$$




Aflframleiðsla samfasavélar

- Líkan um aflflutning yfir spankennt samviðnám gildir um einfalt líkan samfasavéla

$$P(\delta) = \frac{|E| \cdot |V| \sin \delta}{X}$$

- Hámarksafll ("pull-out") fæst þegar fasahorn milli rótors og kerfis er 90°


$$P_{\max} = \frac{|E| \cdot |V|}{X}$$



Introduction to rotating machines

a. Induction Machines

b. DC Machines





UNIVERSITY OF ICELAND



The Induction Machine - Fundamentals

The Asynchronous Machine





One phase induction motor

- The single-phase induction machine is the most frequently used motor for refrigerators, washing machines, clocks, drills, compressors, pumps, and so forth.
- The single-phase motor stator has a laminated iron core with two windings arranged perpendicularly
 - One is the main and the other is the auxiliary winding or starting winding
 - This “single-phase” motors are truly two-phase machines.
 - The motor uses a squirrel cage rotor, which has a laminated iron core with slots.
 - Aluminum bars are molded on the slots and short-circuited at both ends with a ring.



The Induction Machine – key characteristics




- Snúningur rótors er ekki í takt við sveiflu statorstrauma.
- Riðstraumur fer bæði um statorvafninga og rótorvafninga
- Rótorvafningar eru oft ekki tengdir ytri spennugjafa heldur **spanast** upp spenna í þeim vegna breytilegs segulflæðis í loftbilinu
- Vélin hegðar sér því ekki ósvipað og spennir. Statorvafningarnir samsvara forvafi, en bakvafið er hliðstætt rótorvafningum. Munurinn er sá að “bakvafið” eru á hreyfingu
- Spanmótorinn er algengasta tegund mótorá
- Snúningssvið fer um loftbilið í takt við sveiflu straums á bæði rótor- og statorvafningum.
- Rótorinn snýst með öðrum hraða (hugtakið “slip”) en sem svarar tíðni statorstrauma og samspil milli sviðs rótors og stators ræður kraftverkun og vægi.



UNIVERSITY OF ICELAND

The Induction Machine - key characteristics

- 3 fasa spanvélin hefur 3 fasa vafninga bæði á stator og rótor. Statorvafningarnir eru oft tengdir ytra raforkukerfi með samhverfum straumum og spennum og eru í raufum strax utan loftbilsins
- Statorvafningar með samhverfum straumum mynda snúningssvið í loftbilinu sem snýst með samfasahraða en hreyfifræðilegur hornhraði sviðsins ræðst af fjölda póla.
- Svipaðir 3 fasa vafningar eru einnig á rótor vélarinnar. Þeir eru innan loftbilsins. Þeir eru ekki tengdir spennugjafa og eru annað hvort tengdir ytri rás með viðnámum eða skammhleyptir.






UNIVERSITY OF ICELAND

The 3 phase Induction Machine Circuit Diagram



- Almenn rásamynd og afstaða vafninga spanvélar lítur út eins og myndin sýnir
- Statorinn hefur oftast 3 fasa sem jafnan eru stjörnutengdir
- Rótorvafningar eru einnig 3 fasa með stjörnutengingu og eru stundum tengdir við ytri **tengiklemmur** er geta haft viðnám í rásinni
- Einnig er möguleiki að skammhleypa rótorvafningana á sjálfum rótorum eins og sýnt er á neðri myndinni





The Induction Machine


- Fjöldi fasa. Spanvélar eru:
 - 3-fasa. Algengari og þýðingarmeiri gerð
 - 1-fasa. Minni spanvélar.
- Rótor getur verið:
 - Vafinn rótor (Wound rotor). Vafningar á hefðbundinn hátt á rótor.
 - Íkorna-búrs rótor eða rótor með **búrvafi**. (Squirrel-cage). Koparstengur felldar inn eftir endilöngum rótor.





UNIVERSITY OF ICELAND

10 horsepower, 3-phase 230 V Induction Machine with squirrel cage rotor






Induction Motors

- The induction machine is used as a motor and as a generator. However, it is most frequently used as a motor. It is the workhorse of industry.
- Majority of the motors used by industry are squirrel cage induction motors.
- Both three-phase and single-phase motors are widely used.
- The induction generators are seldom used. Their typical application is the wind power plant.

One phase induction motor






UNIVERSITY OF ICELAND

Induction Motors

- Stator construction
 - Laminated iron core with slots
 - Coils are placed in the slots to form a three or single phase winding
- Squirrel-cage rotor construction
 - Laminated Iron core with slots
 - Metal bars are molded in the slots
 - Two rings short circuits the bars
 - The bars are slanted to reduce noise




slots



Rotor bars
(slightly skewed)

Two rings short circuits the bars






UNIVERSITY OF ICELAND

Rótor á spanvélum

- Squirrel-cage rotor
 - The picture shows the rotor of a small and a large motor.
 - Both rotors have laminated cores with slots, mounted on a shaft.
 - The aluminum bars are slanted on the small rotor. This reduces the noise and improves performance.
 - **Fins** are placed on the ring that shorts the bars. The fins work as a fan and improves cooling.
 - The large rotor also has fins and bars. But the bars are not slanted.



Squirrel-cage rotor: (a) cast-aluminum conductors; (b) brazed conductors and end-rings.
(Courtesy Siemens Energy and Automation)




UNIVERSITY OF ICELAND

Induction Motors

- Vafinn rótor
- Vafningar og tengiklemmur hvers fasa eru tengdar sleituhringjum og bursta-snertum (slip ring, brush contacts)
- 3 Burstasnertur tengja rótorvafningana við ytri viðnám sem eru tengd í Y eða stjörnutengingu


Hönnun rótors





Spanvélar - nokkur einkenni

- Spanvélin myndar vægi eins og myndin sýnir þar sem vægið er sýnt sem fall af rótorhraðanum, t.d. ef stator er tengdur við 50 Hz kerfi.
- Vægið nær **hámarki** sínu þegar hraði rótors er um 80-90% af samfasa hraða sveiflunnar á stator vélarinnar, þ.e. sleita (slip) er lítil. Sleita er mælikvarða á frávik í hraða rótors frá samfasahraða kerfis
- Þegar vélin sveiflast nákvæmlega í takt við kerfið sem tengt er stator, er vægið og aflflutningur vélarinnar enginn. Þ.e. hún snýst með í “tómgangi”.





The Slip

- The difference between the speed of the rotating stator field and the rotor speed is called **slip**. The smaller the slip, the closer the rotor speed approaches the stator field speed.
- The term **slip** quantifies the slower speed of the rotor in comparison with the rotating speed of the stator magnetic field and is expressed mathematically as:

$$S = (N_s - N_r) / N_s$$

- The rotor is not locked into any position and therefore will continue to slip throughout the motion.
- The speed of the rotor depends upon the **torque requirements** of the load. The bigger the load, the **stronger** the turning **force needed** to rotate the rotor.



The Slip (ctd.)

- The turning force can increase only if the rotor-induced e.m.f. increases
- This e.m.f. can increase only if the magnetic field cuts through the rotor at a faster rate.
- To increase the relative speed between the field and the rotor, the rotor must slow down.
- Therefore, for heavier loads the induction motor turns slower than for lighter loads. The amount of slip increases proportionally with increase in load
- Actually only a slight change in speed is necessary to produce the current changes required to accommodate the changes in load. This is because the rotor windings have a low resistance.
- A typical $T-\omega$ characteristic for the cage-type induction motor is shown on the following slide:




UNIVERSITY OF ICELAND

Speed-Torque Characteristics

Samband
vægis og
hraða fyrir
spanvélinna

torque






The DC machine fundamentals



UNIVERSITY OF ICELAND

The elementary DC machine

- Myndin sýnir einföldustu mögulegu jafnstraumsvél með 2 föstum segulskautum sem t.d. eru mynduð með sísegli
- Segulsvið gengur frá vinstri til hægri á myndinni
- Notum hægri-handarreglu til að sjá kraftáhrifin, F , á leiðara með straumi, I í segulsviði B
- **Straumskiptir** sér um að straumstefna verður alltaf sú sama á þeim leiðara sem er við sama segulpólinn, jafnvel þótt spólan snúist




The commutator



UNIVERSITY OF ICELAND

The DC machine

- Þessi mynd sýnir aðeins nánari útfærslu á **jafnstraumsvél!**
- Sísegull - eða rafsegull með vafningum, sem ekki eru sýndir á myndinni - mynda sviðið á stator og segullínur ganga frá norðurstauti til suðurstkauts (Blá ör)
- Straumur fer staumslaufuna í loftbilinu (rauðar örvar) og kraftur verkar á slaufuna (grænar örvar).
- Akkerisvafningar eru því á rótor og sviðsvafningar á stator. Akkerisvafningarnir eru gjarnan dreifðir á allan hringferil rótorsins.



Straumskiptir (commutator)



A Two Pole DC Motor

- Jafnstraumsvélin getur haft 2 eða fleiri póla. Vafningarnir á statornum mynda sviðið. Myndin sýnir 2 póla vél




Figure 16.10 Cross section of a two-pole dc machine.



UNIVERSITY OF ICELAND

A Four Pole DC Motor





Figure 16.11 Cross section of a four-pole dc machine.



UNIVERSITY OF ICELAND

The DC machine

- Lokaðir ferlar fyrir B -sviðið myndast inni í kjarna statorsins
- Myndirnar sýna annars vegar 2 póla vél (Efri mynd) og hins vegar 4 póla vél (Neðri mynd)
- Neðri myndin sýnir einnig rauf fyrir vafninga á rótor.
- Efri myndin sýnir straumskipt (commutator) í 2 póla vélinni







UNIVERSITY OF ICELAND

The DC machine

- Á þessari mynd í kennslubók eru akkerisvafningarnir settir andspænis hver öðrum á rótor (a , $-a$)
- Ef vélin er rafali, er rötornum snúið t.d. af túrbínu og með föstum hraða.
- Segulsviðið (B) sem sviðsvafningarnir mynda í loftbilinu er sýnt á myndinni sem fall af snúningshorni
- Snúningur spólunnar í loftbilinu myndar spennu samkvæmt lögmáli Faradays







UNIVERSITY OF ICELAND

The DC machine

- Við sjáum sviðið aftur á myndinni
- Snúningur spólunnar í loftbilinu myndar spennu samkvæmt lögmáli Faraday
- Spennan er nálægt því að vera jafnspenna þar sem straumskiptarnir virka sem **vélfræðilegur afriðill**.
- Í **riðstraumsvélum** er hægt að ná sömu niðurstöðu með raunverulegum rafeindaafriðlum.





UNIVERSITY OF ICELAND

The commutator in a DC machine




Figure 16.12 Commutation for a single armature winding.



The armature in a DC machine




Figure 16.9 Rotor assembly of a dc machine.



Generated Voltage in a DC Machine





Figure 16.13 Voltage produced by a practical dc machine. Because only a few (out of many) conductors are commutated (switched) at a time, the voltage fluctuations are less pronounced than in the single-loop case illustrated in Figure 16.12.



The DC machine

- Hönnun jafnstraumsvélar
 - Við sjáum hér rótor jafnstraumsvélar.
 - Járnkjarni rótorsins er settur á öxul.
 - Vafningar eða slaufur eru settar í raufar í rótor kjarnanum.
 - Slaufuendarnir eru hnýttir saman til að auka styrkinn
 - Straumskiptirinn er á öxlinum. hann er gerður úr kopar með einangrun á milli koparstykkja.
- Hönnun rótors á jafnstraumsmótor
 - Pólar
 - Burstar
 - Vifta (Fan)
 - Rotor vafningar
 - Straumskiptir (Commutator)
 - Legur






The DC machine

- Uppbygging jafnstraumsvélar
 - Myndin sýnir stator jafnstraumsvélar með nokkrum pólum
 - Ath að s.k. millipólar eru milli meginpólanna. Þessir millipólar bæta hegðun straumskiptisins og minnka neistaflug
 - **Aukavafningar** (compensating windings) eru settar á meginpólana til að auka sviðið við mikið álag..
 - Járnkjarninn er styrktur með ramma eða grind úr steypujárni.

- Uppbygging stators á jafnstraumsvél






Compensating windings in a DC machine

Aukavafningar

(compensating winding) eru settar á meginpólana til að auka sviðið við mikið álag..

Straumskiptavafningar


(commutating windings) eru settir við straumskiptapóla





Armature reaction in a DC machine (Case # 1)


- Dæmi um segulsviðslínur og dreifingu segulflæðis í jafnstraumsvél er sýnt á meðfylgjandi mynd. Hún sýnir sviðið sem myndast vegna straums í sviðsvafningum eingöngu
- Vélin er hönnuð þannig að sviðið í loftbilinu verði með tiltekna lögun eftir hringferlinum
- Ekki má hins vegar gleyma því að straumur fer einnig um vafninga á rótor (akkerisvafninga) og sá straumur veldur einnig sérstöku sviði





Magnetic flux distribution due to armature excitation only

- Myndin hér til hliðar sýnir þannig sviðið, sem myndast vegna straums í akkerisvafningum eingöngu
- Við sjáum að sviðið gengur þvert á upprunalega sviðið og styrkir það á sumum svæðum innan vélarinnar og veikir það á öðrum svæðum.
- Samanlögð áhrif vegna upprunalega sviðsins, er sviðsvafningar mynda, og viðbragðanna er verða til við strauminn í akkerisvafningum á rótor nefnast akkerisáhrif (**armature reaction**)






Combined magnetic flux distribution due to armature and field

- Heildaráhrif beggja strauma eru sýnd á myndinni hér til hliðar er sýnir þannig sviðið sem myndast vegna **beggja strauma**, þ.e. í **akkerisvafningum** og **sviðsvafningum**
- Akkerisáhrifin hafa áhrif á rekstur vélarinnar. Hvernig þessi áhrif verða nákvæmlega verður síðar komið að.
- Mikilvægt hugtak hefur hér verið kynnt, þ.e. hugtakið:

Akkerisáhrif (Armature Reaction)






UNIVERSITY OF ICELAND

Armature reaction in a DC machine (Case # 2)


- Myndin **efst** til hliðar sýnir sviðið sem myndast vegna straums í sviðsvafningum eingöngu.
- Við sjáum að segulflæði “streymir” vinstra megin inn á rótorinn frá norðupólnum á stator og að segulsviðið er þvert á loftbilið!
- Seglflæði streymir til hægri frá rótor inn á suðurpólinn hægra megin á stator
- Við getum dregið “núllínu” sem aðskilur flæðið inn og út af rótor
- Myndin **neðst** til hliðar sýnir hins vegar sviðið sem myndast vegna straums í akkerisvafningum eingöngu.





Armature reaction in a DC machine

- Myndin sýnir samanlögð áhrif bæði sviðsvafninga og akkerisvafninga og sést að núlllínan sem aðskilur inn og úttak segulflæðis hefur snúist til vinstri.
- Einnig má sjá þennan snúning á fyrri skyggnum





Dreifðir vafningar í rafmagnsvélum

(MMF of Distributed windings)



Dreifðir vafningar koma fyrir í öllum hinum klassísku gerðum rafmagnsvéla. Þess vegna skoðum við dreifða vafninga í þessum inngangi að rafmagnsvélum



UNIVERSITY OF ICELAND

Samþjappaðir vafningar á stator riðstraumsvélar

- Vafningar bæði á stator og rótor rafmagnsvéla eru jafnan dreifðir eftir hringferlinum. Eðlilegt er þó að skoða fyrst spólu þar sem allar slaufur eru á sama stað (sbr mynd) . **Skoðum fyrst stator.**
- Við höfum eina “full pitch”**- slaufu. Tekið er Amperes-lögmál um svera **rauða** heildregna hálfhringinn á myndinni
- Segulkrafturinn er bundinn við loftbilið þar sem $\mu \rightarrow \infty$ í kjarnanum, þ.e. $F = NI = B \cdot 2g / \mu_0$, þar sem g er loftbilið hvoru megin
- Samband B og F er því aðeins háð breidd bilsins, g .
- Við “fletjum út” hringferilinn og fáum myndina til hliðar. Kantaði ferillinn sýnir segulkraftinn, F sem fall af θ_a fyrir hringferilinn. Hann skiptist í 2 bil




**“full pitch” = þýðir að hliðar spólunnar eru andspænis hvor annarri með 180 fasamun á milli



UNIVERSITY OF ICELAND

Samþjappaðir vafningar á stator (2)

- Megin sveifla, sem segja má að sé 1. liður í Fourier-röð af “fernings-fallinu” er sýndur sem strikaferill á myndinni neðst.
- Þetta er því miður gróf nálgun á þeim sínuslagaða ferli sem við viljum hafa til staðar í loftbilinu til að fá “mjúka” sínuslagaða strauma í riðstraumsvélum
- Jafna fyrir sínuslöguðu nálgunina er:
- Til að fá slíka sínuslagaða strauma er vafningum dreift eftir til þess gerðum reglum eftir hringferlinum þannig að rétt lögun segulkraftsins náist




$$F_{ag} = \frac{4}{\pi} \frac{Ni}{2} \cos \theta_a \quad F_{ag(\text{peak})} = \left(\frac{4}{\pi} \frac{Ni}{2} \right)$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Full Pitch vafningar

- Segulkrafturinn er Fourier röð og línulega háður
 - straumnum, i ,
 - fjölda vafninga í fasa, N
 - og \cos eða \sin af θ_a eða θ
- Hér sjáum við *sinuslagaðan* feril



$$F_{ag} = \frac{Ni}{2} = \frac{4}{\pi} \cdot \frac{Ni}{2} \cdot \left[\sin \theta + \frac{1}{3} \sin 3\theta + \frac{1}{5} \sin 5\theta + \dots \right]$$



Samþjappaðir vafningar á stator (2a)

- Athugum skilgreiningu hornanna θ_a eða θ á fyrri mynd
- Stuðullinn 2 í nefnara kemur til þar sem segulkrafturinn er bundinn við 2 eins loftbil sitt hvoru megin.
- Við sjáum toppgildi á sveiflunni fyrir **nálgun** að segulkrafti sem cosínusfall í rúmi, þ.e. eftir hringferlinum
- Við fáum s.k. **yfirtónar í rúmi** (space harmonics)
- Toppildið verður
- Skoðum næst hvað gerist ef við dreifum vafningunum

$$\theta = \theta_a + \frac{\pi}{2}$$

$$F_{ag}(\theta_a) = \frac{4}{\pi} \frac{Ni}{2} \cos \theta_a$$

$$F_{ag(peak)} = \left(\frac{4}{\pi} \frac{Ni}{2} \right)$$




UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifðir vafningar á stator (3)

- Við skoðum segulkraft í því tilfalli að vafningum sé dreift á tiltekinn hringgeira samkvæmt mynd.
- Amperes lögmál er aftur tekið um rauða hringferilinn (“**hálfmánann**”) og gefur það segulkraft (aðeins í loftbili!) sem fall af fasahorni eins og **tröppuferillinn** á neðri myndinni sýnir.
- Því fleiri tröppur og þeim mun meiri dreifing sem er á vafningunum þeim mun nær er tröppuferillinn sínuslagaða ferlinum sem sýndur er á myndinni.
- Jafna fyrir sínus eða cósíinus-nálgunina þar sem bæst hefur við p það er fjöldi póla, er eftirfarandi. Einnig **dreifistuðulinn** k_w . Hann er skoðaður betur á næstu skyggnu

$$F_{ag} = \frac{4}{\pi} \frac{k_w N_{ph}}{p} i_a \cos \frac{p\theta_a}{2}$$







UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifðir vafningar á rótor riðstraumsvélar

- Við skoðum nú segulkraft í samsvarandi tilfelli að vafningum sé dreift á **rótor** á tiltekinn hringgeira þ.e. 10 raufar samkvæmt mynd.
- Unnt er að hafa **breytilegan fjölda** af slaufum í hverri rauf **til að nálgast sínusferilinn** sem mest en vafningarnir eru samt samhverfir um rótor ásinn.
- Samlagður segulkraftur er summa segulkrafta frá öllum raufum. Þessi summa er tekin saman í **dreifistuðli (sjá dæmi 4.1, bl 191 í FKU)**
- Jafna fyrir sínus-nálgunina er þar sem p er einnig hér fjöldi póla er, eftir að búið er að leggja saman áhrif allra raufa, mjög svipuð og áður þ.e. (k_r er dreifistuðull)

$$F_{ag1} = \frac{4}{\pi} \frac{k_r N_r}{p} I_r \cos \frac{p\theta_r}{2}$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifðir vafningar í jafnstraumsvélum

- Fyrri umfjöllun var um **riðstraumsvélar**. Við skoðum nú segulkraft í **jafnstraumsvél** þannig að vafningum sé dreift á rótorinn samkvæmt mynd.
- Straumstefna er alltaf *út úr myndinni* vinstra megin við segulásinn fyrir akkerisvafninganna
- Straumstefna er alltaf *inn í myndina* hægra megin við segulásinn fyrir akkerisvafningana
- Við stillum upp ferli til að skoða Ampereslögmálið niðað við að kjarninn leiði mjög vel segulsvið!!
- Vegna takmarkana straumskiptisins á straumflæðið á rótornum, verður segulkrafturinn sem fall af horni eins og “sagarblaðs-ferill” (sawtooth waveform)







UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifðir vafningar í jafnstraumsvélum (2)


- Við fletjum nú vafninga rötors **jafnstraumsvélarinnar** út í beina línu samkvæmt mynd.
- Eins og áður segir, verður segulkrafturinn sem fall af horni n.k. “**sagarblaðs-ferill**” (sawtooth waveform) eða **þríhyrningsbylgja**
- Við getum hér einnig nálgast hann með fyrsta lið í Fourier-röð
- Með því að fjölga raufum og gera straumdreifinguna eftir hringferli jafnstraumsvélarinnar sem jafnasta fæst sagarblaðsferill með sem minnstum tröppugangi
- Unnt er að útvíkka þessar niðurstöður fyrir fleiri póla



(a)



(b)





(c)



UNIVERSITY OF ICELAND

Dreifðir vafningar í jafnstraumsvélum (3)

- Ef jafnstraumsvélin hefur t.d. 4 póla eins og sýnt er á efri mynd, lítur ferillinn út eins og sýnt er á neðri mynd.
- Segulkrafturinn sem fall af horni er áfram “sagarblaðs-ferill”
- Straumurinn sem fall af horni er sýndur sem ferningsferill og straumstefnur auðkenndar



(b)



Dreifing vafninga í hnotskurn

- Vafningum rafmagnsvéla er dreift til að fá mjúka breytingu í segulkrafti um loftbilið. Breidd þess og dreifing vafninga er tæki **hönnuðar** vélarinnar.
- Sínuslagaður ferill fyrir segulkraft er leið til að ná því takmarki að fá sínuslagaðan riðstraum frá vélinni
- **Við frekari greiningu vélarinnar hér er gert ráð fyrir sínus-löguðum segulkraftsferlum** og gert ráð fyrir að s.k. yfirtónar í rúmi (**space harmonics**) séu í lágmarki
- Við skoðum næst hvaða **segulsvið, segulbylgjur** og **segulflæði** vélin myndar í loftbilinu og hvernig áhrifin eru á virkni vélarinnar.



Segulbylgjur og segulsvið í riðstraumsvélum

Magnetic fields and field waves in
electric machinery



UNIVERSITY OF ICELAND




Segulsviðsstyrkur, H í jöfnu loftbili

- a) Gerum ráð fyrir sínuslöguðum segulkrafti þ.e. “grunntóni í rúmi” og að s.k. **yfirtónar í rúmi (space harmonics)** séu í lágmarki. Setjum sínuslagan straum in á vafninga
- b) Gerum ráð fyrir jöfnu loftbili
- Þá fæst eftirfarandi samband milli segulkrafts og segulsviðsstyrks í loftbilinu:

$$H_{ag1} = \frac{F_{ag}}{g}$$

- Úr fyrri jöfnum fæst fyrir myndina efst t.h. og svipað fyrir **sínusdreifða vafninga**

$$H_{ag1} = \frac{4}{\pi} \left(\frac{Ni}{2g} \right) \cos \theta_a$$





UNIVERSITY OF ICELAND

Segulbylgjur frá einfasa vafningum

- Skoðum einfasa vafning með straumi, i , og gert er ráð fyrir að straumurinn í vafningnum sé fall af tíma:

$$i_a = I_a \cos \omega_c t$$

í vafningum á myndinni t.h. Hann veldur segulkrafti samkv. jöfnu: \longrightarrow

- Þá fæst segulkraftur sem fall af tíma, t og stað, þ.e. fasahorninu, θ_a \longrightarrow


- Hér fæst því margfeldi 2 kósínus-liða og unnt er að umbreyta þeim með hornafræðijöfnunni

$$\cos \alpha \cos \beta = \frac{1}{2} \cos(\alpha - \beta) + \frac{1}{2} \cos(\alpha + \beta)$$

- á fæst eftirfarandi jafna fyrir segulkraftinn sem fall af stað og tíma. Við fáum 2 bylgjur í gagnstæðar áttir:

$$F_{ag1} = F_{\max} \left[\frac{1}{2} \cos(\theta_{ae} - \omega_c t) + \frac{1}{2} \cos(\theta_{ae} + \omega_c t) \right] \quad \dots \text{þar sem} \dots$$

$$\theta_{ae} = \frac{p\theta_a}{2}$$



$$F_{ag1} = \frac{4}{\pi} \left(\frac{k_w N_{ph}}{p} \right) i_a \cos \left(\frac{p\theta_a}{2} \right)$$

$$F_{ag1}(\theta_a, t) = F_{\max} \cos \left(\frac{p\theta_a}{2} \right) \cos \omega_c t$$

$$F_{\max} = \frac{4}{\pi} \left(\frac{k_w N_{ph}}{p} \right) I_a$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Segulbylgjur í loftbili

- Þetta þýðir að við getum skipt niðurstöðunni í tvær bylgjur sem hreyfast í gagnstæðar áttir, eins og sýnt er í jöfnunni hér að neðan og eins og meðfylgandi mynd sýnir

$$F_{ag1}^+ = \frac{1}{2} F_{\max} \cos(\theta_{ae} - \omega_c t)$$

$$F_{ag1}^- = \frac{1}{2} F_{\max} \cos(\theta_{ae} + \omega_c t)$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Segulbylgjur eða snúningssvið frá 3 fasa vafningum (a)

- **3-fasa vafningar:** Skoðum nú 3 vafninga í stað 1, þar sem 120° hliðrun er milli þeirra **í rúmi**. Ef við höfum slíka 3 fasa vafninga, koma fram 6 bylgjur með 120° fasamun sem fara eftir loftbilinu. Unnt er að stilla upp jöfnum fyrir þessar bylgjur með 3 fasa samhverfum riðstraumi í vafningunum. Þetta þýða 3 cos-föll með 120° hliðrun **í tíma**.





(b) Greiningaraðferð við að skilgreina snúningssegulsvið:

Gerum ráð fyrir $p = 2$ pólum og að segulkraftur í loftbili sé sínuslagaður. Þá fást jöfnur fyrir alla 3 fasana. k er hér fasti.

$$F_a = kNi_a \cos(\theta_{ae})$$

$$F_b = kNi_b \cos(\theta_{ae} - 120^\circ)$$

$$F_c = kNi_c \cos(\theta_{ae} + 120^\circ)$$

$$k = \frac{4k_w}{\pi}$$

Þetta getur gilt eins og áður segir ef tekinn er grunntónn í Fourier-röð af yfirsveiflum. Áhrif allra 3 fasa eru lögð saman:.....

$$F(\theta_{ae}) = F_a(\theta_{ae}) + F_b(\theta_{ae}) + F_c(\theta_{ae})$$

$$F(\theta_{ae}) = k \{ Ni_a \cos(\theta_{ae})$$

$$+ Ni_b \cos(\theta_{ae} - 120^\circ)$$

$$+ Ni_c \cos(\theta_{ae} + 120^\circ) \}$$

Og þá fæst:



(b) Greiningaraðferð við að skilgreina snúningssegulsvið (frh):

Inn í síðustu jöfnu

$$F(\theta_{ae}) = k \left\{ Ni_a \cos(\theta_{ae}) + Ni_b \cos(\theta_{ae} - 120^\circ) + Ni_c \cos(\theta_{ae} + 120^\circ) \right\}$$

....er nú sett inn jafna fyrir 3 fasa straum:

$$i_a = I_m \cos \omega t$$

$$i_b = I_m \cos(\omega t - 120^\circ)$$

$$i_c = I_m \cos(\omega t + 120^\circ)$$

Þá fæst:

$$\begin{aligned} F(\theta_{ae}, t) &= kNI_m \cos \omega t \cos(\theta_{ae}) \\ &+ kNI_m \cos(\omega t - 120^\circ) \cos(\theta_{ae} - 120^\circ) \\ &+ kNI_m \cos(\omega t + 120^\circ) \cos(\theta_{ae} + 120^\circ) \end{aligned}$$



(b) Greiningaraðferð við að skilgreina snúningssegulsvið (frh):

Nú má nota aftur sömu hornafalljöfnu

(“trigonómetríska” jöfnu):

$$\cos \alpha \cos \beta = \frac{1}{2} \cos(\alpha - \beta) + \frac{1}{2} \cos(\alpha + \beta)$$

....sem sett er inn í fyrri jöfnu

...og þá fæst;

$$F(\theta_{ae}, t) = \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t - \theta_{ae}) + \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t + \theta_{ae})$$

$$+ \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t - \theta_{ae}) + \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t + \theta_{ae} - 240^\circ)$$

$$+ \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t - \theta_{ae}) + \frac{1}{2} kNI_m \cos(\omega t + \theta_{ae} + 240^\circ)$$

bylgjuhreyfing áfram

bylgjuhreyfing aftur á bak




UNIVERSITY OF ICELAND

(b) Greiningaraðferð við að skilgreina snúningssegulsvið (frh):

Fyrri liðirnir 3 eru eins og leggjast beint saman. Seinni liðirnir 3 eru samtals = 0 og detta út

Þannig er segulkrafturinn **bylgja** sem breiðist út eftir loftbilinu:

$$F(\theta_{ae}, t) = \frac{3}{2} kNI_m \cos(\omega t - \theta_{ae})$$






UNIVERSITY OF ICELAND

Snúnings-segulsvið í loftbili

Þetta er hliðstætt því að rafsegull snúist í sívölu hólfi rótorsins -- án þess að nokkur “hlutur” sé að snúast!....



Nú er áhugavert að skoða segulflæðið á hverjum tíma milli pólanna og hvernig það breytist. Ef loftbilið er jafnt er $F=NI=B \cdot 2g/\mu_0$ þ.e.

$$B = \frac{\mu_0 F(\theta_{ae}, t)}{2g} = \frac{3\mu_0}{4g} kNI_m \cos(\omega t - \theta_{ae}) = B_{\max} \cos(\omega t - \theta_{ae})$$



Snúnings-segulsvið í loftbili

Við viljum núna
finna
heildarsegulfæði
milli a og $-a$
vafninga

$$B(\theta_{ae}, t) = B_{\max} \cos(\omega t - \theta_{ae})$$

$$\Phi_p(t) = \int_{-\frac{\pi}{2}}^{\frac{\pi}{2}} B(\theta_{ae}, t) l r d\theta_{ae} = \int_{\theta_{ae}=-\frac{\pi}{2}}^{\theta_{ae}=\frac{\pi}{2}} B_{\max} \cos(\omega t - \theta_{ae}) l r d\theta_{ae}$$

$$\Phi_p(t) = -B_{\max} l r \left[\sin(\omega t - \theta_{ae}) \right]_{\theta_{ae}=-\frac{\pi}{2}}^{\theta_{ae}=\frac{\pi}{2}}$$

$$\Phi_p(t) = -B_{\max} l r \left(\sin\left(\omega t - \frac{\pi}{2}\right) - \sin\left(\omega t + \frac{\pi}{2}\right) \right)$$

Nú er

$$\sin(x + 90) = -\cos x$$

$$\sin(x - 90) = \cos x$$

Þá fæst
$$\Phi_p(t) = -2B_{\max} l r \cos \omega t = -\Phi_{\max} \cos \omega t$$



Spenna spanast upp í vafningum vegna snúningssviðs

Snúningssvið veldur spennu í vafningum sem eru í sviðinu bæði á rótor og stator (skv. Faraday) :

$$\lambda_p(\omega t) = -N\Phi_{\max} \cos \omega t$$

$$e_p = \frac{d\lambda_p}{dt} = \omega N\Phi_{\max} \sin \omega t = E_{\max} \sin \omega t$$


Því er ljóst að virka gildið á spennunni sem snúningssvið veldur er í hlutfalli við “snúningshraða” eða tíðni, f , hámark sviðsins, Φ_{\max} og auðvitað fjölda vafninga, N

$$E_{rms} = \frac{\omega N\Phi_{\max}}{\sqrt{2}} = \frac{2\pi f N\Phi_{\max}}{\sqrt{2}} = 4.44 f N\Phi_{\max}$$




UNIVERSITY OF ICELAND

Segulbylgjur í loftbili



- Einnig má rifja upp úr fyrirlestri 10 hvernig segulbylgja myndast með myndrænum hætti þ.e. með því að leggja myndrænt saman vektora eins og myndirnar sýna.
- Myndin sýnir stefnu sviðsins á 3 mismunandi augnablikum á 50 Hz sveiflunni.
- Við sjáum að áhrif fasanna 3 leggjast saman og mynda jafnan snúning sviðsins eins og vektorar á neðri myndinni sýna
- Kosturinn við 3 fasa vél er að styrkur sviðsins er jafn í loftbilinu miðað við viðmiðun sem snýst með jöfnum 50 Hz “hraða”, þótt hann sveiflist með tíma á hverjum stað








UNIVERSITY OF ICELAND

Segulbylgjur í ójöfnu loftbili

- Ef loftbil er ekki jafnt, eins og sýnt er fyrir jafnstraums- og riðstraumsvélarar t.h. þarf stundum að greina sviðsdreifingu í vélunum með t.d. “finite element” aðferðum og sýnir myndin hér að neðan dæmi um niðurstöður slíkra aðferða



(a)




(b)



UNIVERSITY OF ICELAND

Helstu gerðir samfasamótora

Heimild: [Salient-rotor PM synchronous motors for an extended flux-weakening operation range](#)
 Bianchi, N.; Bolognani, S.; Chalmers, B.J.;
 IEEE Transactions on Industry Applications, Volume 36, Issue 4, July-Aug. 2000
 Page(s):1118 - 1125



- ISPM=inverse saliency permanent magnet motor
- NSPM=normal saliency permanent magnet motors

- Hér er $\chi = L_d/L_q$



Samfasavélar

(Synchronous machines)




Figure 17.17 Cross sections of two synchronous machines. The relative positions of the stator and rotor poles are shown for motor action. Torque is developed in the direction of rotation because the rotor poles try to align themselves with the opposite stator poles.






UNIVERSITY OF ICELAND

Tengimynd af 3 fasa samfasavél með öllum vafningum

- Á tengimyndinni fyrir samfasavél sjást:


- 3 vafningar á stator fyrir 3 fasa spennu
- 1 vafningur er tengir núllið við jörð
- 1 sviðsvafningur á rótor
- 1 dempunarvafningur í d-stefnu á rótor (sjá skilgreiningu d-stefnu síðar)
- 1 dempunarvafningur í q-stefnu á rótor
- (sjá skilgreiningu q-stefnu síðar)



- Samtals 7 vafningar

- Á milli **allra para af vafningum** er gagnkvæmt span er getur breyst í tíma með snúninga vélarinnar, sérstaklega ef um er að ræða útstandandi póla og breytilegt loftbil (“rotor saliency”)

- Til einföldunar gerum við stundum aðeins ráð fyrir **4 vafningum**, þ.e. 3 á stator (nefndir “abc”) og einum á rótor (nefndur “f”).







UNIVERSITY OF ICELAND

Samfasavélin nokkur grunnatriði

- Í samfasavél er riðstraumur í statorvafningum (akkerisvafningum) og segulmögnun (jafnstraumur) í rótorvafningum (sviðsvafningum)
- Einföld **einfasa jafngildisrás** fyrir vél með sívölum snúð er spennulind bak við samviðnám. Myndin neðst til hliðar sýnir straumstefnur þegar miðað er við *mótor*. **Jafngildisrásina er unnt að leiða út með mismunandi móti. Hér á eftir verður sett fram rásafræðilegt líkan fyrir alla 4 vafninga vélarinnar. (Dempunarvafningum sleppt)**
- Spanviðnámið X_s er venjulega ráðandi í rásinni til hliðar miðað við ohmska viðnámið, R_a . Því er megineiningin í einfasa jafngildisrás vélarinnar eitt spanviðnám X_s og spennulind E_{af} . Öðru megin er segulmögnunarspenna vélarinnar, E_{af} og hinu megin er t.d. raforkukerfið með spennuna V_a . Þetta er einfasa rás þegar allir fasarnir eru eins



(a)



UNIVERSITY OF ICELAND

Snúningshraði og fjöldi póla


$$f_e = \frac{p}{2} \cdot f_m = \frac{p}{2} \cdot \frac{n}{60} = \frac{p \cdot n}{120}$$

$$f_e = 50 \text{ Hz}$$

$$6000 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{6000}{p}$$

$$f_e = 60 \text{ Hz}$$

$$7800 = p \cdot n \rightarrow n = \frac{7800}{p}$$



$$\omega_m = \frac{2}{p} \omega_e$$

Tákn:

ω_e = “rafmagns – hornhraði”

θ_e = “rafmagns – horn”

ω_m = “hreyfifræðilegur (mekanískur) hornhraði”

θ_m = hreyfifræðilegt (mekanískt) horn

f_e = tíðni riðspennu í Hz frá samfasavél (50 eða 60 Hz)

f_m = snúningshraði rötors í snúningum á sek

p = fjöldi póla (2,4,6...)

n = snúningshraði á mínútu (rpm=revolutions per minute)

$$\theta_e = \left(\frac{p}{2} \right) \theta_m = \omega_e t + \delta_{e0}$$

$$\theta_m = \omega_m t + \delta_{m0}$$

Dæmi um fjölda póla:



p	n ($f = 50 \text{ Hz}$)
2	3000
4	1500
10	600
20	300
26	230.8



UNIVERSITY OF ICELAND

Nokkur grunnatriði um samfasavél

- Gera þarf greinarmun á rafmagnsfræðilegu og hreyfifræðilegu snúningshorni miðað við fjölda póla, p .
Reiknað er á skyggnum hér á eftir með 2 pólum
- Með sívölum stator (!) og rótor er sjálfspan statorvafninga fasti, og af samhverfuástæðum eins fyrir alla fasa
- Hvernig reiknum við sjálfspan út þegar svið í loftbili getur verið kassabylgja? Með sínuslagaðri nálgun!!
Skoðaðir eru því annaðhvort
 - **Samþjappaðir vafningar** skv. mynd og með því að nálgast segulkraftinn (kassabylgjuna) með sínuslöguðum 1. lið í Fourier-röð, en sleppa yfirtónum í rúmi (“Space Harmonics”)
 - **Dreifðir vafningar** (eins og sýnt er á næstu skyggnu) þar sem yfirtónar í rúmi eru lágmarkaðir með þar til gerðri dreifingu vafninganna á tiltekinn hringgeira.
- Þá fæst jafna fyrir segulsviðið (sbr. Appendix B, FKU):





$$B_{ag1} = \mu_0 \frac{F_{ag1}}{g} = \frac{2}{\pi} \frac{\mu_0 Ni}{g} \cos \theta_a$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Segulflæði

- Áhugavert er að skoða **gagnkvæma segulflæðið** sem umlykur vafning nr. 1 á myndinni vegna straums í vafningi nr. 2.
Gagnkvæma spanið er háð horninu α sem segir til um snúning rótorsins. Einnig hvernig efniseiginleikar, þ.e. segullekt ($\mu = \mu_r \mu_0$) kjarnans hefur áhrif. Skoðum aðeins 1 vafning (neðri mynd).
- Ef **segullektin er lág** þ.e. kjarninn t.d. úr ósegulmögnum efni, virka þessar 2 spólur eins og loftspólur og segullínurnar verða u.þ.b. eins og sýnt er á mynd. Spólurnar eru jafnstórar, þótt mjótt loftbil sé á milli þeirra! Segulkraftur og **B**-sviðið verður mismunandi sterkt eftir hringferlinum og gagnkvæmur flúx verður línulega háður $\cos\alpha$. (þ.e. cosínus-fall)
- Ef **segullektin er há** þ.e. kjarninn t.d. úr járnsegulmögnum efni ræður loftbilið segulviðnámi, R og segulkrafturinn verður kassabylgja, og flúxinn þríhyrningsbylgja. Notaður er **sínuslagadur grunntónn** er veldur sínuslöguðu gagnkvæmu spani o.fl. (sbr. næstu skyggnu).






UNIVERSITY OF ICELAND


Sjálfsþan og gagnkvæmt þan

- Segulflæðið fæst með heildun, þar sem l er lengd (eða dýpt!) loftbilsins inn í myndina að neðan.
- Nú fæst fyrir **sjálfsþan** grunnsveiflu frá dreifðum vafningum eða samþjöppuðum vafningum (grunntónn).
- Við fáum einnig fyrir **gagnkvæmt þan** milli einhverra 2 vafninga í segulrás.
- Fasahornið milli vafninganna er sýnt hér að neðan og **gildir einu hvort um er að ræða stator eða rótorvafninga**

Samþjappaðir
vafningar



Dreifðir
vafningar



$$\Phi = l \int_{-\frac{\pi}{2}}^{\frac{\pi}{2}} B_{ag1} r d\theta = \frac{4 \mu_0 N l r i}{\pi g}$$

$$L = \frac{N^2}{R} = \frac{\lambda}{i} = \frac{N\Phi}{i} = \frac{4 \mu_0 N^2 l r}{\pi g}$$

$$L_{ab} = \frac{N_a N_b}{R_{ab}} = \frac{4 \mu_0 N_a N_b l r}{\pi g} \cos \alpha$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél

- Einnig er unnt að stilla upp nákvæmara líkani: Í

einfaldri útgáfu vélarinnar eru 3 vafningar á stator og 1 vafningur á rótor (samtals 4 vafningar). Milli allra þeirra er gagnkvæmt span. Við fáum því 4 jöfnur.

$$\lambda_a = L_{aa}i_a + L_{ab}i_b + L_{ac}i_c + L_{af}i_f$$

$$\lambda_b = L_{ba}i_a + L_{bb}i_b + L_{bc}i_c + L_{bf}i_f$$

$$\lambda_c = L_{ca}i_a + L_{cb}i_b + L_{cc}i_c + L_{cf}i_f$$

$$\lambda_f = L_{fa}i_a + L_{fb}i_b + L_{fc}i_c + L_{ff}i_f$$

- Gagnkvæmt span á milli rótors og stators er háð **raffræðilega fasahorninu** θ_{me}

$$L_{fa} = L_{af} = L_{fa(\max)} \cos \theta_{me}$$


$$L_{fb} = L_{bf} = L_{fb(\max)} \cos(\theta_{me} - 120^\circ)$$

$$L_{fc} = L_{cf} = L_{fc(\max)} \cos(\theta_{me} + 120^\circ)$$

- Svipaðar jöfnur gilda um hina fasana með +120 gráðu og -120 gráðu fasahliðrun

$$L_{aa} = L_{bb} = L_{cc}$$

- Sjálfsspanið er fasti





UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (2)

- **Sjálspan:** Við skilgreinum nú nánar **sjálspan** allra fasa sem samansett úr 2 þáttum:
 - Sjálspan vegna grunntóns í rúmi, L_{aa0}
 - Sjálspan vegna lekaflæðis, L_{a1}

- Þá verður



$$L_{aa} = L_{bb} = L_{cc} = L_{aa0} + L_{a1}$$

- **Gagnkvæma spanið** milli **eins vafninga** hvort sem er rótor eða stator sem raðað er á hringferilinn er línulega háð $\cos \alpha$ þar sem α er + eða - 120 gráður:
- Þar sem $\cos(120^\circ) = \cos(-120^\circ) = -\frac{1}{2}$ og þar sem...

$$L_{fa} = L_{af} = L_{fa(\max)} \cos \alpha$$

- .. og ekki skiptir máli m.t.t. hornsins α , hvort vafningur er á stator eða rotor þá verður **gagnkvæmt span** milli statorvafninga:

$$L_{ab} = L_{ba} = L_{ac} = L_{ca} = L_{bc} = L_{cb} = -\frac{1}{2} L_{aa0}$$





UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (3)

- Við getum stungið ofangreindum niðurstöðum inn í fyrri jöfnu og þá fæst $\lambda_a = L_{aa}i_a + L_{ab}i_b + L_{ac}i_c + L_{af}i_f$
- Einnig gildir um samfasa strauma: $\lambda_a = (L_{aa0} + L_{a1})i_a - \frac{1}{2}L_{aa0}(i_b + i_c) + L_{af}i_f$
- Þetta gefur að lokum fyrir sjálfspanið: $i_a + i_b + i_c = 0$ $i_b + i_c = -i_a$
- Viðskilgreinum nú **samfasa span**, L_s (synchronous inductance) $\lambda_a = (\frac{3}{2}L_{aa0} + L_{a1})i_a + L_{af}i_f$
- Samfasa spanið er vegna fasa a þegar vélin vinnur við samhverfar aðstæður. Það hefur eftirtalda þætti:
 - L_{aa0} er vegna grunntóns segulbylgjunnar í rúmi í sjálfum fasa a
 - L_{a1} er vegna lekaflæðis sjálfs fasa a
 - $\frac{1}{2}L_{aa0}$ gagnkvæmt span frá hinum fösunum vegna grunntóns (í rúmi) segulbylgjunnar sem umlykur þá.

$$L_s = \frac{3}{2}L_{aa0} + L_{a1}$$

$$\lambda_a = L_s i_a + L_{af} i_f$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (4)

- Við skoðum fyrri jöfnu um gagnkvæmt span milli rótors (sem snýst) og tiltekins fasa og skoðum seinni lið í jöfnunni $L_{fa} = L_{af} = L_{fa(\max)} \cos \theta_{me}$
- Spanið L_{fa} í þessum lið má skrifa nánar sem cos - fall af tíma $\lambda_a = L_s i_a + L_{af} i_f$
- Ljóst er að rótor hefur jafnstraum, i_f sem er fasti og því er sá hluti spennunnar sem spanast upp vegna rötors sin fall af tíma vegna breytinga í spani: $e_{af} = \frac{d}{dt} (L_{af} i_f) = -\omega_e L_{af(\max)} i_f \sin(\omega_e t + \delta_{e0})$



UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (4)

- Heildarspennufallið yfir fasa “a” er samansett úr spennufalli yfir raunviðnám ($R_a i_a$) og spennufalli vegna flæðistengsla, λ_a
- Virkt gildi á e_{af} verður ...

$$v_a = R_a i_a + \frac{d\lambda_a}{dt}$$

$$v_a = R_a i_a + L_s \frac{di_a}{dt} + e_{af}$$

$$E_{af} = \frac{-\omega_e L_{af(\max)} i_f}{\sqrt{2}}$$

- ...og þar sem straumar og spennur á stator eru sínuslagaðar, er unnt að skrifa spennu jöfnu einhvers fasa til hliðar sem tvinntölur (vísa)

$$V_a = R_a I_a + jX_s I_a + E_{af}$$




UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (5)

- Fyrri jafna er vísajafna og lýsir meðfylgjandi rásamynd.
- Hér hefur því verið leidd út jafna fyrir **einfalt rásalíkan** sem einnig er unnt að sýna fram á með segulflæðivísunum o.s.v.frv.
- Rásalíkanið á efri rásamynd lýsir **mótor**, en einnig er unnt að tákna rásamyndina sem **rafala** með gagnstæðri straumstefnu:

$$V_a = R_a I_a + jX_s I_a + E_{af}$$





Jafnsgildisrás fyrir samfasavél (6)

- Jöfnuna til hliðar er unnt að hluta í sundur samkvæmt fyrri jöfnum og fæst þá meðfylgjandi rásamynd.
- Spanviðnámið til hægri á myndinni, X_{a1} er vegna **lekaflæðis**
- X_{a1} er **lekaspanviðnám**
- X_{ϕ} er **spanviðnám vegna grunntóns segulflæðisins** sem umlykur “a” - vafningana (sbr fyrri nálgun)


$$V_a = R_a I_a + jX_s I_a + E_{af}$$

$$X_s = \omega L_s = X_{\phi} + X_{a1}$$

$$L_s = \frac{3}{2} L_{aa0} + L_{a1}$$

$$X_{\phi} = \omega \frac{3}{2} L_{aa0}$$


$$X_{a1} = \omega L_{a1}$$





UNIVERSITY OF ICELAND

Samfasavélin



- Unnt er að sýna fram á afleiginleika vélar með sívölum snúð með einfalda líkaninu

$$E_{af} + I_a \cdot jX_s = V_a \quad I_a = \frac{V_a - E_{af}}{jX_s}$$

- Við getum stillt upp jöfnum fyrir rásina til hliðar ef $R_a = 0$. Þá fæst fyrir samband spennu og strauma

$$S_a = V_a I_a^* = V_a \frac{V_a^* - E_{af}^*}{-jX_s} = \frac{|V_a| - V_a E_{af}^*}{-jX_s}$$

- Ef skoðað er afl inn á kerfið fást meðfylgjandi jöfnur.


$$P_a + jQ_a = +j \frac{|V_a|^2}{X_s} + j \frac{|V_a| |E_{af}^*| e^{i\delta}}{X_s}$$

- Unnt er að beita tvinntöluafli (sbr Greining raforkukerfa) og fá meðfylgjandi jöfnu þar sem raunafl er sínus fall af fasahorninu milli segulmögnunarspennu og kerfisspennu.

$$P_a = \frac{|V_a| |E_{af}^*| \sin \delta}{X_s}$$

- Einnig er aflið sama og vægi margfaldað með snúningshraða, en hann er fasti fyrir samfasavél þannig að við fáum línurit

$$P_a = T_a \cdot \omega$$






Í hnotskurn

UNIVERSITY OF ICELAND

- Myndin sýnir 3 fasa á stator og sívalan snúð
- Eins og áður segir er samband **tíðni** og snúningshraða háð fjölda póla.
- Dæmigerður hraði fyrir 2 póla vél er 3000 snúningar/mínútu (eða 3600), 1500 sn/mín fyrir 4 póla vél, o.s.v.frv.
- Snúðurinn er rafsegull sem snýst í loftbilinu með “samfasa hraða”
- Spennan sem spanast upp á statorvafningum er (sbr fyrirlestur nr 10)

$$E_{\max} = 2\pi fN\phi_{\max}$$

$$E_{\text{rms}} = \frac{2\pi fN\phi_{\max}}{\sqrt{2}} = 4.44 fN\phi_{\max}$$



$$f_e = \frac{p}{2} \cdot f_m = \frac{p}{2} \cdot \frac{n}{60} = \frac{p \cdot n}{120}$$



Park-vörpunin (Blondel-vörpunin) og notkun hennar í reiknilíkanagerð fyrir samfasavélar

(The Park transformation in Synchronous Machine Modeling. The Park transformation is also called Blondel-transformation, or The **qd0** transformation)



Yfirlit efnisflokks

1. Kynntar eru rásir eða vafningar samfasavélar bæði á rótor og stator
2. Farið er yfir einfalda vörpun eða “umbreytingu” í tvívíðu plani milli 2 hnitakerfa þar sem annað kerfið er kyrrstætt en hitt snýst með hraða rótorsins
3. Þá verður Park-vörpunin kynnt og farið yfir hana svo og öfugu vörpunina og rætt um skildleika við fyrri einfalda vörpun
4. Að lokum er Park-vörpunin notuð á samfasavél með rótor er hefur útstandandi póla til þess að einfalda greiningu vélarinnar og búa til hreyfifræðilegt rásalíkan af vélinni



Helstu rásir eða vafningar samfasavélar

The principal circuits or windings in the
synchronous machine






UNIVERSITY OF ICELAND

Tengimynd af 3 fasa samfasavél með öllum vafningum


- Á tengimyndinni fyrir samfasavél sjást:

- 3 vafningar á stator fyrir 3 fasa spennu
- 1 vafningur er tengir núllið við jörð
- 1 sviðsvafningur á rótor
- 1 dempunarvafningur í d-stefnu á rótor (sjá skilgreiningu d-stefnu síðar)
- 1 dempunarvafningur í q-stefnu á rótor
- (sjá skilgreiningu q-stefnu síðar)



- Samtals 7 vafningar

- Á milli **allra para af vafningum** er gagnkvæmt span er getur breyst í tíma með snúninga vélarinnar, sérstaklega ef um er að ræða útstandandi póla og breytilegt loftbil (“rotor saliency”)
$$\sin x \cos y + \sin\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \sin\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \sin(x - y)$$

$$\sin x \sin y + \sin\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \sin\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \cos(x - y)$$

$$\cos x \sin y + \cos\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \cos\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = -\frac{3}{2} \sin(x - y)$$

$$\cos x \cos y + \cos\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \cos\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \cos(x - y)$$

$$\sin x \cos y + \sin\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \sin\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \sin(x + y)$$

$$\sin x \sin y + \sin\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \sin\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = -\frac{3}{2} \cos(x + y)$$

$$\cos x \sin y + \cos\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \cos\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \sin\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \sin(x + y)$$

$$\cos x \cos y + \cos\left(x + \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y - \frac{2\pi}{3}\right) + \cos\left(x - \frac{2\pi}{3}\right) \cos\left(y + \frac{2\pi}{3}\right) = \frac{3}{2} \cos(x + y)$$

Hornafalljöfnur
sem henta fyrir
greiningu
rafmagnsvéla



Afl í statorrás samfasvélarinnar (Útstæðir pólar)

Nú má skilgreina eftirfarandi stærðir:

$$I_d = \sqrt{\frac{3}{2}} i_d$$

$$I_q = \sqrt{\frac{3}{2}} i_q$$

$$V_d = \sqrt{\frac{3}{2}} v_d$$

$$V_q = \sqrt{\frac{3}{2}} v_q$$

Þá verður:

$$p(t) = P_e = \frac{3}{2} (v_q i_q + v_d i_d) = V_q I_q + V_d I_d$$

Þessar nýju stærðir koma fram ef Park-vörpuninni er aðeins breytt. Hún var upphaflega:

$$\mathbf{K} = \frac{2}{3} \begin{bmatrix} \cos \theta & \cos\left(\theta - \frac{2\pi}{3}\right) & \cos\left(\theta + \frac{2\pi}{3}\right) \\ -\sin \theta & -\sin\left(\theta - \frac{2\pi}{3}\right) & -\sin\left(\theta + \frac{2\pi}{3}\right) \\ \frac{1}{2} & \frac{1}{2} & \frac{1}{2} \end{bmatrix}$$



Afl í statorrás samfasvélarinnar (Útstæðir pólur)

Breyta þarf Park-vörpuninni úr \mathbf{K} í \mathbf{B} og verður hún þá þannig ¹⁾:

$$\mathbf{B} = \sqrt{\frac{3}{2}} \cdot \mathbf{K}$$

$$\mathbf{i}_{qd0} = \mathbf{K} \cdot \mathbf{i}_{abc}$$

$$\mathbf{v}_{qd0} = \mathbf{K} \cdot \mathbf{v}_{abc}$$

Þessi breyting leiðréttir hana með tilliti til aflsins í d og q stefnu

$$\mathbf{B} = \sqrt{\frac{2}{3}} \begin{bmatrix} \cos \theta & \cos\left(\theta - \frac{2\pi}{3}\right) & \cos\left(\theta + \frac{2\pi}{3}\right) \\ -\sin \theta & -\sin\left(\theta - \frac{2\pi}{3}\right) & -\sin\left(\theta + \frac{2\pi}{3}\right) \\ \frac{1}{2} & \frac{1}{2} & \frac{1}{2} \end{bmatrix}$$

¹⁾ Sjá t.d.: *Power Systems Analysis*, Höf. Bergen, Vittal, Prentice Hall, 2000



UNIVERSITY OF ICELAND

P and Q for salient pole rotor

$$P_e + jQ_e = V \cdot I^* = (V_d + jV_q) \cdot (I_d + jI_q)^*$$

$$P_e + jQ_e = (V_d + jV_q) \cdot (I_d - jI_q)$$

$$P_e = V_d I_d + V_q I_q$$

$$V_d = V \sin \delta \quad V_q = V \cos \delta$$


$$P_e = I_d V \sin \delta + I_q V \cos \delta$$

Við setjum inn:

$$I_d = \frac{E_q - V_q}{X_d} \quad I_q = \frac{V_d}{X_q}$$

$$P_e = \frac{E_q - V_q}{X_d} \cdot V \sin \delta + \frac{V_d}{X_q} \cdot V \cos \delta$$

$$P_e = \frac{E_q - V \cos \delta}{X_d} \cdot V \sin \delta + \frac{V \sin \delta}{X_q} \cdot V \cos \delta$$





UNIVERSITY OF ICELAND


P and Q for salient pole rotor

$$P_e = \frac{E_q V}{X_d} \sin \delta - \frac{V^2}{X_d} \cdot \sin \delta \cos \delta + \frac{V^2}{X_q} \cdot \sin \delta \cos \delta$$

Notum: $\sin \delta \cos \delta = \frac{\sin 2\delta}{2}$

$$P_e = \frac{E_q V}{X_d} \sin \delta + \frac{V^2}{2} \left(\frac{1}{X_q} - \frac{1}{X_d} \right) \sin 2\delta = P_{\text{field}} + P_{\text{reluctance}}$$

$$Q_e = \frac{E_q V}{X_d} \cos \delta - V^2 \left(\frac{\sin^2 \delta}{X_q} + \frac{\cos^2 \delta}{X_d} \right)$$



Ath þegar


$$X_d = X_q$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Tómgangseiginleikar

Þessir ferlar fást fyrir raunaflafl vélar með útstandandi póla á rótor þegar við breytum eða minnkum segulmögnunina




$$P_e = P_{\text{field}} + P_{\text{reluctance}}$$



Afl og fasahorn fyrir mismunandi segulmögnunarstrauma

Við útstandandi póla (Rotor saliency) er *segulviðnámsafl* (Reluctance power) til staðar þótt enginn segulmögnunarstraumur sé á rótor, þ.e. jafnvel þegar $E_f = 0$






UNIVERSITY OF ICELAND


Graphical Representation of Reactive Power From a Synchronous Machine

Assume the machine is connected to an “infinite bus” with constant voltage V .







Vísamynd við fasta segulmögnun samfasavélar





Sveigja á segulsviði samfasavélar (2)

- Efri myndin sýnir hvernig svið umhverfis rótor í 2 póla samfasavél lítur út þegar vélin er hvorki að framleiða eða eyða raunafli þ.e. hún gengur í tómgangi með akkerisspennunni á stator (t.d. sveiflu raforkukerfisins)
- Neðri myndin sýnir síðan hvernig sviðið sveigir þegar álag bætist á vélin. Hér er rótorinn á eftir akkerissviðinu þ.e. vélin er að “reyna að hægja á” sviðinu frá statornum miðað við gefna snúningsstefnu. Hornið α segir til um frávik rótorsins frá segulstefnu snúningssviðsins frá akkerisvafningum. (Sviðið er því í bæði d og q stefnu)
- Þetta er sambærilegt við segulnál í segulsviði jarðar þar sem segulnálnin sjálf hefur svið sem leggst við sviðið umhverfis nálina





Dreifing segulsviðs í samfasavél

- Mat á sviði og dreifingu þess er orðið mjög fullkomið í samfasavél með notkun FEM (Finite Element Modeling) forrita við útreikning sviðs





Heimild: Reinhard E. Joho:
“Advances in synchronous machinery”
IEEE Power Engineering Review, júlí 2002

Magnetic field plot for a load case, generated by 2-D FEM (Sívalur snúður)



Sveigja á segulsviði samfasavélar



- Svipað gerist á myndunum t.h. (margra póla vél):
- Efri myndin sýnir þegar segulpólar á rótor og stator eru “í beinni línu” hvor við annan og vélin gengur í tómgangi
- Neðri myndin sýnir þegar ytra álag er tengt þessum samfasamótor og hann “teygir á” segulsviðinu þannig að rótorinn fer að hægja á sér og er ekki lengur í fasa við segulpóla á stator. Hornið á milli er α og aflið sem er afhent er háð α þannig (K er fasti): $P = K \sin \alpha$
- Þannig hefur segulsviðið á seinni myndinni þætti, bæði í d-stefnu og í q-stefnu en á fyrri myndinni aðeins í d-stefnu





Stýring á aflstuðli-V-ferlar



- Efri myndin til hægri sýnir rásamynd fyrir vél með sívölum snúð og neðri myndin sýnir vísa þegar vélin vinnur sem mótur við mismunandi segulmögnun
- Gert er ráð fyrir að V_t sé fasti. Lóðrétta brotna línan sýnir hvar straumvísir liggur miðað við fast raunafl til vélarinnar þ.e. ofanvarpa I_a á V_t er einnig fasti
- Láretta brotna línan sýnir hvar segulmögnunarspennuvísir liggur fyrir fast raunafl en mismunandi straum á rótor (segulmögnun)
- Unnt er að ráða hvort straumur er á eftir spennu í fasa eða undan (“leading/lagging power factor”, stýring aflstuðuls)





Stýring á aflstuðli, V-ferlar (2)



- Við fáum því meðfylgjandi V-feril fyrir mismunandi segulmögnun vélarinnar, I_f , þar sem straumur er á eftir spennu í fasa vinstra megin (lagging PF) en á undan spennu í fasa hægra megin (leading PF)
- V-ferillinn sýnir straum á stator, I_a , sem fall af segulmögnunarstraumi, I_f
- Við gerum greinarmun á yfirsegulmögnun og undirsegulmögnun
- Stýring aflstuðuls getur farið fram þar sem álag (t.d. í verksmiðju) er blanda af spanvélum og samfasavélum. Spanvélarnar eru með spankennt álag (spenna á eftir straumi), en unnt er að stýra samfasavélum og gera þær að rýmdarkenndu álagi (þetta heitir “synchronous condenser”). Þannig jafnast aflstuðullinn.
- Frekari V-ferlar eru sýndir á næstu skyggnu.





V-ferlar samfasarafala

- Á myndinni sjást s.k. V-ferlar fyrir rafala með mismunandi raunaflí út
- Fyrir tiltekið raunafl verður akkerisstraumurinn í lágmarki þegar sviðsstraumnum er breytt við aflstuðulinn = 1. Þannig er unnt að sjá hvernig breyta þarf sviðsstraumnum til að halda aflstuðlinum föstum (brotnar línur)







UNIVERSITY OF ICELAND

Einangraðar samfasavélar

- Ef samfasavélar eru keyrðar einangrað frá stærra raforkukerfi (efsta mynd) verður álagið almennt séð breytilegt samviðnám, Z_L
- Neðri myndin sýnir hvernig spenna frá vélinni minnkar með auknum straumi allt að skammhlaupsstraumi miðað við hreint raunviðnám (PF=1) og hreint spanviðnám (PF=0). Þetta er skoðað nánar hér:
- Ath. fyrst PF=0. Skammhlaupsstraumurinn verður:



$$I_{sc} = \frac{E_f}{jX_s}$$

$$|I_{sc}| = \frac{|E_f|}{X_s}$$

$$V_t = E_f - jI_a X_s$$

$$V_t = jX_s (I_{sc} - I_a)$$

$$|V_t| = X_s (|I_{sc} - I_a|)$$

- Ath því næst raunviðnám R_L , þ.e. PF=1. Almennt er straumurinn, I_a ef samviðnámið, Z_L er raunviðnám, þ.e. $Z_L = R_L$

$$|I_a| = \frac{|E_f|}{\sqrt{X_s^2 + R_L^2}}$$



Einangraðar samfasavélar (2)

- Við getum aðlagð síðustu jöfnu þannig:
- Nú er deilt í gegn með hægri hlið jöfnunnar og þá fæst

$$X_s^2 + R_L^2 = \frac{|E_f|^2}{|I_a|^2} = \frac{X_s^2 |I_{sc}|^2}{|I_a|^2}$$

- Nú er ljóst að $|V_t| = |I_a| R_L$

$$\frac{|I_a|^2}{|I_{sc}|^2} + \frac{|I_a|^2}{X_s^2 |I_{sc}|^2} R_L^2 = 1$$

- Við stingum þessu inn í fyrri jöfnuna og þá fæst
- Ljóst er að spennan frá vélinni minnkar með auknu álagi þ.e. aukinni “úttekt” á straumi, I_a frá vélinni. Við viljum helst að vélin hegði sér eins og **spennulind**, þ.e. spennan haldi sér sem fasti óháð álagi

$$\frac{|V_t|^2}{(X_s |I_{sc}|)^2} + \frac{|I_a|^2}{|I_{sc}|^2} = 1$$





UNIVERSITY OF ICELAND

Einangraðar samfasavélar (3)

- Því fæst eftirfarandi jafna fyrir ellipsu (bjúgferil) í breytunum V_t og I_a :

$$\frac{|V_t|^2}{(X_s |I_{sc}|)^2} + \frac{|I_a|^2}{|I_{sc}|^2} = 1$$

- Jafnan sýnir á efri myndinni hvernig spenna frá vélinni minnkar eins og ferill **ellipsu-geira** (þ.e. $\frac{1}{4}$ úr ellipsuhring) fyrir það tilfelli að PF=1 þ.e. raunviðnám sem álag.
- Neðsta myndin sýnir hvernig breyta þarf segulmögnunarstraumnum til að halda fastri spennu, V_t á tengingum stators rafalans





UNIVERSITY OF ICELAND


Mæling X_d og X_q

- Unnt er að mæla spanviðnám í stefnu d og q ása, þ.e. X_d og X_q með því að setja spennu inn á stator og mæla straum í gegnum statorvafningana og láta rótorinn snúast með hraða sem er **nálægt samfasahraða** vélarinnar.
- Rótorinn verður að snúast í sömu stefnu og snúningssviðið vegna statorstraumsins. Hann er látinn vera opin rás, þ.e. án segulmögnunarspennu.
- Þá fæst á sveiflusjá bylgjuform samkvæmt meðfylgjandi mynd og spanviðnámín lesið úr eftirfarandi jöfnum:

$$X_d = \frac{V_t}{i_{\min} / \sqrt{2}}$$

$$X_q = \frac{V_t}{i_{\max} / \sqrt{2}}$$

straumur




Mynd af sveiflusjá



Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- KENNSLUBÓK: “*Electric Machinery*”; höf.: Fitzgerald, Kingsley & Umans; 6. útgáfa: McGraw-Hill, 2003.
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.
- *Power Systems Analysis*, Höf. Bergen, Vittal, Prentice Hall, 2000



Inngangur að fjölfasa spanvélum

(Introduction to Polyphase Induction Machines)







UNIVERSITY OF ICELAND

Spanvélin – upprifjun

- 3 fasa spanvélin hefur vafninga bæði á stator og rótor. Statorvafningarnir eru oft tengdir ytra raforkukerfi með samhverfum straumum og spennum og eru settir í raufar innan á stator strax utan loftbilsins (**Sjá myndir**)
- Statorvafningar með samhverfum straumum mynda snúningssvið í loftbilinu sem snýst með samfasahraða en hreyfifræðilegur hornhraði sviðsins ræðst af fjölda póla.
- Svipaðir 3 fasa vafningar eru einnig á rótor vélarinnar. Þeir eru í raufum innan loftbilsins. Þeir eru ekki tengdir spennugjafa og eru annað hvort tengdir ytri rás með viðnámum eða skammhleypfir. **Sjá rásamynd á næstu skyggnu**






“Venjuleg” tenging 3 fasa spanvélar

UNIVERSITY OF ICELAND

- “Venjuleg” 3 fasa spanvél felst í að 3 fasa **statorvafningar** eru tengdir við ytri spennugjafa eða raforkukerfi, en 3 fasa **rótorvafningar** eru skammhleypdir. Á milli þeirra er eins og ávallt **loftbil**.
- **Munum: Helstu hlutar allra véla eru:**
 - **Statorvafningar**
 - **Rótorvafningar (Snúðvafningar)**
 - **Loftbil (á milli)**





Spanvélar – upprifjun (2)

1. Virkni og vinna spanvélarinnar byggir því á 2 segulsviðum, þ.e. :
 1. Í fyrsta lagi að riðstraumur í 3 fasa vafningum, á **stator** myndar segulsvið sem snýst í loftbilinu (segulsviðsbylgja!). Þetta svið nefnist **snúningssegulsvið frá stator** og snýst t.d. 50 snún. á sek ef tíðni statorstraums er 50 Hz
 2. Vegna ofangreinds statorstraums spanast upp spenna og straumur í **lokuðum** 3 fasa rásum eða vafningum á **rótor**. Þessir riðstraumur myndar einnig segulsviðsbylgju sem snýst og myndast straumurinn skv. Lenz lögmáli þ.e. reynir að upphefja fyrra sviðið frá statorstraumum. Rótorinn er ekki tengdur neinum straumgjafa heldur myndar lokaða rás.
2. Spanvélin byggist á gagnkvæmum kraftáhrifum ofangreindra 2 segulsviða:
 1. Áhrif frá snúningssviði vegna riðstrauma í kyrrstæðum stator
 2. Snúningssvið vegna riðstrauma sem spanast upp í rótor



Spanvélar – upprifjun (3)

1. Almennt er snúningur rôtors ekki með sama hraða og sveifla statorstrauma, því ef svo væri mundi enginn straumur spanast upp í honum (þ.e. rötornum)
2. Ath. að röturvafningar eru yfirleitt ekki tengdir ytri spennugjafa heldur **spanast** upp spenna í þeim vegna breytilegs segulflæðis í loftbilinu
3. Vélin hegðar sér svipað og spennir þar sem stator samsvarar forvafi en rótor bakvafi (sem snýst!)
4. Snúningssvið er í loftbili í takt við stator-straum. Þetta spanar upp straum í rótor til að vega upp á móti sviðinu
5. Samanlagður snúningshraði rôtors og tíðni riðstraums í honum og sviðs vegna þess straums ber saman við snúningssvið frá stator.
6. Riðstraumur fer bæði um statorvafninga og röturvafninga




Spanvélar – upprifjun (4)

- Fjöldi fasa. Spanvélar eru:
 - 3-fasa. Algengari og þýðingarmeiri gerð
 - 1-fasa. Minni spanvélar.
- Rótor getur verið:
 - **Vafinn rótor** (Wound rotor). Vafningar á hefðbundinn hátt á rótor.
 - **Búrvafningar** (Squirrel - cage windings). Koparstengur felldar inn eftir endilöngum rótor.




Búrvafningar






Spanvélin - tenging á stator


- Stator spanvélar getur annað hvort verið stjörnu- eða delta-tengdur:



(a)



(b)



(c)

Stjörnu -
tengdur stator

Delta -
tengdur stator



Virgni spanvélar

- Snúningssvið rötors byggir á samanlögðum snúningshraða:
 - “Raunverulegs” snúningssvið rötors vegna t.d. hverfils. Þessi snúningur getur t.d. verið 30 snúningar á sek (m.v. 2 póla)
 - Snúningssvið vegna riðstrauma í röturvafningum sem geta verið t.d. með 20 Hz tíðni
- Samanlagður snúningshraði beggja snúningssviða er þar með $20+30=50$ snúningar á sek (Hz) m.v. kyrrstöðu og bæði svið “leitast við” að aðlagast hvort öðru
- Hugtakið til að lýsa þessum snúningshraða - annars vegar rötors og hinsvegar riðstraumi í rötur - er hugtakið “**sleita**” (**enska: slip**)
- Tökum 3 dæmi um samspil snúningshraða og riðstraums sem spanast upp, þ.e. **(1) Kyrrstöðu, (2) Samfasa hraða og (3) “millibilsástand” þar á milli!**



Dæmi 1: Kyrrstaða ($s = 1$)

- Gerum ráð fyrir að:
 - Bæði stator og rótor séu kyrrstæðir, þ.e. $s = 1$
 - Stator sé tengdur við 3-fasa spennugjafa með $f_1 = 50$ Hz. Statorstraumurinn veldur þá snúningssviði í loftbilinu, sem snýst með snúningshraða $n_s = 3000$ rpm
- Við þessar aðstæður:
 - spanast upp spenna (og straumur) í rótor sem er með skammhleypum rásum með tíðninni 50 Hz (Hliðstætt við spennu).
 - er snúningshraði rötors $n = 0$ og rótorstraumurinn verður $f_2 = 50$ Hz og veldur snúningssviði til mótvægis sem snýst með snúningshraða $n_s = 3000$ rpm miðað við bæði stator og rótor



Dæmi 2: Samfasahraði ($s = 0$)

- Gerum ráð fyrir að:
 - ..stator sé tengdur við 3 fasa spennugjafa með $f_1 = 50$ Hz er veldur snúningssviði í loftbilinu, sem snýst með snúningshraða $n_s = 3000$ rpm
 - ..rótor snúist með sama snúningshraða, $n = 3000$ rpm,
- Við þessar aðstæður:
 - spanast engin spenna né straumur upp í rótor þar sem **séð frá rótor** er segulsviðið er myndast vegna stators kyrrstætt því það er að snúast á sama hraða og rótor!! þ.e. $f_2 = 50$ Hz
 - Því verða engin kraftáhrif á milli rótors og stators, þar sem leiðari í segulsvið þarf að flytja straum til að á hann verki kraftur!



Dæmi 3: Spanvélin með 2000 rpm snúningshraða rótors

- Í lokadæminu gerum við ráð fyrir að:
 - ..stator sé tengdur við 3 fasa spennugjafa með $f = 50$ Hz er veldur snúningssviði í loftbilinu, sem snýst með snúningshraða $n_s = 3000$ rpm
 - ..og rótor snúist með “raunverulegum” snúningshraða, $n = 2000$ rpm eða $2/3$ af 50, þ.e. 33.33 snúningar á sek
- Við þessar aðstæður:
 - spanast upp í rótor spenna og straumur með tíðni sem er mismunur (a) áður nefnds snúningssviðs frá stator og (b) snúningshraða rótors þ.e. með tíðninni $50 - 33.33 = 16,6667$ Hz og veldur snúningssviði er snýst með 1000 rpm, miðað við snúning rótors!!
 - Þetta snúningssvið vegna rótorstrauma snýst hins vegar með $n_s = 3000$ rpm, miðað við kyrrstöðu!! Hver er sleitan við þessar aðstæður?



UNIVERSITY OF ICELAND

Skilgreining sleitu (slip)

- Í framhaldi af ofangreindum dæmum skilgreinum við hugtakið **sleita** (slip) sem mælikvarða á hraðamismun snúnings sviðs í loftbilinu er koma til vegna statorstrauma og raunverulegs snúningshraða rótors
- Skilgreinum fyrst n_s sem snúningshraða sviðsins í loftbili (t.d. 3000 rpm) vegna strauma í stator sem eru í fasa við ytri spennugjafa (“s” stendur fyrir samfasa eða “sýnkrónt” við kerfið)
- Skilgreinum n sem raunverulegan snúningshraða rótors (rpm)
- **Þá skilgreinist sleita sem hlutfallslegt frávik snúningshraða rótors frá samfasasnúningshraða** (slip) eins og sýnt er í meðfylgjandi jöfnu:
- Athugasemdir:
 - Því er ljóst að þegar rótor snýst **hægar** (n) en samfasa snúningssviðið (n_s), þ.e. $n < n_s$ er sleitan **jákvæð** stærð ($s > 0$)
 - Einnig er ljóst að þegar rótor snýst **hraðar** (n) en samfasa snúningssviðið (n_s), þ.e. $n > n_s$ er sleitan **neikvæð** stærð ($s < 0$)
- Við fáum því samband milli n og n_s
- Ef maður vill fremur reikna með hornhraða í radiönum fæst:

$$s = \frac{n_s - n}{n_s}$$

$$n_s \cdot s = n_s - n$$

$$n = (1 - s)n_s$$

$$\omega_m = (1 - s)\omega_s$$



Samband tíðni á statorstraumi, snúningshraða segulsviðs og fjölda póla

- Samanlagður snúningshraði samfasasviðsins er samansettur úr 2 þáttum
 1. Snúningshraða rôtorsins (miðað við kyrrstöðu) (n)
 2. Hraða snúningsviðs riðstraums á rötornum (miðað við rótorinn) (sn_s)
- Þetta leiðir til eftirfarandi jöfnu
- Þetta þýðir að sleitan í síðasta dæminu (Dæmi 3) er:

$$sn_s + n = n_s$$

$$s = \frac{n_s - n}{n_s}$$

$$s = \frac{n_s - n}{n_s} = \frac{3000 - 2000}{3000} = 0,3333$$

Eða 33,3%



Samband tíðni á statorstraumi, snúningshraða segulsviðs og fjölda póla

- Fjöldi póla hefur eins og áður áhrif á jöfnur um snúningshraða
 - p er fjöldi póla (t.d. 2)
 - $f_s = f_1$ er tíðni statorstraums (t.d. 50 Hz)
 - (60 er fjöldi sek í mínútu)
 - n_s er snúningshraði samfasa - segulsviðs í sn./mín (rpm)
 - Þá fæst eftirfarandi jafna fyrir samband tíðni og snúningshraða

$$n_s = \frac{2}{p} f_s \cdot 60 = \frac{120 f_s}{p}$$

- Einfeldast er almennt að hugsa sér 2-póla vélar til að skoða hvernig þær vinna og virka!

$$f_s = f_1 = \frac{p}{120} n_s$$



Samband tíðni á stator og rótorvafningum


- Sleita skilgreinist, eins og áður segir, sem hlutfallslegt frávik snúningshraða rótors n frá samfasasnúningshraða snúnings sviðs, n_s
- Skilgreinum f_1 sem tíðni riðstraumsins á stator og f_2 sem tíðni riðstraumsins á rótor. Þá fæst:
- Þetta er mikilvæg jafna sem við notum við líkanagerð vélarinnar

$$f_1 = \frac{p}{120} n_s$$

$$f_2 = \frac{p}{120} (n_s - n)$$

$$f_2 = \frac{p}{120} s n_s$$

$$= s f_1$$




$$f_2 = s f_1$$



Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.





Rásalíkon af spanvél



Induction machine circuit models



UNIVERSITY OF ICELAND

3 fasa líkan spanvélar

- Við höfum 3-fasa vafninga á **stator** (sjá myndir)
- Við höfum 3-fasa vafninga á **rótor** (sjá myndir)
- Vægi á rótor verður til vegna **samspils bylgna segulflæðis** á milli rótors og stators yfir loftbilið
- Vélin hegðar sér í kyrrstöðu eins og spennir, nema að spennir hefur ekki loftbil, en það hefur spanvélin
- Skoðum fyrst véлина (eða “spenninn”) í kyrrstöðu





Líkan af spanvél samanborið við líkan spennis


- Við munum sjá að jafngildisrás er hliðstæð og rás fyrir spennni!
- “Forvaf” getur samsvarað statorvafningum (vafningar nr “1”)
- “Bakvaf” getur samsvarað rótorvafningum (vafningar nr “2”)
- Lekaspanviðnám stærra í spanvél en spennni
- Segulmögnunarstraumur er stærri í spanvél en í spennni



UNIVERSITY OF ICELAND

Spenna spanast upp í vafningum vegna snúningssviðs

- Snúningssvið veldur spennu í vafningum sem eru í sviðinu bæði á rótor og stator :
- Við getum reiknað út spennuna samkvæmt lögmáli Faradays. N er fjöldi vafninga og Φ_p er sveifluhæð flúxbylgju. $\omega = 2\pi f$ er hornhraðinn.
- Eftirfarandi jöfnur fást fyrir spennuna bæði á stator og rótor þar sem lítill munur er á vafningum hvort sem þeir eru innan eða utan loftbilsins, hvað varðar fluxvafninga, λ , þ.e. svið sem umlykur vafningana



$$\lambda_a(\omega t) = N\Phi_p \cos \omega t$$

$$e_a(t) = \frac{d\lambda_a(\omega t)}{dt} = -\omega N\Phi_p \sin \omega t$$

$$E_{rms} = \frac{\omega N\Phi_p}{\sqrt{2}} = \frac{2\pi f N\Phi_p}{\sqrt{2}} = 4.44 f N\Phi_p$$



UNIVERSITY OF ICELAND

Spanvélin í kyrrstöðu

- E_1 er RMS spenna á **stator**.
- E_{2k} er RMS spenna á **rótor í kyrrstöðu**
- Vegna kyrrstöðu rótors er sama tíðni, f , á báðum vafningum og sama svið (flúx) Φ_p umlykur vafningana
- K_{w1} og K_{w2} eru vafningastuðlar vegna dreifðra vafninga. Þeir eru < 1 , þ.e. þeir sýna lítilsháttar minnkun á áhrifum sviðsins.
- Hlutfall á spennu á stator- og rótorvafningum í kyrrstöðu verður :

$$E_1 = 4.44 fN_1 \Phi_p K_{w1}$$

$$E_{2k} = 4.44 fN_2 \Phi_p K_{w2}$$

$$\frac{E_1}{E_{2k}} = \frac{4.44 fN_1 \Phi_p K_{w1}}{4.44 fN_2 \Phi_p K_{w2}}$$

$$K_{w1} = K_{w2}$$

$$\frac{E_1}{E_{2k}} \simeq \frac{N_1 K_{w1}}{N_2 K_{w2}} \simeq a$$

$$E_1 \simeq aE_{2k}$$

- Miðað við **sama vafningastuðul** og **vafningahlutfallið**, a fæst að lokum jafna um hlutfall spennu á forvafi og bakvafi í **kyrrstöðu** miðað við fullkomna tengingu:



Spanvélin í snúningi

- E_1 er spenna á **stator**.
- E_{2k} er spenna á **rótor í kyrrstöðu**
- Nú er E_2 er spenna á **rótor á hreyfingu**.
- Mismunandi tíðni f_1 og f_2 er nú á vafningum stators og rötors.
- Umsetning er, a , þ.e. vafningahlutfall,
- Aftur eru vafningastuðlar eins á rótor og stator (einföldun):
- Samband tíðni f_2 og f_1 á rótor og stator er
- Þá fæst eftirfarandi samband milli spanaðrar spennu á rótor og stator
- **Ath: Spennan á rotor þegar hann snýst, þ.e. E_2 er sleitan, s margfölduð með spennunni á rótor þegar hann snýst, E_{2k}**

$$E_1 = 4.44 f_1 N_1 \Phi_p K_{w1}$$

$$E_2 = 4.44 f_2 N_2 \Phi_p K_{w2}$$

$$a = \frac{N_1}{N_2}$$

$$K_{w1} = K_{w2}$$

$$f_2 = s f_1$$

$$E_2 = s \frac{E_1}{a} = s E_{2k}$$

$$\frac{E_1}{E_2} \approx a \frac{f_1 K_{w1}}{f_2 K_{w2}} = a \frac{f_1}{f_2}$$


$$E_1 = a E_{2k} = \frac{a}{s} E_2$$

$$E_2 = s E_{2k}$$



Jafngildisrás spanvélar í kyrrstöðu með þverlegg

- Við skoðum jafngildismynd fyrir **spenni** og beitung henni á spanvélin þar sem við vitum að sömu eiginleikar gilda, þ.e. Ohmskt viðnám spanviðnám, segulmögnun, kjarnatöp o.s.v.frv.
- Gert er því ráð fyrir að **spanvélin í kyrrstöðu** hegði sér eins og spennir
- Oft er X_M og R_C mjög stórt og Z_m er stórt, þ.e. eins og opin rás. Þess vegna má oft sleppa þverleggnum og $I_1 = I'_1$. Þetta er oft óþarfa nálgun.
- Hér er $\omega_s = 2\pi f_1$ hornhraði sveiflunnar á statorstraumi. Þá fást jöfnur t.h. (Ath. allar stærðir eru við vísar)




$$V_1 = I_1 (R_1 + j\omega_s L_1) + E_1$$

$$E_{2k} = I'_2 (R_2 + R_{ext} + j\omega_s L_2)$$



Jafngildisrás án þverleggs

- Gerum nú ráð fyrir að rótorinn snúist og að hornhraði hans sé ω_m . Látum $R_2 = R_{rotor} + R_{ext}$



- Ef rótor er skammhleyptur er $R_{ext} = 0$ og $R_2 = R_{rotor}$ er þá einfaldlega viðnám í rótorvafningum. Þessar jöfnur gilda:
- Munum að almennt er: $E_2 = sE_{2k}$
- Munum að í kyrrstöðu er $s = 1$

$$V = I_1 (R_1 + jX_1) + E_1$$


$$E_2 = I_2 (R_2 + j\omega_r L_2) = I_2 (R_2 + jX_2)$$




UNIVERSITY OF ICELAND

Líkan af spanvél

- Við getum skoðað hvorn vafninginn sem er. Jafngildisrás satorvafninga (“forvafs”) verður:




- Jafngildisrásir rótorvafninga (“bakvafs”) getur verið mismunandi:






Ath. nánar líkan af rótorvafningum spanvélar

- Jafngildisrásir rótorvafninga....
- ...er unnt að breyta með því að lengja efra brotið (efri jöfnuna) með $1/s$: (deila með s)
- E_1 er spenna á stator
- E_{2k} er spenna á rótor í kyrrstöðu
- sE_{2k} er spenna á rótor sem snýst
- Þannig sést að við deilinguna umbreytist bakvafið á efri mynd í bakvafið á neðri myndinni



$$I_2 = \frac{sE_{2k}}{R_2 + jsX_2}$$




$$I_2 = \frac{E_{2k}}{\frac{R_2}{s} + jX_2}$$




Líkan af rótorvafningum spanvélar

- ...Seinni jafngildisrásina er unnt að kljúfa:



- ...sem gefur eftirfarandi jafngildisrás vélarinnar í heild:






Líkan af rótorvafningum spanvélar

- P_{ag} skilgreinist sem afl sem “flyst yfir” loftbilið

$$P = P_{ag} = I_2^2 \frac{R_2}{s}$$



- P_{ag} er afl, sem samsett er úr 2 þáttum, þ.e. í viðnámi ofangreindrar rásar:

$$P = P_{ag} = I_2^2 \left(R_2 + \frac{R_2}{s} (1-s) \right)$$

Töþ í vafningum

Hreyfiafl



Hreyfiafl spanvélar

- Hreyfiafl, P_{mek} í viðnámi ofangreindrar rásar er:....

$$P_{mek} = T_{mek} \omega_{mek} = I_2^2 \underbrace{\frac{R_2}{s}}_{\text{Afl í loftbili}} (1-s) = P_{ag} (1-s)$$

- Þess vegna er mikilvægt að hafa sleituna sem lægsta, t.d. ($s = 0.05$) til þess að sem mestur hluti aflsins sem fer um loftbilið komi fram sem hreyfiafl á öxul



Aðrar jafngildisrásir spanvélar

- Mismunandi jafngildisrásir koma upp (Sjá t.d. P.C. Sen, mynd 5.14)





FIGURE 5.14
Approximate equivalent circuit.



Thevenin-jafngildisrás spanvélar

- Við getum alltaf búið til Thevenin - jafngildisrásir af öðrum rásum ef horft er inn á tengiklemmur rásarinnar
- Mismunandi jafngildisrásir sem Thevenin jafngildi koma fram þegar búið er að taka þverlegginn úr myndinni







UNIVERSITY OF ICELAND

IEEE jafngildisrás spanvélar

- Efst sést IEEE jafngildisrás vélarinnar




- Neðst sést jafngildisrásin eins og hún er teiknuð í kennslubók (FKU) með því táknmáli sem þar er





Jafngildisrásir

UNIVERSITY OF ICELAND





Útreikningar raunafls, nýtni og tapa

- P_{inn} er afl sem fer inn á statorvafninga frá rafkerfi
- P_{mek} er hreyfiafl út á öxul vélarinnar
- P_{ag} er afl sem fer um loftbilið
- P_{ut} er afl sem öxull gefur frá sér til álags
- $P_{rotation}$ eru núningstöp í öxli
- P_{R1} eru kopartöp í statorvafningum
- P_{R2} eru kopartöp í rótorvafningum


$$P_{mek} = 3I_2'^2 \frac{R_2'}{s} - 3I_2' R_2' = 3I_2' \left(\frac{R_2'}{s} - R_2' \right)$$

$$P_{mek} = 3I_2'^2 R_2' \left(\frac{1-s}{s} \right) = P_{ag} (1-s)$$

$$P_{ut} = P_{mek} - P_{rotation}$$

└─→ Til álags
└─→ Núningstöp

Orkuflæði í spanmótor





UNIVERSITY OF ICELAND

Útreikningar raunafls


$$P_{R'2} = 3I_2'^2 R_2' \quad (\text{töþ í vafningum á rótor})$$

$$P_{inn} = 3 \cdot \text{Re} \{ V_1 I_1^* \}$$

$$P_{R1} = 3I_1^2 R_1 \quad (\text{töþ í vafningum á stator})$$

$$P_{ag} = P_{inn} - 3(I_1^2 R_1) - P_c = 3|I_2'|^2 \frac{R_2'}{s}$$

Afl sem fer um loftbilið



P_c : Kjarnatöþ

P_{mek} : Hreyfifræðilegt afl

$$P_{mek} = P_{ag} - 3I_2'^2 R_2'$$

Rótortöþ

Afl í loftbili

Hreyfifræðilegt afl



Útreikningar raunafls

- Hreyfifræðilegt afl er margfeldi vægis og hornhraða, þ.e.
- Þess vegna getum við reiknað út vægið:
- Skilgreining á sleitu kemur inn í eftirfarandi jöfnur:
- Þá fæst þessi jafna fyrir vægið
- Gert ráð fyrir $R_c // X_m \rightarrow 0$
- Nú er $P_{ag} = 3|I_1|^2 \frac{R_2'}{s}$

$$P_{mek} = T_{mek} \omega_m$$

$$T_{mek} = \frac{P_{mek}}{\omega_m} = \frac{3}{\omega_m} (I_1)^2 R_2' \left(\frac{1-s}{s} \right)$$

$$s = \frac{\omega_{sync} - \omega_m}{\omega_{sync}} \quad \omega_m = (1-s)\omega_{sync}$$

$$T_{mek} = \frac{3}{\omega_{sync}} |I_1|^2 \frac{R_2'}{s}$$

þess vegna:

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_{sync}} P_{ag}$$



Útreikningar raunafls

- Samband snúningshraða og hornhraða:
- Þá fæst samband vægis og snúningshraða í snún./sek (rpm)
- Að lokum má skrifa eftirfarandi hreyfifræðilega jöfnu jöfnu fyrir samband mismunandi vægis og hornhraða. Þessi jafna er kunnugleg til að gera líkan af hreyfihegðun vélarinnar

$$\omega_{sync} = 2\pi \frac{n_{sync}}{60}$$

$$T_{mek} = \frac{20}{2\pi n_{sync}} \frac{R_2'}{s} |I_1|^2$$

$$T_{mek} = J \frac{d\omega_m}{dt} + T_{load} + T_{friction}$$




Spanrafali

UNIVERSITY OF ICELAND

- Fyrir spanrafalavélar:
 - $\omega_m > \omega_{sync} = \omega_s$ sem þýðir að afl kemur úr hreyfiaflgjafa (prime mover)
 - ω_m and ω_{sync} hafa sömu snúningsstefnu
 - Rafali: Raf afl fer inn á raforkukerfið í gegnum statortenginarnar
- Athugum í þessu tilfalli ($\omega_m > \omega_{sync}$)

$$s = \frac{\omega_{sync} - \omega_m}{\omega_{sync}} < 0$$



- Sleitan, s er neikvæð og því þýðir neikvæð sleita að vélin vinnur eins og rafali.



Sérstök tilfelli: Kyrrstaða og samfasahraði

- Kyrrstaða ($\omega_m = 0$)

$$s = \frac{\omega_{sync} - 0}{\omega_{sync}} = 1$$


sem þýðir að $s = 1$ þ.e. kyrrstaða

- $s = 0$ þýðir að $\omega_m = \omega_{sync}$ þ.e.a.s. spanvél in keyrir á samfasahraða. Spanvél getur ekki keyrt á samfasahraða, þ.e. $\omega_{sync} = \omega_m$ þar sem $f_r = sf_s \Rightarrow f_r = 0$ (Engin aflframleiðsla)



Sýnidæmi 1

- 6 póla spanvél (mótor) fær rafafli sitt frá samfasarafala sem hefur 4 póla og keyrir á hraðanum 1500 rpm. Ef hraði spanvélarinnar er 750 rpm, hver er tíðni rótorstraumsins.



Lausn: Fyrir samfasavélina gildir:

$$n_m = n_{sync} = \frac{120 f_{stator}}{p}$$

$$f_{stator} = \frac{n_{sync} \cdot p}{120} = \frac{1500 \cdot 4}{120} = 50\text{Hz}$$



Sýnidæmi 1 (Lausn, frh.)

Fyrir spanvélina gildir:

$$n_{sync} = \frac{120f}{p} = \frac{120 \cdot 50}{6} = 1000rpm$$

$$s = \frac{n_{sync} - n_m}{n_{sync}} = \frac{1000 - 750}{1000} = 0.25$$

$$f_r = sf_s = 0.25 \cdot 50 = 12.5Hz$$




Sýnidæmi 2

UNIVERSITY OF ICELAND

- Aflið sem kemur inn á rótorrásina um loftbilið á 4 póla 60 Hz spanmótor sem keyrir á 1000 rpm er 3kW. Hver eru kopartöp í rótornum?

Lausn:



$$n_{sync} = \frac{120 f_s}{P} = \frac{120 \cdot 60}{4} = 1800 \text{ rpm}$$

$$s = \frac{1800 - 1000}{1800} = 0.444$$



Sýnidæmi 2 (Lausn)

$$P_{ag} = |I_2|^2 \frac{R_2'}{s}$$

$$P_{rotor\ loss} = |I_2|^2 R_2'$$

$$\frac{P_{rotor\ loss}}{P_{AG}} = \frac{|I_2|^2 R_2'}{|I_2|^2 \frac{R_2'}{s}} = s$$


$$P_{rotor\ loss} = sP_{ag}$$

$$P_{rotor\ loss} = sP_{ag} = (0.444)(3000) = 1333.3W$$



Sýnidæmi 3

- Gefin er 400 Volta, 3-fasa Y-tengds, 4-póla, 60Hz spanmótor. Hann keyrir við $s = 0.06$. Statorstraumurinn er 60A við aflstuðul $\cos \phi = 0.866$. Kopartöp í stator eru 2700 W, og heildartöp og snúningstöp eru 3600 W. Reiknið út nýtni mótorsins.





Sýnidæmi 3 (Lausn)

$$\begin{aligned}P_{in_{3\phi}} &= 3V_{L-N}I_s \cos(\theta) \\ &= 3 \frac{400}{\sqrt{3}} 60(0.866) = 36000W\end{aligned}$$

$$P_{3\phi cu} = 2700W$$

$$P_{3\phi iron+rotational loss} = 3600W$$

$$P_{AG} = P_{in} - P_{stator cu loss} = 36000 - 2700 = 33300W (3\phi)$$

$$\begin{aligned}P_0 &= P_{mek} - P_{iron+rot} = (1-s)P_{AG} - P_{iron+rot} \\ &= (1-0.06)33300 - 3600 = 27702 W\end{aligned}$$

$$\eta = \frac{P_0}{P_i} = \frac{27,702}{36,000} = 0.7695 = 76.95\%$$




Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.



Greining líkans af spanvél








UNIVERSITY OF ICELAND

Vægi í spanvél m.v snúningshraða

- Við skoðum eitthvað af þeim líkönum sem sett hafa verið fram fyrir spanvélinna, t.d. líkanið hér efst t.h.,
- .. eða einföldun þess er sýnir Thevenin-jafngildi rásarinnar séð frá rótor, sem sýnt er á næstu mynd fyrir neðan...
- ...eða 3 líkanið að ofan. **Munum að aflið út á öxul, P_{mek} er það afl sem eyðist í viðnáminu $R_2(1-s)/s$ lengst t.h.**
- Unnt er að nota þessi líkön með því að setja fyrst fram eftirfarandi jöfnu, sem sýnir samband straums og spennu **fyrir seinni 2 líkönin**
- Ef fyrsta líkanið er notað, kemur V_1 í stað V_{th} , R_1 í stað R_{th} og X_1 í stað X_{th}



$$I_2'^2 = \frac{V_{th}^2}{\left(R_{th} + \frac{R_2'}{s}\right)^2 + (X_{th} + X_2')^2}$$



Vægi í spanvél sem fall af snúningshraða

- Unnt að skoða hvernig vægi breytist með snúningshraða vélarinnar. Eftirfarandi jafna sýnir hvernig afl og vægi tengjast þessum líkönum, þ.e. vægið er í hlutfalli við strauminn í 2. veldi

$$P_{mek} = T_{mek} \cdot \omega_m = 3I_2'^2 R_2' \left(\frac{1-s}{s} \right)$$

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_m} \cdot 3I_2'^2 R_2' \left(\frac{1-s}{s} \right)$$

- Einnig er unnt að nota jöfnu sem tengir raunverulegan snúningshraða rôtorsins við **fastan** snúningshraða statorstraumanna frá spennugjafa, þ.e.

$$\omega_m = (1-s)\omega_s$$

- Þá fæst eftirfarandi jafna sem er *endurtekin frá fyrra fyrirlestri*:

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_s} \cdot 3I_2'^2 \frac{R_2'}{s}$$

- Nú er straumnum sem áður var reiknaður út stungið inn í þessa jöfnu og þá fæst:

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{\left(R_{th} + \frac{R_2'}{s} \right)^2 + \left(X_{th} + X_2' \right)^2} \cdot \frac{R_2'}{s}$$

- **Þessi jafna er teiknuð upp á næstu mynd fyrir dæmigerð gildi spanvélar**




UNIVERSITY OF ICELAND

Vægi í spanvél sem fall af snúningshraða

- Við sjáum hvernig vinnusviðið fyrir mismunandi snúningshraða skiptist á milli 3 “rekstrarháttar” (modes of operation):

- **Rafala-háttur**
- **Mótor-háttur**
- **Bremsu-háttur**





Rekstrarhættir spanvéla

- **Mótor.** Hér er rótorinn að snúast hægar en snúningssvið frá statorvafningum, en í sömu stefnu og það.
- **Rafali.** Hér er rótorinn að snúast hraðar en snúningssvið frá statorvafningum og í sömu stefnu og það.
- **Bremsuháttur.** Hér er rótorinn að snúast í gagnstæða stefnu og snúningssvið frá statorvafningum.
 - Unnt er að ná bremsuhættinum fram með því að skipta skyndilega um fasaröð (Víxla t.d. b og c fasa). Þar með skiptir snúningssvið vegna stators um stefnu.



Nálgun vægis við lágt gildi á sleitu

- Skoðum aftur fyrri jöfnu sem er sýnd hér til hliðar. →
- Við **lágt** gildi á sleitunni, þ.e. $s \cong 0$ fást eftirfarandi nálganir:
 - Ohmski hluti í nefnaranum er ráðandi yfir spanhlutanum, þ.e. →
 - Aflið inn á öxul, P_{mek} , er ráðandi yfir töpum á rótorvafningu, þ.e. →
- Með því að setja ofangreind skilyrði inn í jöfnuna fæst eftirfarandi jafna:
- Hún sýnir að vægið er **línulega háð sleitunni** við gildi á s sem eru nálægt núlli, þ.e. nálægt samfasa-hraða vélarinnar.

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{\left(R_{th} + \frac{R'_2}{s}\right)^2 + (X_{th} + X'_2)^2} \cdot \frac{R'_2}{s}$$

$$R_{th} + \frac{R'_2}{s} \gg X_{th} + X'_2$$

$$\frac{R'_2}{s} \gg R_{th}$$

$$T_{mek} \approx \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{R'_2} \cdot s$$



Nálgun vægis við hátt gildi á sleitu

- Skoðum aftur fyrri jöfnu sem er sýnd hér til hliðar.

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{\left(R_{th} + \frac{R'_2}{s}\right)^2 + (X_{th} + X'_2)^2} \cdot \frac{R'_2}{s}$$

- Við **hátt** gildi á sleitu fæst eftirfarandi nálgun:

- Spanhlutinn í nefnaranum er ráðandi yfir, Ohmska hlutanum þ.e.

$$X_{th} + X'_2 \gg R_{th} + \frac{R'_2}{s}$$

- Með því að setja ofangreint skilyrði inn fæst eftirfarandi jafna:
- Hún sýnir að vægið er í öfugu hlutfalli við sleituna við gildi á s sem eru nálægt 1, þ.e. þegar vélin er nálægt kyrrstöðu.

$$T_{mek} \approx \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{(X_{th} + X'_2)^2} \cdot \frac{R'_2}{s}$$



Hámarksvægi spanvélar

- Horft er enn á sömu jöfnu og áður hér til hliðar
- Við getum reiknað út hámarksvægi spanvélar með því að reikna út dT_{mek}/ds og setja = 0.
- Þá fæst eftirfarandi skilyrði fyrir hámarki á væginu T_{mek} .
- Þannig fæst sú sleita sem samsvarar hámarksvægi. **Hún er í beinu hlutfalli við viðnám rótorrásar:**
- Hámarksvægið verður samkvæmt eftirfarandi jöfnu og sést að það er óháð viðnáminu í rótor-rásinni R_2' :

$$T_{mek} = \frac{1}{\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{\left(R_{th} + \frac{R_2'}{s}\right)^2 + (X_{th} + X_2')^2} \cdot \frac{R_2'}{s}$$

$$\frac{R_2'}{s_{T \max}} = \left[R_{th}^2 + (X_{th} + X_2')^2 \right]^{\frac{1}{2}}$$

$$s_{T \max} = \frac{R_2'}{\left[R_{th}^2 + (X_{th} + X_2')^2 \right]^{\frac{1}{2}}}$$


$$T_{mek(\max)} = \frac{1}{2\omega_s} \cdot 3 \frac{V_{th}^2}{R_{th} + \left[R_{th}^2 + (X_{th} + X_2')^2 \right]^{\frac{1}{2}}}$$



Ferlar vægis

UNIVERSITY OF ICELAND

- Jöfnurnar sýna hins vegar að viðnámið í rótorrás segir til um við hvaða hraða hámarksvægið næst.
- Myndin hér til hliðar sýnir mismunandi ferla fyrir mismunandi gildi á viðnámi rótorrásar R_2 þar sem ferlarnir **færast til vinstri við aukið viðnám.**
- Við getum stillt viðnámið þannig að það verði í hámarki í kyrrstöðu, sbr. mynd.
- Þess vegna er viðnám rótorrásar, R_2 mikilvægt tæki til að stýra hegðun spanvélar






UNIVERSITY OF ICELAND

Spanvél með breytilegu viðnámi rotorrásar

- Þannig er komin ástæða til að nota ytri viðnám, eins og sýnd eru á mynd til að stýra því við hvaða snúningshraða hámarksvægi fæst
- Unnt er að tengja vafinn rótor við ytri viðnám. Þetta er ekki tilfellið við s.k. Íkornabúrs-rótor
- Vafningar og tengiklemmur hvers fasa eru tengdar sleituhringjum og bursta - snertum (slip ring, brush contacts)
- 3 burstasnertur tengja rótorvafningana við ytri viðnám sem eru tengd í Y eða stjörnutengingu

Hönnun rótors






Viðnám rótorrásar með djúpri skinnu (Deep bar)

- Tíðnin á rótorvafninum breytist með snúningshraða rótorsins. Í kyrrstöðu er tíðnin hin sama og á statorvafningum (t.d. 50 Hz). Við hámarksálag er tíðnin um 5-10% eða 2-5 Hz. Þennan breytileika er unnt að nota til að hafa áhrif á viðnám rótorrásarinnar og þar með vægið.
- Myndin sýnir **leka-flæðið** (sem *ekki* umlykur statorinn líka). Lekaflæðið í neðri hluta hinnar leiðandi skinnu er meira en í efri hlutanum (fleiri segullínur). Þess vegna er span og spanviðnám meira fyrir strauminn í neðri hluta skinnunnar. Við tölum um **djúpa skinnu (Deep bar)**
- Þessi munur verður meiri (ohmskt viðnám/spanviðnám) við hærri tíðni og því hækkar viðnámið við hærri tíðni. Við fullt álag er því $R_{ac} = R_{dc}$, en við lágan snúningshraða er mikill munur á R_{ac} og R_{dc}

Yfirborð rótorsins




Segulflæðilínur sem aðeins umlykja rótorvafninga og mynda því sk. lekaflæði og spanviðnám þess.



Viðnám rótorrásar með djúpri skinnu (Deep bar)

- Myndin til hliðar sýnir hlutfall virks viðnáms við riðstraum (R_{ac}) og virks viðnáms við jafnstraum (R_{dc}) sem fall af tíðni á rótorrás.
- **Hér sést að viðnám við riðstraum getur verið margfalt viðnámið við jafnstraum vegna lekaflæðis rótors**






UNIVERSITY OF ICELAND

Viðnám rótorrásar með tvöfaldri skinnu (Double bar)

- Unnt er að ná fram **lágum straumi** í kyrrstöðu og við gangsetningu og þar með **háu viðnámi** og **háu vægi** með tvöfaldri leiðandi skinnu eftir endilöngum rótor, eins og sýnt er á meðfylgjandi mynd
 - Ytri skinnan er grennri og úr efni með hærra eðlisviðnámi en innri skinnan
 - Ytri skinnan hefur því hærra ohmskt viðnám en innri skinnan
 - Raufin er þröng á milli skinnanna þannig að lekaflúxlínurnar fyrir innri skinnuna komast auðveldlega yfir raufina á milli þeirra.
 - Þetta hefur sem sé áhrif á vægi vélarinnar!






UNIVERSITY OF ICELAND

Aflflæði í mótör-rekstrarhætti

- Við sjáum hér að lokum yfirlit yfir aflflæði í spanvél og hina ýmsu þætti þeirrar orku og afls sem tapast í raunviðnámum vélarinnar.






Aflflæði í mótör-rekstrarhætti

- Þessi töp eru hér sýnd með notkun hefðbundins táknmáls....


Kjarnatöp í stator og rótor og núningstöp við snúning eru sett undir einn hatt í P_{rot}





Aflflæði í rafala-rekstrarhætti


- Svipað gildir fyrir rafala-rekstrarhátt vélarinnar





Aflflæði í bremsu-rekstrarhætti


- Að lokum er sýndur bremsuháttur





UNIVERSITY OF ICELAND

Aflstuðull ($PF = \cos \phi$) sem fall af snúningshraða





Nýtni spanvélarinnar

- Nýtni (efficiency) skilgreinist sem hlutfall afls út og inn:

$$Eff = \frac{P_{out}}{P_{in}}$$

- Ef öðrum töpum en ohmskum töpum í rótorrás er sleppt, fæst:

$$P_{ag} = P_{in}$$

$$P_{mek} = P_{ag} (1 - s) = P_{out}$$

- Þá fæst hámarksnýtnin:


$$Eff_{ideal} = \frac{P_{out}}{P_{in}} = 1 - s$$



Hvernig er nýtni spanvélarinnar háð snúningshraða?

- Hámarks (þ.e. “ideal”) nýtni:
- Raunveruleg nýtni:

$$Eff_{ideal} = \frac{P_{out}}{P_{in}} = 1 - s$$






Áhrif rótorviðnáms á hegðun spanvélar

Við ræsingu er vægi lágt, aflstuðull lágur og straumur mikill.

Við fullt álag spanmótors er vægi hátt, aflstuðull hár og nýtni há. → viðnám rotorásar þarf að velja rétt!




kennilína hreyfiálags með hátt vægi í gangsetningu

kennilína hreyfiálags með lágt vægi í gangsetningu




Rótor með búrvafi (Squirrel Cage Rotor)





UNIVERSITY OF ICELAND


Stator á meðalstórri 3-fasa spanvél






UNIVERSITY OF ICELAND

Vafinn rótor á stórrri 3-fasa spanvél





Single Phase Induction Motor



Squirrel cage rotor



Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.



Mælingar á kennistærðum rásalíkans

Próf með föstum rótor (Blocked rotor test)


Próf án álags (No load test)

Mæling jafnstraumsviðnáms



Rásalíkan vélarinnar

- Við viljum geta *mælt* eftirfarandi stærðir sem fram koma á meðfylgjandi almennu rásamynd fyrir spanvélinu :
 - Kopartöpin í stator (í viðnámi R_1)
 - Kjarnatöp, (í viðnámi R_c)
 - Lekaspanviðnám (X_1)
 - Lekaspanviðnám (X_2)
 - Segulmögnunarspanviðnám (X_m)
 - Kopartöp í rótor (í viðnámi R_2)
- Þessar mælingar fara fram með prófum á vélinni. Þessum prófum er lýst hér á eftir og þau eru.....




1. Prófun með “kyrrsettan rótor” (Blocked rotor test)
2. Prófun án álags (No load test)
3. Mæling jafnstraumsviðnáms



Jafnstraumspróf fyrir statorvafninga

- Skoðum fyrst síðastnefnda prófið með **jafnstraumsmælingu á viðnámi**
- Unnt er að mæla jafnstraumsviðnám 3 fasa samhverfra Y-tengdra statorvafninga með því að tengja yfir þá jafnstraumsgjafa, V samkvæmt eftirfarandi mynd.
- Þá fæst formúla til að nota við mælinguna



$$I = \frac{V}{2R_1}$$

$$R_1 = \frac{V}{2I}$$



Próf án álags (No load test)

- Skoðum því næst **próf án álags** (No load test).
Prófið felst í að keyra spanvélina sem mótör en án hreyfifræðilegs (mekanísks) álags á öxul
- Prófið gefur upplýsingar um núningstöp á öxli og strauma og spennur sem nauðsynleg eru til að gefa snúningsafl og til segulmögnunar kjarnans/loftbils, þ. e. segulrásarinnar í vélinni
- Prófið (á 3 fasa vél) fer þannig fram að 3 fasa samhverf spenna er sett inn á statorvafninga vélarinnar við máltíðni



Próf án álags (No load test) (2)

- Eftirfarandi stærðir á inntaki vélarinnar eru mældar í þessu prófi:
 - Fasaspenna, $V_{1,nl}$ á inntaki vélarinnar [V]
 - Fasastraumur, $I_{1,nl}$ á inntaki vélarinnar [V]
 - Raunafl, P_{nl} á inntaki vélarinnar [W]
- Í þessu prófi er rótorstraumur lágur og kopartöp (I^2R töp) í rótor eru því hverfandi. Við horfum fram hjá þeim og skoðum þau ekki frekar í þessu prófi
- Athugum að loftbilið veldur hærri segulmögnunarstraumi en t.d. í spennum



Próf án álags (No load test) (3)

- Unnt er nú að reikna út **nálgun að núningstöpum**, P_{rot} með því að draga kopartöpin í stator frá heildarafli, þ.e.

$$P_{rot} = P_{nl} - n_{ph} I_{1,nl} R_1$$

- ...þar sem allar stærðir eru þekktar (gert ráð fyrir að statorviðnámið, R_1 sé þekkt úr fyrra prófi og n_{ph} er fjöldi fasa)
- Hér að ofan er því gert ráð fyrir að öll töp, önnur en kopartöp, þ.e. bæði kjarnatöp (P_{core}) og eiginleg núningstöp (P_{rot}) séu kölluð “núningstöp”.
- Þetta er einföldun eða nálgun, sem má taka tillit til með því að mæla núningstöpin sérstaklega á eftirfarandi hátt:....



Próf án álags (No load test) (4)

- Ef tregðuvægi rótors, J er þekkt, má mæla núningstöpin sérstaklega með jöfnunni:
-þess vegna má mæla hversu hratt vélin hægir á sér, ef straumur til hennar er skyndilega rofinn, og meta P_{rot} úr eftirfarandi jöfnu...:
- Þá má að lokum mæla raunveruleg kjarnatöp með notkun endurbættrar jöfnu...
- Viðnámið í þverleggnum má síðan tákna með eftirfarandi jöfnu.
- Oft er ofangreindri sérgreiningu á P_{core} sleppt í greiningu á kennistærðum vélarinnar

$$J \frac{d\omega_m}{dt} = -T_{rot} = -\frac{P_{rot}}{\omega_m}$$

$$P_{rot}(\omega_m) = -\omega_m J \frac{d\omega_m}{dt}$$


$$P_{core} = P_{nl} - P_{rot} - n_{ph} I_{1,nl} R_1$$

$$R_c = \frac{n_{ph} V_{1,nl}^2}{P_{core}}$$



Próf án álags (No load test) (5)

- Að lokum ætlum við að mæla spanviðnámið X_m með þessu prófi.
- Ef ekkert álag er á rótor er hraði hans rétt neðan við samfasahraða og sleitan s_{nl} er lág. Þetta þýðir að viðnámið R_2/s_{nl} er mjög hátt viðnám. Því má sleppa hægri leggnum í myndinni hér til hliðar og spanviðnámið séð inn á stator er skv. 1. jöfnu t.h. Nú er unnt að reikna spanviðnámið út frá launafli samkvæmt:....
- ... og launaflið Q_{nl} má finna ...
- ...og sýndaraflið, S_{nl} má finna....
- Spanviðnámið, X_{nl} er um það bil.....



$$X_{nl} \approx X_1 + X_m$$

$$X_{nl} = \frac{Q_{nl}}{n_{ph} I_{1,nl}^2}$$

$$Q_{nl} = \sqrt{S_{nl}^2 - P_{nl}^2}$$

$$S_{nl} = n_{ph} V_{1,nl} I_{1,nl}$$

$$X_{nl} \approx \frac{V_{1,nl}}{I_{1,nl}}$$



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (1)

- 3 og síðasta prófið er **próf með föstum rótor** (Blocked rotor test) Það er hliðstætt og skammhlaupspróf fyrir spennu. Bæði þessi próf gefa aðallega upplýsingar um **lekaspanviðnám** rásarinnar.
- Eins og nafnið bendir til, er gert ráð fyrir að rótorinn sé kyrrstæður og festur þannig að hann geti ekki hreyfst. Þar með er sleitan, $s = 1$. Eins og í fyrra prófi, er 3 fasa samhverf spenna sett inn á statorvafninga vélarinnar við einhverja tíðni, f_{bl} .
- Í þessu prófi fást eftirfarandi mæliniðurstöður:
 - Fasaspenna, $V_{1,bl}$ á inntaki vélarinnar [V]
 - Fasastraumur, $I_{1,bl}$ á inntaki vélarinnar [A]
 - Raunafl, P_{bl} á inntaki vélarinnar [W]
 - Tíðni, f_{bl} á inntaki vélarinnar [Hz]



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (2)

- Tíðni og stærð spennunnar inn á stator getur verið breytileg eftir aðstæðum. Launaflíð er reiknað út frá sýndarafli og raunafli.
- Spanviðnám er unnt að reikna út frá launafli og spennu og straumi
- Þegar búðið er að reikna stærðirnar X_{bl} og R_{bl} er unnt að reikna út kennistræðir rásalíkansins

$$Q_{bl} = \sqrt{S_{bl}^2 - P_{bl}^2}$$

$$S_{bl} = n_{ph} V_{1,bl} I_{1,bl}$$

$$n_{ph} = 3$$

$$X_{bl} = \left(\frac{f_r}{f_{bl}} \right) \cdot \left(\frac{Q_{bl}}{n_{ph} I_{1,bl}^2} \right)$$

$$R_{bl} = \frac{P_{bl}}{n_{ph} I_{1,bl}^2}$$




Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (3)

- Unnt er nú að skoða rásamyndina neðst t.h. og fæst þá jafnan t.h.
Við sleituna $s = 1$
- Næsta jafna fæst eftir nokkra útleiðslu
- Unnt er að gera frekari nálganir

$$Z_{bl} = R_1 + jX_1 + (R_2 + jX_2) // jX_m$$

$$Z_{bl} = R_1 + R_2 \left(\frac{X_m^2}{R_2^2 + (X_m + X_2)^2} \right) + j \left(X_1 + \frac{X_m (R_2^2 + X_2 (X_m + X_2))}{R_2^2 + (X_m + X_2)^2} \right)$$



(a)



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (4)

- Unnt er að gera
frekari nálganir, t.d.
að $R_2 \ll X_m$

$$Z_{bl} = R_1 + R_2 \left(\frac{X_m}{X_m + X_2} \right)^2 + j \left(X_1 + X_2 \left(\frac{X_m}{X_m + X_2} \right) \right)$$



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (5)

- Úr efri jöfnunum 2 er unnt að leiða út neðri jöfnurnar 2 sem gefa heildar spanviðnámið X_2

$$R_{bl} = R_1 + R_2 \left(\frac{X_m}{X_m + X_2} \right)^2$$

$$X_{bl} = X_1 + X_2 \left(\frac{X_m}{X_m + X_2} \right)$$

$$X_2 = (X_{bl} - X_1) \left(\frac{X_m}{X_m + X_1 - X_{bl}} \right)$$

$$R_2 = (R_{bl} - R_1) \left(\frac{X_2 + X_m}{X_m} \right)^2$$



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (6)

- Við sameinum efri 2 jöfnurnar og þá fæst innrammaða jafnan
- Ekki er auðvelt að greina á milli hvernig lekaspanviðnámið skiptist á milli stator og rótorrásar. Við fáum töflu sem byggð er á reynslu samkvæmt næstu skyggnu:

$$X_{nl} \approx X_1 + X_m$$

$$X_2 = (X_{bl} - X_1) \left(\frac{X_m}{X_m + X_1 - X_{bl}} \right)$$

$$X_2 = (X_{bl} - X_1) \left(\frac{X_{nl} - X_1}{X_{nl} - X_{bl}} \right)$$

$$X_m = X_{nl} - X_1$$



Próf með föstum rótor (Blocked rotor test) (7)

- Eftirfarandi tafla er fengin úr kennslubók bls 335 (Source: IEEE standard 112)


Motor class	Description	X_1 as a fraction of $X_1 + X_2$	X_2 as a fraction of $X_1 + X_2$
A	Normal starting torque, normal starting current	0,5	0,5
B	Normal starting torque, low starting current	0,4	0,6
C	High starting torque, low starting current	0,3	0,7
D	High starting torque, high slip	0,5	0,5
Wound rotor	Performance varies with rotor resistance	0,5	0,5



UNIVERSITY OF ICELAND

Samantekt

- Við höfum því með ofangreindum prófum fundið helstu kennistærðir rásalíkansins samkvæmt meðfylgjandi mynd.





Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- **KENNSLUBÓK: *Electric Machinery*. Höf: A.E. Fitzgerald, C. Kingsley, S.D. Umans, McGraw-Hill, 2003**
- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.



Jafnstraumsvélar

(Direct current or DC machines)



UNIVERSITY OF ICELAND

Simple DC Motor

- Á myndinni til hliðar sjást fjölmargar gerðir af mismunandi einföldum jafnstraumsmótorum






Grunnhegðun jafnstraumsvélar í stöðugu ástandi

(Basic Characteristics of the Direct
Current Machine in Stationary
Operation)



Skilgreining hugtaka á jafnstraumsvél

- Við skilgreinum eftirfarandi hugtök fyrir rótorvafning (akkeri):
 - **Leiðari** (conductor) er önnur hliðin í *slaufu* sem vafin er á rótor jafnstraumsvélar sbr. mynd.
 - **Slaufa** (turn) er samtenging 2 *leiðara* í annan endann á rótor jafnstraumsvélar til að mynda lokaða rás
 - **Spóla** (coil) er raðtenging á mörgum *slaufum*





UNIVERSITY OF ICELAND



Skilgreining hugtaka (2)

- Viðbótarhugtak:
 - **Vafningur** (windings) er samsíðatenging á mörgum *spólum* í margar *samsíða rásir* á rótor vélarinnar.
 - Fjöldi af **slaufum** í hverri **spólu** er n
 - Fjöldi **samsíða rása** þ.e. Fjöldi **hliðtengdra spóla** er a
 - Þá er fjöldi af slaufum:
 $N = an$

Spóla

Fjöldi af **slaufum** í þessari **spólu** er: N/a

Vafningur







UNIVERSITY OF ICELAND

Skilgreining tákna

- Við stillum upp líkani af jafnstraumsvél og skilgreinum eftirfarandi tákna:
 - E_a er spenna yfir alla akkerisvafninga
 - e er spenna yfir hvern leiðara
 - e_t er spenna yfir hverja slaufu
 - Segulflæðið er Φ á hvern pól
 - l er lengd rótors (akkeris) inn í þverskurðarmyndina
 - x er vegalengd sem segulflæðið sker eftir hringferli í loftbilinu
 - r er rádius rótors
 - B er sviðsstyrkur í loftbilinu
 - Hornhraðinn er ω á snúningi rótors
 - v er hraði á yfirborði rótors
 - p er fjöldi póla
 - A er flatarmál á hvern pól
 - N er fjöldi af slaufum í akkeri
 - a er fjöldi samsíða rása í akkeri





UNIVERSITY OF ICELAND

Líkan af jafnstraumsvél

- Þá fást eftirfarandi jöfnur:

$$e = \frac{d\Phi}{dt} = B \cdot l \cdot \frac{dx}{dt} = B \cdot l \cdot v$$

$$e_t = 2e = 2B \cdot l \cdot v = 2B \cdot l \cdot \omega \cdot r$$

- Nú er

$$A = \frac{2\pi r l}{p}$$

$$B = \frac{\Phi}{A} = \frac{\Phi p}{2\pi r l}$$

- Þá fæst

$$e_t = \frac{\Phi p}{2\pi r l} 2l\omega r = \frac{\omega\Phi p}{\pi}$$


$$E_a = \frac{N}{a} e_t = \frac{N}{a} \cdot \frac{\omega\Phi p}{\pi}$$

- Þar sem

$$K_a = \frac{Np}{\pi a}$$

Þá fæst:

$$E_a = K_a \Phi \omega$$







UNIVERSITY OF ICELAND

Skilgreining frekari tákna

- Við skilgreinum til viðbótar eftirfarandi tákna:
 - f_c er kraftur sem verkar á hvern leiðara
 - i_c er straumur í hverri samsíða rás vélarinnar
 - I_a er heildarstraumur í akkerisvafningum
 - T_c er vægi á hvern leiðara
 - T er heildarvægi á rótorinn





UNIVERSITY OF ICELAND

Líkan af jafnstraumsvél

- Við getum einnig skoðað vægið sem fall af straumi vélarinnar:

$$f_c = B \cdot l \cdot i_c$$

- Vægi er “kraftur sinnum armur”

$$T_c = f_c \cdot r = B \cdot l \cdot \frac{I_a}{a} \cdot r$$

- Þar sem

$$i_c = \frac{I_a}{a}$$

- Þar sem

$$A = \frac{2\pi r l}{p} \quad \text{fæst} \quad B = \frac{\Phi}{A} = \frac{\Phi p}{2\pi r l}$$

- Þess vegna er

$$T_c = \frac{\Phi p}{2\pi r l} \cdot \frac{l I_a r}{a} = \frac{I_a \Phi p}{2a\pi}$$

- Nú er $T = 2NT_c = 2N \frac{I_a \Phi p}{2a\pi}$

fæst

$$T = K_a \Phi I_a$$


$$k = K_a \Phi$$

- ...og þar sem

$$K_a = \frac{Np}{\pi a}$$

$$T = k I_a$$

$k =$ vægisstuðull (Torque constant)
mælist t.d. fyrir litla mótora í mNm/A





Vægi í jafnstraumsvél

- Vægi í jafnstraumsvél er því beint háð eftirtöldum meginþáttum
 - **Straumnum** I_a í vélinni
 - **Segulflæðinu** Φ í vélinni sem er stýrt sérstaklega af sviðsvafningum og segulmögnunarstraumi
 - **Fasta**, K_a sem er háður víddum og hönnun vélarinnar

$$T = K_a \Phi I_a$$

$$I_a$$

$$\Phi$$

$$K_a$$



Samantekt

UNIVERSITY OF ICELAND

- Við höfum því fengið 2 **meginjöfnur** sem lýsa á einfaldan hátt hegðun vélarinnar í stöðugu ástandi:
 - **Sami fastinn**, K_a gildir í báðum jöfnunum
 - Fyrri jafnan lýsir hegðun vélarinnar sem **jafnstraumsmótor** þ.e. því vægi, T sem verkar á rótor þegar straumur, I_a fer um vafninga hans
 - Seinni jafnan lýsir hegðun vélarinnar sem **jafnstraumsrafala** þegar rótor er snúið með tilteknum hornhraða ω og vafningar rötors verða spennugjafi (E_a)

$$T = K_a \Phi I_a$$

$$E_a = K_a \Phi \omega$$



Lynch motor


Dæmi um jafnstraumsmótor




UNIVERSITY OF ICELAND

The Lynch motor

- The **Lynch motor** is a flat (*pancake*) axial gap permanent magnet DC motor invented by Cedric Lynch



light







UNIVERSITY OF ICELAND

Helstu möguleikar fyrir snúningshreyfingu rafmagnsvéla


- Myndin sýnir helstu möguleika fyrir snúningshreyfingu rafmagnsvéla
- Tilfelli a er algengasta og almennasta tilfallið
- Hvernig á aflflutningur sér stað um loftbilið milli stators og rótors? Hann fæst með notkun sviðs sem flytur afl og orku milli þessara hluta vélarinnar




(a)



(b)



(c)



(d)

Heimild: "Brushless permanent motor design" eftir D Hanselman



Rotation speed and torque

- Current in the armature is as follows

$$I_a = \frac{T_e}{K_a \Phi}$$

- We get the following formula for the armature circuit

$$E_a = V_t - I_a R_a$$

$$E_a = K_a \Phi \omega$$

- Therefore

$$\omega = \frac{V_t - I_a R_a}{K_a \Phi}$$

$$T_e = K_a \Phi I_a$$

$$I_a = \frac{T_e}{K_a \Phi}$$


$$\omega = \frac{V_t}{K_a \Phi} - \frac{T_e R_a}{(K_a \Phi)^2}$$

- Therefore we get the following characteristics of the lynch motor



Lynch motor –performance graphs

- 71RPM/Volt at 48V
- This characteristics of the lynch motor are shown at right






Lynch motor –performance graphs

(2)

UNIVERSITY OF ICELAND

- 71RPM/Volt at 72V
- 6000 rpm max
- 16kW continuous power
- 30kW 5 second peak power





Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.
- **Salient Pole Permanent Magnet Axial-Gap Self-Bearing Motor , Quang-Dich Nguyen and Satoshi Ueno, Source: Magnetic Bearings, Theory and Applications, Book edited by: Bostjan Polajzer, ISBN: 978-953-307-148-0, Publisher: InTech, Publishing date: October 2010**





SEGULMÖGNUN JAFNSTRAUMSVÉLA

(Magnetization of Direct Current
Machines)



Einföld rásamynd af jafnstraumsvél


- Einföld rásamynd af jafnstraumsvél lítur þannig út: 
- Rásamyndin samanstendur úr 2 hlutum:
 - Sviðsrás (Field circuit)
 - Akkerisrás (Armature circuit)
- Þessar rásir er unnt að tengja saman með ýmsu móti til segulmögnunar vélarinnar, sbr. næstu skyggnu






Mismunandi aðferðir við segulmögnun jafnstraumsvélar


- Jafnstraumsvélar eru:
 - Sérsegulmagnaðar
 - Sjálfsegulmagnaðar
 - Samsíða segulmögnun (“shunt”)
 - Seríusegulmögnun
 - Samsett segulmögnun (compounded machine)
 - “Long shunt”
 - “Short shunt”




Sérsegulmögnun




Seríusegulmögnun




Samsíða segulmögnun



Samsett segulmögnun



“Short shunt”



“Long shunt”




Segulmögnun jafnstraumsvélar


- Í jafnstraums-vél með samsetta segulmögnun (compounded machine) getur **seríu**vafningurinn hjálpað -- eða -- unnið á móti **samsíða** vafningnum eftir því hvort vafningastefnurnar eru í **sömu átt** eða **gagnstæða átt**.

Við tölum um:

- **Cumulative** compound machine
- **Differential** compound machine



“Short shunt”




“Long shunt”



UNIVERSITY OF ICELAND

Kennilínur fyrir úttakið á jafnstraumsvélinni


- Almennt geta kennilínur er tengja saman **straum** (I_t) og **spennu** á útgangi vélarinnar (miðað við málstærðir) V_t litið út með mismunandi móti:
 - Shunt
 - Separate exited
 - Compound
 - Series





Samband vægis og snúningshraða fyrir samsetta segulmögnun


- Samsett segulmögnun hefur einnig áhrif á **kennilínu vægis og snúningshraða:**
 - Differential Compound
 - Separately excited
 - Cumulative Compound
 - Series motor





Jafnstraumsvélin

Hliðstæð mynd (úr kennslubók, FKU) og á fyrri skyggnu







UNIVERSITY OF ICELAND


Sjálfssegulmögnuð vél

- Rásamynd fyrir sjálfssegulmagnaða vél er sýnt efst t.h.
- Gerum ráð fyrir að **akkerisviðnámið**, R_a sé **hverfandi** miðað við viðnámið í **segulmögnunarfvingum** vélarinnar enda afluð og straumurinn til að ná fram segulmögnun margfalt minna en afluð í gegnum **akkerið**
- Myndin neðst t.h. sýnir kennilínur annars vegar fyrir akkerið (sveigð lína) og hins vegar fyrir segulmögnunarrásina (bein lína). Vinnupunkturinn er **skurðpunktur** þessara ferla og honum má breyta með breytilega viðnáminu í segulmögnunarrásinni. Við sjáum skilgreiningu s.k. **Krítískt sviðsrásaviðnáms (Critical Field Circuit Resistance)** sem er það **hámarksviðnám** sem má vera í rásinni til að ná upp segulmögnun fyrir vélin.





Flokkun jafnstraumsvéla





Einfalt ástandslíkan af jafnstraumsvél

(A simple mathematical state-space model of a direct current machine)



A Two Pole DC Motor

- Jafnstraumsvélin getur haft 2 eða fleiri póla. Vafningarnir á statornum mynda sviðið. Myndin sýnir 2 póla vél




Figure 16.10 Cross section of a two-pole dc machine.



4 póla jafnstraumsvél (A Four Pole DC Motor)

- Hliðstæð mynd fyrir 4 póla vél




Figure 16.11 Cross section of a four-pole dc machine.



Ástandslíkan af sérsegulmagnaðri vél í stöðugu ástandi

- Myndin t.h sýnir rásamynd (ástandslíkan í stöðugu ástandi) fyrir **sér-segulmagnaða jafnstraumsvél**. Þá er sérstakur spennugjafi notaður til að segulmagna vélin og segulmögnunarrásin er aðskilin frá akkerisrásinni
- Við getum skrifað jöfnur (sem áður voru leiddar út) er lýsa þessum rásum og þar með vélinni í stöðugu ástandi:

- Fyrir akkerisrásina fæst:

$$E_a = K_a \Phi \omega = k\omega$$


$$E_a + I_a R_a = V_t$$

$$T = K_a \Phi I_a = kI_a$$

- Fyrir segulmögnunarrásina fæst:

$$V_f = R_f I_f$$

$$R_f = R_{fc} + R_{fw}$$



Fastarnir í jöfnunum eru:

$$K_a = \frac{Np}{\pi a}$$

$$k = K_a \Phi = \frac{Np\Phi}{\pi a}$$



Hreyfifræðilegt ástandslíkan af sérsegulmagnaðri vél

- Líkanið fyrir stöðugt ástand breytist lítillega þegar tekið er tillit til **hreyfifræðilegra** fyrirbæra í vélinni:
- Í fyrsta lagi þarf að taka tillit til spans, L , í akkerisrásinni þar sem straumur er ekki lengur fasti. Þá verður jafnan fyrir akkerisrásina þessi:
- Í öðru lagi þarf að taka tillit til **hreyfihegðunar** akkerisins, sem hefur tiltekinn massa og tregðuvægi (Moment of inertia). Þá fæst eftirfarandi jafna
- Sömu jöfnur og áður gilda um
 - samband spennu og hraða
 - samband vægis og straums
- Fastarnir K_a og k í jöfnunum eru sömu og áður
- Þessar 4 jöfnur lýsa hegðun vélarinnar þegar hún er sérsegulmögnuð og segulflæðið, Φ er fasti. Þær mynda því **hreyfifræðilegt ástandslíkan**.
- (T_m er hér vægi frá álagi og B er dempunarstuðull. J er tregðuvægi og ω snúningshraði. Nú heitir vægið frá vélinni, T_e í stað T)

$$E_a + I_a R_a + L \frac{dI_a}{dt} = V_t$$

$$J \frac{d\omega}{dt} = T_e - T_m - B \cdot \omega$$

$$E_a = K_a \Phi \omega = k \omega$$




$$T_e = K_a \Phi I_a = k I_a$$



UNIVERSITY OF ICELAND

SIMULINK-hermun


- Notum SIMULINK og setjið MATLAB pakkann frá <http://www.ece.umn.edu/users/riaz/> inn á tölvu ykkar til að líkja eftir vélinni og smellið á “DC Motor drives” í glugganum t.h.
- Veljið fyrstu hermunina samkvæmt glugganum hér að neðan
- Þá birtist líkanið sem sýnt er hér á eftir. Hægrismellið á “DC motor” og veljið “Look under mask”





Simulink-líkan af jafnstraumsvél

Þá birtist hreyfifræðilegt ástandslíkani sem er sett fram sem blokk-mynd:




Þetta er hluti af hermun með SIMULINK frá heimasíðunni
<http://www.ece.umn.edu/users/riaz/>



UNIVERSITY OF ICELAND

SIMULINK-hermun DC-vélar

- Hermunin byggist á að athuga breytingu á vægi frá álagi við tímann $t = 0,1$ sek þar sem það minnkar úr 1 einingu í $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{2}$ einingu. (2 tilfelli breytinga við $t = 0,1$ sek)
- Þá fást eftirfarandi myndir af straumnum og snúningshraða sem fall af tíma fyrir fyrstu 1,4 sek
- Hraðinn eykst þegar álagið minnkar með tilteknum tímafasta.
- Við tímann $t = 0,6$ sek minnkar spennan V_t úr 0,8 einingum í 0,7 einingar. Þá minnkar straumurinn snögglega en eykst síðan aftur. Hvers vegna!!?
- Hraðinn minnkar varanlega. Hvers vegna!!?





Stýring vélarinnar og samband snúningshraða og vægis

- **Samband snúningshraða, ω og vægis, T_e** er áhugavert út frá þörfinni til að stýra vélinni þannig að hún gegni sínu hlutverki við tiltekna aðstæður, snúist á réttum hraða og gefi rétt vægi:

- Skoðum jöfnu úr ástandslíkani vélarinnar við stöðugt ástand

$$E_a = V_t - I_a R_a$$

- Nú gildir eftirfarandi samband

$$\omega = \frac{V_t - I_a R_a}{K_a \Phi}$$

- ..og því fæst.

- Einnig gildir eftirfarandi jafna um vægið,

$$T_e = K_a \Phi I_a$$

- ...þ.e.a.s

$$I_a = \frac{T_e}{K_a \Phi}$$

- Þessari jöfnu er stungið inn í fyrri jöfnu og þá fæst jafna sýnir **samband snúningshraða og vægis** sem við getum teiknað upp á næstu skyggnu:


$$\omega = \frac{V_t}{K_a \Phi} - \frac{T_e R_a}{(K_a \Phi)^2}$$



Stýring vélarinnar og samband snúningshraða og vægis

- Samband snúningshraða og vægis er sýnt með meðfylgjandi jöfnu og á myndinni fyrir neðan.
- Jafnan sýnir að hraði minnkar þegar vægið eykst, þar sem allir liðir jöfnunnar (V_t, Φ, R_a, K_a) eru jákvæðar stærðir
- Einnig sést að það eru 3 möguleikar til að stýra jafnstraumsvél, t.d. með aflrafeindatækni, þ.e. með því að breyta eftirfarandi stærðum:
 - Spenna, V_t
 - Segulflæði, Φ
 - Viðnám akkerisrásar, R_a
- Þetta verður nánar skoðað síðar í þessu námskeiði

$$\omega = \frac{V_t}{K_a \Phi} - \frac{T_e R_a}{(K_a \Phi)^2}$$







UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnstraumsvélin sem segulrás

- Efst sjáum við lauslega skissu af jafnstraumsvélinni
- Neðst sjáum við segulrás fyrir þessa vél með 2 loftbilum, hvort með segulviðnáminu R_g auk segulviðnáma fyrir hvern hluta kjarnans








UNIVERSITY OF ICELAND

Mettun í segulrás jafnstraumsvélar

3 mismunandi framsetningar


- Efsta myndin sýnir mettunarferil í sambandi segulflæðis (Φ) og segulkrafts, (F_p)
- Á myndinni t.h þar fyrir neðan hefur mettunarferlinum verið breytt í samband spennu frá akkeri (E_a) og segulkrafts (F_p)
- Neðsta myndin sýnir E_a og I_f






Mettun í segulrás jafnstraumsvélar


- Myndirnar hér á eftir sýna hliðstæða ferla en með s.k. **loftbilslínu**, (air gap line), þ.e. línu sem sýnir samband stærðanna ef kjarninn hefur alltaf sömu (óendanlegu) leiðni og loftbilið eitt hefur áhrif á samband stærðanna



(a)



(b)




(c)



UNIVERSITY OF ICELAND

Slaufa, spóla og vafningar




- Rifjum upp lykilhugtök
 - Leiðari eða slaufuhlið (Conductor. Turn side)
 - Slaufa (Turn)
 - Spóla (Coil)
 - Vafningar (Windings)
- Þessi hugtök mynda n.k. stigveldi í hönnun og greiningu þessa hluta jafnstraumsvélarinnar





Slaufa, spóla og vafningar

- Mynd af spólu er samanstendur af nokkrum slaufum eða samsíða leiðurum
- Hér sést vafningur á jafnstraumsvél samsettur úr mörgu spólum







UNIVERSITY OF ICELAND

Spólur í jafnstraumsvél

- l er lengd spólunnar fram hjá pólsvæðinu (pole face)
- N_c er fjöldi af slaufum í spólunni. Slaufurnar eru einangraðar hver frá annarri.
- Spólurnar eru vafðar með mismunandi lögum af einangrandi og verndandi efni








Akkerið

Halli (skewing)

- Traditional method: stacked steel laminations; slotted armature
- Slots are not parallel to the motor shaft - skewing or skew winding





One winding





UNIVERSITY OF ICELAND

Lykkjuvöf





Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- T. Wildi: “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.
- Heimasíða frá University of Minnesota:
<http://www.ece.umn.edu/users/riaz/>



Samsetning á vafningum og straumskipti í jafnstraumsvélum


(Windings and commutation in DC
machines)



UNIVERSITY OF ICELAND

Straumskiptar

- Raunveruleg jafnstraumsvél hefur flóknari uppbyggingu vafninga en skissurnar í fyrri einföldum “skólabókardæmum”
- **Efri myndin** (Sjá bls 364 FKU) sýnir hvernig straumur fer frá **burstum** í gegnum **straumskiptaskinnur** inn á 2 samsíða rásir,
 - Straumur fer fyrst inn á straumskiptaskinnu nr 1 en klofnar í 2 rásir
 - Önnur rásin fer í innri spólu í rauf 1 og út úr rauf 7
 - Hin fer í ytri spólu í rauf 6 og kemur út úr ytri spólu í rauf 12
 - Báðir straumar koma saman í skinnu nr 7
- Á **neðri myndinni** hafa spólur í raufum 1 og 7 verið skammhleyptar.
- Á næsta augnabliki þar á eftir snýst straumurinn við í þessum spólum.






Straumskiptar

UNIVERSITY OF ICELAND


- Við sjáum t.d. á efri myndinni að stefna straumanna t.d. milli **skinna nr 1,2,3,... í átt til raufa 1,2,3** er **gagnstæð** miðað við
- ... stefnu straumanna milli **skinna nr 10,11,12 og raufa 10,11,12**
- **Hvað gerist þegar rótorinn snýst í gefna snúningsstefnu?**





UNIVERSITY OF ICELAND

Jafnstraumsvélin



- Á fyrri skyggnum sáum við strauminn snúast við í tilteknum spólum á stuttum tíma og þetta getur valdið háum spanstraumum skv. lögmáli Faradays

$$v = L \frac{di}{dt}$$



- Myndin sýnir hvernig straumar skipta um stefnur og grá svæðið er sá tími þegar spólurnar eru skammhleypar. Þessi tími má ekki vera meiri en svo að breytingin á straumnum á sek valdi ekki hárrí spennu yfir spólurnar og hugsanlegu neistaflugi samkvæmt jöfnunni:



UNIVERSITY OF ICELAND

Einföld 2 póla vél með 1 slaufu

- Skoðum nú aðeins aðra uppbyggingu vafninga. Efri myndin sýnir einfalda vél með 2 pólum og **einni slaufu** á rótor
- V_f er segulmögnunarspennan sem umvefur pólana
- v_c er spennan yfir slaufuna
- V_a er spennan sem kemur eftir straumskipti
- Φ_p sýnir flúxinn sem fer um kjarnann og loftbilið
- Neðri myndin sýnir sviðsstyrkinn sem umlykur spóluna. Þetta leiðir til spennu..





UNIVERSITY OF ICELAND

Straumskiptir

- Við “fletjum út” yfirborð rótors skv. mynd
- Spennan milli skinna þ.e. yfir vafninga, v_c er samsett úr v_1 og v_2 , þ.e.



$$v_c = v_1 + v_2$$

- Vegna straumskiptisins verður:

$$V_a = v_c \quad 0 < \omega_m t < \frac{\pi}{2}$$

$$V_a = -v_c \quad \frac{\pi}{2} < \omega_m t < \frac{3\pi}{2}$$

$$V_a = v_c \quad \frac{3\pi}{2} < \omega_m t < 2\pi$$







UNIVERSITY OF ICELAND

2 póla vél með 2 slaufum

- Við skoðum nú vél með 2 pólum og 4 skinum með mynd til h.
- Efri myndin sýnir þessa einföldu vél **2 samsíða slaufum** á rótor
- v_c er spennan yfir vafninga sem samsett er úr v_1, v_2, v_3 og v_4
- V_a er spennan sem kemur eftir straumskipti
- Neðri myndin sýnir sviðsstyrkinn sem umlykur slaufurnar






Straumskiptir á ofangreindir vél

- Tengimynd vafninganna er sýnd á myndinni til hægri sem hafa nú 2 samsíða rásir
- Spennan milli bursta, V_a er nú samsett úr v_1, v_2, v_3 og v_4 . Hver af þessum spennum er samsett úr þáttum fyrir hverja spóluhlið

Straumskiptaskinnurnar og vafningar (spólur)
hreyfast saman með hornhraðanum ω_m





UNIVERSITY OF ICELAND

Straumskiptir

- Vegna straumskiptisins verður:


$$V_a = v_1 + v_2 \quad 0 < \omega_m t < \frac{\pi}{2}$$

$$V_a = v_4 + v_1 \quad \frac{\pi}{2} < \omega_m t < \pi$$

$$V_a = v_3 + v_4 \quad \pi < \omega_m t < \frac{3\pi}{2}$$



$$V_a = v_2 + v_3 \quad \frac{3\pi}{2} < \omega_m t < 2\pi$$

- Efsta línuritið verður niðurstaðan





UNIVERSITY OF ICELAND



Lykkjuvöf/Ölduvöf

DRÖG





UNIVERSITY OF ICELAND

Lykkjuvöf/ölduvöf

- **Skoðum helstu möguleika við að setja saman vafninga á rótor:**
 - **Lykkjuvöf** (Lap winding) koma til baka í “lykkjum” í næstu skinnu á rötornum eins og myndin sýnir, óháð fjölda póla
 - **Ölduvöf** (Wave winding) fara eins og bylgja eða alda eftir yfirborði rötorsins (sbr. mynd)
 - Einnig til s.k. “**frog-leg winding**” er sameinar á vissan hátt lykkjuvöf/ölduvöf

Lykkjuvöf




Ölduvöf




Framsækinn/baksækinn vafningur í lykkjuvöfum

- Ef lykkjan er tengd næsta vafningi **áfram** miðað við þann vafning sem lykkjan byrjaði í er talað um **framsækinn vafning** (progressive winding)
- Ef lykkjan er tengd næsta vafningi fyrir aftan þann vafning sem lykkjan byrjaði í er talað um **baksækinn vafning** (retrogressive winding)




Framsækinn vafningur
("progressive winding")



Baksækinn vafningur
("retrogressive winding")



Framsækinn vafningur
("progressive winding")





Dæmi um lykkjuvöf

Athugum einstakar slaufur og samsetningu þeirra og hvernig lykkjurnar færast eftir hringferlinum. Myndin t.v. sýnir 6 póla vél (Pólarnir eru nefndir: S1, N1, S2, N2, S3, N3)








UNIVERSITY OF ICELAND

Lykkjuvöf (Lap windings)

- Gerum ráð fyrir fjölda póla = p
- (Á myndinni er $p = 4$, nefndir S,N,S,N)
- **Lykkjuvöf** fara “til baka” í lykkju og tengjast næstu skinnu við hlið upprunalegu skinnunnar
- Öllum slaufunum er skipt í svæði milli bursta og milli + og – eru $1/p$ -ti hluti allra slaufa.
- **Fjöldi samsíða rása fyrir rótor með lykkjuvöfum er jafn fjölda póla (= 4 hér)**



Táknmynd






4 pólar og samsíða rásir



UNIVERSITY OF ICELAND

Ölduvöf (Wave windings)

- Gerum enn ráð fyrir fjölda póla = p (Á myndinni er $p = 4$)
- **Ölduvöf** vefjast áfram eins og bylgja eftir hringferlinum
- Milli 2 skinna eru $p/2$ spólur tengar í seríu (Græni ferillinn er $4/2=2$ spólur, rauði ferillinn einnig)
- Milli 2 bursta er alltaf $1/p$ hluti af **straumskiptaskinum** ($1/4$ hér)
- Fjöldi af spólum milli bursta er því alltaf $(p/2)(1/p)=1/2$, þ.e. helmingur allra spóla.
- **Fjöldi samsíðra rása fyrir rótor með ölduvöfum er því alltaf 2 !!**






Ölduvöf-dæmi

UNIVERSITY OF ICELAND

- Annað dæmi um **ölduvöf** sem sýnir hvernig þau mynda bylgju eftir hringferlinum. Myndin sýnir 4 póla vél (N,S,N,S)







UNIVERSITY OF ICELAND

Lykkjuvöf-dæmi

- Annað dæmi um 4 póla lykkjuvafinn rótor. Þar sem um lykkjuvöf er að ræða, er fjöldi póla=fjöldi samsíða rása. **Hér eru því 4 samsíða rásir** sbr næstu mynd og á þessar rásir er unnt að setja **jöfnunarskinnur (Equalizer bars)**






UNIVERSITY OF ICELAND


Lykkjuvöf-dæmi

- **Jöfnunarskinnur** (equalizer bars) í lykkjuvafinni jafnstraumsvél til að jafna straum og spennufall yfir rótorvafningana



Jöfnunarskinnur

- Rásamynd fyrir rótor með jöfnunarskinnum





Frekara ítarefni - Tilvísanir - Heimildir

- **J.J Cathey:** “*Electric Machines, Analysis and Design Applying Matlab*”, McGraw-Hill, 2001
- **T. Wildi:** “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.
- **Heimasíða frá University of Minnesota:**
<http://www.ece.umn.edu/users/riaz/>
- **S.J.Chapman:** “*Electric Machinery Fundamentals*” 4th ed., McGraw-Hill, 2005



Straumskipti í jafnstraumsvél, frh.


(Commutation in DC machines)

Skoðum dæmi um straumskipti og sjáum hvernig spennan yfir akkerið fellur við straumskipti.



Dæmi um straumskipti (1)

- Við skoðum hér dæmi um vél sem hefur 2 póla (merktir N,S), 4 raufar í akkeri, 4 slaufur og 2 samsíða rásir, sbr mynd
- Slaufurnar fjórar eru merktar:
 - 1 til 1'
 - 2 til 2'
 - 3 til 3'
 - 4 til 4'
- Straumskiptaskinnur eru 4 og merktar a,b,c,og d
- Burstarnir eru merktir x og y og milli þeirra er spennan E , sbr myndina




Við búum til einfalda rásamynd eða skýringarmynd til að lýsa þessari vél. Sjá næstu skyggnu.



Dæmi um straumskipti (2)

- Rásina í þessari vél er þannig unnt að sýna með meðfylgjandi skýringarmynd
- Myndin sýnir 2 samsíða rásir milli bursta sem á tilteknu augnabliki tengjast skinum a og c
- Straumskiptaskinnur b og d eru ekki tengdar burstum, eru í “lausu lofti” á þessu augnabliki
- Spenna yfir hverja slaufu er $2e$ og yfir hverja slaufuhlið (turn side) er hún e . Við sjáum að spennan milli bursta er $E = 4e$






UNIVERSITY OF ICELAND

Dæmi um straumskipti (3)

- Hér er tengimynd um fyrirkomulag vafninga í þessu dæmi, þegar rótor hefur verið “flattur út”. Þessa tengimynd er kunnugleg mynd sem lýsir **ölduvöfum** (eins og áður hefur verið lýst)









Dæmi um straumskipti

(4)

- Við skoðum nú nánar 3 augnablik í snúningi fyrir vélina.** Ath. að 4 raufar eru á rótor, hver með 2 leiðurum. **Hornið sem lýsir snúningi rótors er hér $\theta = 0$ gráður.** Spennan $e_a (=E)$ er nú $4e$ þar sem e er spenna yfir leiðara (slaufuhlið). **Spennan á eftir að snúast við í slaufum 1;1' og 3;3' (sjá næstu skyggjur)**







UNIVERSITY OF ICELAND

Dæmi um straumskipti

(4)

- Myndin hér til hliðar sýnir augnablik, þegar hornið er $\theta = 45$ gráður. Athugum að spennan e_a hefur fallið í 50% þ.e. er nú $2e$ (í stað $4e$)







Dæmi um straumskipti

(5)

- Nú er hornið orðið $\theta = 90$ gráður og spennan er aftur orðin $4e$ þ.e. Sama og upprunalegt gildi





Jafnstraumsvél

- Kostir
 - Einfalt líkan
- Ókostir:
 - Burstarnir!!
- **Spáð hefur verið oft að tími jafnstraumsvélarinnar sé liðinn! Hefur ekki staðist!!**



UNIVERSITY OF ICELAND

Fjórþætt virkni mótors

$$E_a = K_a \Phi \omega$$

$$T = K_a \Phi I_a$$

Rafalabremsun í
jákvæða snúningsstefnu
(Regenerative braking)

$$(\omega > 0) \quad (T < 0)$$

Mótor í **jákvæða**
snúningsstefnu

$$(\omega > 0) \quad (T > 0)$$

Mótor í **neikvæða**
snúningsstefnu

$$(\omega < 0) \quad (T < 0)$$


Rafalabremsun í

neikvæða

snúningsstefnu

(Regenerative braking)

$$(\omega < 0) \quad (T > 0)$$






Jafnstraumsvélin - nokkrar ályktanir

- Innri straumar í jafnstraumsvélinni eru riðstraumar (AC) en séð utan frá byggir vélin á jafnspennum/jafnstraumi (DC) vegna áhrifa straumskiptanna sem eru nk. “mekanískir afriðlar”.
- Straumskiptarnir eru í raun af- eða áriðlar er byggja á vélfræðilegum (mekanískum) aðferðum og umbreyta milli jafn- og riðstraums (AC/DC). (Sbr. nútímaaðferðir við af/áriðlun með rafeindatækni)
- Grunngerð vélarinnar er mjög einföld en hönnun raunverulegrar vélar er flókin og einföld grunngerð villir okkur e.t.v. sýn á hvernig vélin vinnur
 - Fyrirkomulag vafninga og samsetning þeirra er flókið fyrirbæri í raunverulegir vél
 - Straumskiptarnir, áhrif þeirra og hvernig þeir vinna og virka getur verið flókið fyrirbrigði í raunverulegri jafnstraumsvél
- Samspil sviðsstrauma og akkerisstrauma veldur einnig að vélin er flóknari en virðist við fyrstu sýn. Þetta samspil kallast **akkerisáhrif (Armature reaction)**. Rifjum það upp og útvíkkum hér á eftir.



Akkerisáhrif í jafnstraumsvélum (Upprifjun og nánari umfjöllun)


Armature reaction in DC
machines





Akkerisáhrif í jafnstraumsvél (Dæmi nr 1)


- Dæmi um segulsviðslínur og dreifingu segulflæðis í jafnstraumsvél er sýnt á meðfylgjandi mynd. Hún sýnir sviðið sem myndast vegna straums í sviðsvafningum eingöngu
- Vélin er hönnuð þannig að sviðið í loftbilinu verði með tiltekna lögun eftir hringferlinum
- Ekki má hins vegar gleyma því að straumur fer einnig um vafninga á rótor (akkerisvafninga) og sá straumur veldur einnig sérstöku sviði





Magnetic flux distribution due to armature excitation only


- Myndin hér til hliðar sýnir þannig sviðið sem myndast vegna straums í akkerisvafningum eingöngu
- Við sjáum að sviðið gengur þvert á upprunalega sviðið og styrkir það á sumum svæðum innar vélarinnar og veikir það á öðrum svæðum.
- Samanlögð áhrif vegna upprunalega sviðsins er sviðsvafningar mynda og viðbragðanna er verða til við strauminn í akkerisvafningum nefnast akkerisáhrif (**armature reaction**)





Combined magnetic flux distribution due to armature and field

- Heildaráhrif beggja strauma eru sýnd á myndinni hér til hliðar er sýnir þannig sviðið sem myndast vegna **beggja strauma**, þ.e. í **akkerisvafningum** og **sviðsvafningum**
- Akkerisáhrifin hafa áhrif á rekstur vélarinnar. Hvernig þessi áhrif verða nákvæmlega verður síðar komið að.
- Munum eftir þessu mikilvæga hugtaki þ.e.: **Akkerisáhrif** (**Armature Reaction**)






UNIVERSITY OF ICELAND

Flux with only the armature excited and brushes on neutral. (Mynd 7.10 FKU)

- Myndin hér til hliðar (Mynd 7.10 FKU) sýnir sömu áhrif vegna akkerisstrauma eða rótorvafninga eingöngu og sýnir hvernig sviðið dreifist eftir hringferlinum á yfirborði rótors þegar hann hefur verið fluttur út.
- Ef akkerisáhrifin eru í sömu stefnu og sviðið vegna sviðsvafninga styrkist heildarsviðið, annars veikist það

Stator

Rótor






UNIVERSITY OF ICELAND

Akkerisáhrif í jafnstraumsvél (Dæmi 2)

- Myndin **efst** til hliðar sýnir sviðið sem myndast vegna straums í sviðsvafningum eingöngu.
- Við sjáum að segulflæði “streymir” vinstra megin inn á rótorinn frá norðurpólnum á stator og að segulsviðið er þvert á loftbilið!
- Segulflæði streymir til hægri frá rótor inn á suðurpólinn hægra megin á stator
- Við getum dregið “núllínu” sem aðskilur flæðið inn og út af rótor
- Myndin **neðst** til hliðar sýnir hins vegar sviðið sem myndast vegna straums í akkerisvafningum eingöngu.






UNIVERSITY OF ICELAND

Akkerisáhrif í jafnstraumsvél (Dæmi 2)

- Myndin sýnir samanlögð áhrif bæði sviðsvafninga og akkerisvafninga og sést að núlllínán sem aðskilur inn- og úttak segulflæðis inn og út hefur snúist til vinstri.
- Burstarnir eru stundum færðir til, til að þeir séu sem næst núlllínunni
- Einnig má sjá þennan snúning á fyrri skygnum






UNIVERSITY OF ICELAND


Akkerisáhrif og mettnun

- Við sjáum hvernig sviðið styrkist við neðri hluta pólsins og veikist við hinn hluta hans vegna akkerisáhrifanna
- **Skýrkingin sviðsins, B er minni en veikingin vegna mettnar mv. sömu breytingu í F og því þarf að auka sviðsstrauminn til að halda sömu segulmögnun**


Upprunalegt svið



veiking sviðs




styrking sviðs





Akkerisáhrif í jafnstraumsvél


- Við sjáum hér svipaðar myndir úr kennslubók (FKU)
- Armature-mmf and flux-density distribution with brushes on neutral and only the armature excited





UNIVERSITY OF ICELAND

- Armature, main-field, and resultant flux-density distributions with brushes on neutral.
- Mynd 7.11 FKU. Við sjáum í heildregnu línunni að sviðið styrkist við aðra hlið pólsins en veikist við hina!






Hjálparvöf og millipólar í jafnstraumsvél

Compensating windings and interpoles
in DC machines



Section of dc machine showing compensating winding. (Mynd 7.22, FKU)


- **Hjálparvöf** (compensating winding) eru á yfirborði pólsins gagnstætt akkerisvafningunum.





Hjálparvöf og millipólar

- **Hjálparvöf** (Compensating winding) eru til að milda akkerisáhrifin og þá metnun og ólínuleg áhrif sem frá þeim stafa
- **Millipólarnir** (Commutating windings) eru til að draga úr akkerisáhrifunum á straumskiptin og neistaflugi og öðrum óæskilegum áhrifum svo sem færslu burstann nálægt pólunum






Jafnstraumsvélin

- Uppbygging jafnstraumsvélar
 - Myndin sýnir stator jafnstraumsvélar með nokkrum pólum
 - Ath að s.k. **millipólar** (Interpoles, Commutating windings)) eru milli meginpólanna. Þessir millipólar bæta hegðun straumskiptisins og minnka neistaflug
 - **Hjálparvöf** (Compensating windings) eru settar á meginpólana til að auka sviðið við mikið álag.
 - Járnkjarninn er styrktur með ramma eða grind úr steypujárni.

- Uppbygging stators á jafnstraumsvél





UNIVERSITY OF ICELAND

Hjálparvöf

- Hjálparvöf eru á yfirborði póla

Sviðsvöf

Hjálparvöf



(c)




FIGURE 4.33 Compensating winding. (a) Developed diagram. (b) Schematic diagram. (c) Photograph. (Courtesy of General Electric Canada Inc.)


Mynd úr: Principles of Electric Machines and Power Electronics"; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons 1997.



Mynd af stator með millipólum og hjálparvafningum

- Enn dæmi á mynd um hjálparvöf

Figure 8-19 | The stator of a six-pole DC machine with interpoles and compensating windings. (Courtesy of Westinghouse Electric Company.)






Schematic connection diagram of a dc machine. (Mynd 7.24 FKU)

Vöf á millipól, til að minnka vandamál við straumskipti (commutation)

Við sjáum hér að lokum tengimynd vélarinnar með öllum áður nefndum vafningum



Sviðsvöf

Akkerisvöf

Hjálparvöf

Hjálparvöf



UNIVERSITY OF ICELAND



Jafnstraumsvélar með síseglum

Permanent magnet DC machines
(PMDC)




<http://www.maxonmotorusa.com/>



Cross section of a typical permanent-magnet motor. Arrows indicate the direction of magnetization in the permanent magnets.

(Mynd 7.17, FKU)

- Í jafnstraumsvélum með síseglum eru **engir sviðsvafningar á stator** heldur er sviðið búið til með sísegli. Myndin sýnir stefnu sviðsins í loftbilinu og raufar fyrir akkerisvafninga á rótor






Equivalent circuit of a permanent-magnet dc motor. (Mynd 7.20, FKU)

- Myndin sýnir rásamynd eða jafngildismynd fyrir vél með sísegli í stað sviðsvafninga og eru þeir nú **horfnir úr jafngildismyndinni**
- Sviðið og segulflæðið, Φ er ekki lengur breytilegt og háð straumi í sviðsvafningum **heldur er fasti**. Því breytast vinnujöfnur vélarinnar:

$$E_a = K_a \Phi \omega = K_m \omega$$

$$T = K_a \Phi I_a = K_m I_a$$





UNIVERSITY OF ICELAND

PMDC motor

- Myndin sýnir nokkrar jafnstraumsvélar með síseglum. (Engir sviðsvafningar á stator).



- Mynd úr bókinni: William H. Yeadon, P.E. and Alan W. Yeadon, P.E. (Eds); "HANDBOOK OF SMALL ELECTRIC MOTORS", McGraw-Hill, 2001



Jafnstraumsvél með sísegli

- Statorinn er yfirleitt ekki með útstandandi pólum eins og í “venjulegum” jafnstraumsvélum.




Figure 7.16 Disassembled permanent-magnet dc motor. A permanent-magnet ac tachometer is also included in the same housing for speed control. (*Buehler Products Inc.*)



Jafnstraumsvélar með sísegglum

- Á ensku: “Permanent Magnet DC Motor (PMDC)”
- Mjög vinsæl í þeim tilfellum þar sem þörf er á lágu snúningsvægi og góðri nýtni á því rými sem vélin tekur
- Segulsviðið er myndað á stator með notkun sísegla er mynda segulskaut með viðeigandi staðsetningu í vélinni og úr sérstöku járnsegulmögnuðu efni
- Engin þörf fyrir sviðsvafninga
- Vægisstuðull (Torque constant) K_{PM} er m.a. háður stærð og lögun mótorsins.



Jafnstraumsvélar með síseglum

Kostir:

- Minni og léttari vél en þegar sviðsvafningar eru notaðir
- Hátt vægi við gangsetningu vegna minni akkerisáhrifa
- Betri nýtni þar sem engin orkutöp eru í sviðsvafningum
- Samband vægis og hraðar (torque-speed) er u.þ.b. línulegt og þar með er auðvaldara að stýra vélinni


Gallar:

- Vélin getur afsegulmagnast!
- Afköst breytast á milli einstakra véla



Jafnstraumsvélar með sísegnum

- Rásalíkan í stöðugu ástandi



- Fyrir rásina gildir út frá straumlögmáli Kirchoffs:

$$V_s = E_a + R_a I_a$$

$$E_a = K_{aPM} \omega \quad T = K_{TPM} I_a$$

$$V_s = K_{aPM} \omega + R_a I_a$$

$$V_s = K_{aPM} \omega + R_a \frac{T}{K_{TPM}}$$


$$\omega = \frac{V_s}{K_{aPM}} - \frac{R_a}{K_{aPM} K_{TPM}} T$$



Jafnstraumsvélar með síseglum

- Vægi í kyrrstöðu, T_0 , og hraði án vægis, ω_0 eru:

$$T_0 = \frac{V_s}{R_a} K_{TPM} ; \quad \omega_0 = \frac{V_s}{K_{aPM}}$$



Þegar V_s er breytilegt, eru línur sem sýna samband vægis og hraða (þ.e. “vægis-hraða línurnar”) **samsíða beinar línur** (með sama halla)

T_0 og ω_0 breytast í samræmi við það



UNIVERSITY OF ICELAND

Printed Circuit Board (PCB) Motors

- PCB mótör er dæmi um PMDC mótör.
- Rótor (akkeri) er gerður úr einangrandi plötu þar sem koparleiðarar eru prentaðir á hringlaga plötuna
- Burstar eru á innri hlið rótorsins nálægt öxli
- Sitt hvoru megin við prentplötuna (rótor) eru nokkri sísegjar sem mynda tiltekinn fjölda póla.
- Segulflæðið og sviðið er í sömu stefnu og öxull en straumstefnan á rótor er frá öxli og út.
- Tregðuvægi rótors er lágt og hraði getur aukist hratt (0-4000 rpm á 10 ms) og afl er brot úr hestafli (“Fractional horsepower motor”)
- Notkun t.d í róbotum, lesurum o.sv.frv




FIGURE 4.66 PCB motor assembly. (Courtesy of PMI Motion Technologies.)



Nýtni í jafnstraumsvél

DC machine efficiency



Nýtni í jafnstraumsvél

- Nýtni, η , tiltekinnar einingar eða tiltekins tæknikerfis er ávallt skilgreind þannig:

$$\eta = \frac{P_{out}}{P_{in}} \times 100\%$$

- P_{in} er **aflinntak** kerfisins
- P_{out} er **aflúttak** kerfisins

- Nýtnina má einnig skilgreina:

$$\eta = \frac{P_{in} - P_{loss}}{P_{in}} \times 100\%$$



Nýtni í jafnstraumsvél

- Töp, P_{loss} í jafnstraumsvél eru aðallega eftirfarandi:
 - Kopartöp (eða I^2R töp), P_{cu}
 - Burstatöp, P_{br}
 - Kjarnatöp, P_{core}
 - Vélfræðileg töp (eða núningstöp), P_{mek}
 - Ýmis töp (Stray losses), P_{stray}
- Þ.e.....

$$P_{loss} = P_{cu} + P_{br} + P_{core} + P_{mek} + P_{stray}$$



Kopartöp (eða I²R töp)

- Kopartöp eru bæði í sviðsvafningum og akkerisvafningum
 - P_A eru töp í akkeri
 - P_F eru töp í sviðsvafningum
 - I_A er straumur í akkeri
 - I_F er straumur í sviðsvafningum
 - R_A er viðnám í akkeri
 - R_F er viðnám í sviðsvafningum

$$P_A = I_A^2 R_A$$

$$P_F = I_F^2 R_F$$

$$P_{cu} = P_F + P_A$$



Burstatöp (Brush losses)

- Burstatöp felast í því afli sem tapast vegna spennufalls milli bursta og straumskinna vegna akkerisstraumsins
 - P_{br} eru burstatöp
 - I_A er straumur í akker
 - V_{br} er spennufall milli bursta og straumskiptaskinnu

$$P_{br} = V_{br} I_A$$



Kjarnatöp (Core losses)

- Kjarnatöp felast í
 - Hvirfilstraumatöpum
 - Segulheldnitöpum (Hysteresis losses)



Vélfraeðilegtöp (Núningstöp)

- Vélfraeðilegtöp felast í tvennu
 - Núningstöpum (Friction losses)
 - Loftmótstöðutöp (windage losses)




Ýmis töp (Stray losses)

- Ýmis töp felast í því sem ekki er unnt að mæla þegar ofangreindir þættir hafa verið metnir og mældir eins vel og unnt er



Nýtni í jafnstraumsvél sem rafali


- Nýtni í jafnstraumsvélinni sem **rafala**





Nýtni í jafnstraumsvél sem mótör

- Nýtni í jafnstraumsvélinni sem **mótör**





Frekara ítarefni fyrir utan kennslubók

- **J.J Cathey:** “*Electric Machines, Analysis and Design Applying Matlab*”, McGraw-Hill, 2001
- **T. Wildi:** “*Electrical Machines, Drives and Power Systems*”, Prentice Hall, 2002
- “*Principles of Electric Machines and Power Electronics*”; höf.: P.C. Sen; 2. útgáfa: John Wiley & Sons, 1997.
- “*Electric Machines, Steady State Theory and Dynamic Performance*”, Höf.: M. S. Sarma, West Publishing Co., 1994
- “*Analysis of Electric Machinery and Drive Systems*”, 2nd Edition, Höf.: Paul C. Krause, Oleg Wasynczuk, Scott D. Sudhoff, Wiley/IEEE Press 2002.
- **Heimasíða frá University of Minnesota:**
<http://www.ece.umn.edu/users/riaz/>
- **S.J.Chapman:** “*Electric Machinery Fundamentals*” 4th ed., McGraw-Hill, 2005
- **N. Mohan:** “*Electric Drives, an Integrated Approach*”, MNPERE, Minneapolis, USA, 2003




Seríumótor

Series Universal Motor (SUM)



Seríumótör (1)

- **Seríumótör** er heiti á jafnstraumsvél þar sem sviðsvafningarnir eru tengdir í seríu við akkerisvafningana og sami straumur, I_a fer því um báða vafninga
